SIGURÐUR LÍNDAL

*Hljóp hálft maraþon sjötíu ára gamall*

heilsa nám

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




HÚSBYGGJANDINN

*Hús úr hvítum kubbum*

Sérblað um hús og framkvæmdir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

*Þéttbókaður fram að jólum*

Þorgrímur fer víða með nýja bók um samskipti kynjanna

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. október — 288. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Tónlistarsögur á tjaldið



Heimildarmyndir um hljómsveitir og tónlistarmenn sjaldan vinsælli.

FÓLK 24

### Brotasaga Páls Elíssonar



Bárður Ragnar Jónsson hefur skráð æviminingar Páls Elíssonar sem var þrjú ár á betrunarheimilinu á Breiðuvík.

FÓLK 30

### Ég er sjálfboðaliði

„Því í hjarta mínu veit ég að ég get gert svo miklu meira... ef ég hefði tíma, ef ég hefði orku...“ skrifar Ragnhildur Vigfúsdóttir.

Í DAG 16

### Feitir bitar til FH



Bikarmeistarar FH styrktu sig verulega í gær þegar markakóngur Landsbankadeildarinnar, Jónas Grani Garðarsson, og Víkingurinn Höskuldur Eiríksson sömdu við Fimleikafélagið.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ALMENNT VINDASAMT** - Í dag verður allhvöss og sums staðar hvöss suðvestanátt á vesturhelmingi landsins og sums staðar austan til með morgninum, annars hægari. Víða rigning eða skúrir en léttir til austan til í dag. Hiti 4-10 stig.

VEÐUR 4



**BARIST VIÐ ELDANA** Þúsundir slökkviliðsmanna hafa af litlum mætti reynt að bjarga verðmætum undan skæðum skógareldunum í Kaliforníu síðustu daga. Yfirvöld spá því að eldarnir muni aukast og verða verri en þeir sem geisuðu 2003 þegar yfir tvö þúsund heimili brunnu. Íslenskar fjölskyldur hafa þurft að yfirgefa heimili sín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íslendingar flýja undan skógareldum í Kaliforníu

**Skógareldarnir í Kaliforníu hafa færst í aukana síðustu daga. Fleiri hundruð þúsund manns flýja heimili sín og búist er við að ástandið muni versna. Íslenskar fjölskyldur hafa þurft að yfirgefa heimili sín í flýti.**

**HAMFARIR** Gífurlegir skógareldar geisa nú í Kaliforníu í Bandaríkjunum og hefur Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri lýst yfir neyðarástandi í sjö sýslum í suðurhluta ríkisins.

Tæplega 405 ferkílómetrar landsvæðis hafa brunnið í skógareldunum í San Diego-sýslu og þurftu 250.000 manns að yfirgefa heimili sín í gær.

„Það eru fleiri hús að brenna en við höfum mannskap og búnað til að berjast gegn,“ sagði slökkviliðsstjórinn í San Diego, Lisa Blake, í samtali við AP-fréttastofuna. „Margir eiga eftir að tapa heimilum sínum í dag.“

Fréttablaðið hafði í gær spurnir af tveimur fjölskyldum sem flúið höfðu heimili sín.

„Við fengum að vita fyrir um tíu mínútum að við þyrftum að rýma húsið okkar. Börnin eru komin út í bíl og við erum núna að safna saman því nauðsynlegasta,“ sagði Joel Valdez, sem flúði heimili sitt í gær ásamt íslenskri eiginkonu og þremur börnum.

„Skógareldarnir hafa gríðarleg áhrif á allt líf í Kaliforníu. Verslunum er lokað, hundruð þúsunda manna eru á flótta og San Diego er umkringd eldum sem eru stjórnlausir,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari, sem búsettur er nærri hættusvæðunum í San Diego. Hann segir skólahald falla niður í dag vegna ástandsins. Fólk sé farið að hamstra mat og vatn og Rauði krossinn hafi opnað neyðarskýli.

Engar flugvélar komust á loft í gær vegna vindanna og búist var við að herinn yrði kallaður út um eftirmiðdaginn.

Þá tilkynntu yfirvöld að eldarnir myndu aukast og að þeir yrðu öllum líkindum verri en Cedar-eldarnir sem geisuðu á sama svæði árið 2003, þar sem 1.134 ferkílómetra svæði og 2.232 heimili urðu eldinum að bráð.

**- eb, sdg / sjá síðu 8**

Drög að samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Engergy Invest:

# Til stóð að semja til tíu ára

**ORKUMÁL** Samkvæmt drögum að samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Reykjavík Energy Invest (REI), sem kynnt voru sem umræðuskjöl á stjórnarfundum REI, var gert ráð fyrir samningi til tíu ára en ekki tuttugu ára eins og niðurstaðan varð að lokum.

Hinn 17. september voru stjórn REI kynnt drög að samningi sem gerðu ráð fyrir tíu ára samningi um einkarétt á hugverkum og þjónustu OR í erlendum verkefnum REI.

Sex dögum síðar kynntu, að þeirra sögn, Haukur Leósson, stjórnarformaður OR, og Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI, samningsatriði fyrir Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, þáverandi borgarstjóra. Þá var samningstíminn kominn í tuttugu ár. Eftir að samningstíminn hafði tvöfaldast jókst virði REI og þar með hlutar OR í sameinuðu fyrirtæki REI og Geysis Green Energy.

Samkvæmt atriðum sem koma fram í drögunum er ráðgert að REI greiði OR fullt verð og rúmlega það fyrir ráðgjöf og þjónustu starfsmanna.

**- mh / sjá síðu 6**










## SPURNING DAGSINS



*Barði, ert þú þessi Sval-Barði?*

„Ég gæti þekkt hann.“

Barði Önundarson komst kaldur og þrekaður á land eftir að bát hans hvolfdi í Selvatni í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp.

Framkvæmdastjóri SA fundaði með fulltrúum landssambandanna í gær:

# Flugfreyjurnar eru fyrstar

**VINNUMARKAÐUR** Flugfreyjufélag Íslands á fyrsta samningafund með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, fyrir hönd Icelandair á miðvikudaginn í næstu viku. Flugfreyjufélagið er þar með eitt fyrsta stéttarfélagið til að hefja samningalotuna í haust.

„Við erum konur og erum mjög skipulagðar,“ segir Sigrún Jónsdóttir, formaður Flugfreyjufélagsins en viðræður vegna Iceland Express og Flugfélags Íslands hefjast síðar. „Það er fullt af hlutum sem snúa að okkar vinnuumhverfi,“ segir hún um umræðuefni fyrstu funda en vill ekki gefa upp kröfurnar áður en þær verða kynntar viðsemjendum.



**RIGNING EÐA FALLEGT VEÐUR** Guðmundur Gunnarsson á fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, átti fundi með fulltrúum helstu landssambandanna í gær til að fara yfir stöðuna og heldur sú fundaröð áfram í dag. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, hitti Vilhjálm í gærmorgun. Hann segir að gengið hafi verið frá viðræðuáætlun og rafiðnaðarmenn hafi kynnt kröfur sínar.

„Mér finnst full ástæða til að vera þokkalega bjartsýnn með það að geta landað þessu fyrir jól en það er með kjarasamningaviðræður eins og pólitíkina, það getur verið grenjandi rigning eftir hádegi þótt það sé fallegt veður fyrir hádegi.“ - ghs

Gullsmiðir undirbúa jólin:

# Íslendingar vilja stærri demanta

**VERSLUN „Við gullsmiðir höfum puttann á púlsinum og erum þeir fyrstu sem finnum fyrir því ef það harðnar á dalnum og svo öfugt,“ segir Sigurður Steinþórsson hjá Gulli & silfri. Hann hyggst panta meira af demöntum fyrir þessi jól en oft áður enda salan mikil. Helga Jónsdóttir í Gullkúnst tekur undir orð Sigurðar og telur sig þurfa að vera betur undirbúna fyrir þessi jól. „Ég býst við því að það verði meiri demantssala fyrir þessi jól en oft áður,“ segir Helga sem nýlega fékk pöntun upp á hálfrar milljónar króna giftingarhring.**

**- fgg/****sjá síðu 30**



**STERABIRGÐIR** 15.000 steratöflur og tvö hundruð stungulyfjaskammtar fundust hjá karlmanni í austurborginni.

Steramaðurinn var vel birgur:

# 15.000 steratöflur og stungulyf

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaðurinn sem fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gerði húsleit hjá á fimmtudagskvöld reyndist hafa í fórum sínum um 15.000 steratöflur og tvö hundruð skammta af stungulyfjum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fíkniefnalögreglan fór í húsleitina á heimili mannsins í austurborginni að fengnum úrskurði. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu vegna vörslu mikils magns af sterum.

Málið er enn til rannsóknar hjá lögreglunni. - jss

## LÖGREGLUMÁL

### Kona á stolnum bíl

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók fjóra karla og eina konu um helgina fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Í einum bílnum fundust ætluð fíkniefni og hnífur. Konan var stöðvuð á laugardagskvöld en hún var á stolnum bíl.

### Gyrti niður um sig

Þrjátíu og þrír karlar og ein kona brutu gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur um helgina. Fólkið var tekið fyrir að kasta af sér þvagi á almannafæri, fleygja rusli og brjóta glös. Einn veittist að lögreglumanni og annar gyrti niður um sig buxurnar.

# Þjóðkirkjan jafnar hlut samkynhneigðra

**Staðfastlega er búist við því að allsherjarnefnd Kirkjuþings samþykki tillögur um að prestum verði heimilað að staðfesta samvist samkynhneigðra. Þjóðkirkjan gengur lengra en nokkur önnur kirkja hefur gert að sögn guðfræðings.**

**TRÚMÁL** „Með þessu skrefi mun íslenska þjóðkirkjan ganga lengra en nokkur lúthersk kirkja hefur gert til að jafna hlut samkynhneigðra,“ segir Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur um tillögur sem Kirkjuþing vísaði til allsherjarnefndar Kirkjuþings í gær. Búist er við að tillögurnar verði samþykktar á fimmtudag.

Tekist var á um það hvernig orða ætti kirkjulega athöfn um staðfesta samvist samkynhneigðra og tvær tillögur ræddar. Í annarri var framsögumaður hr. Karl Sigurbjörnsson biskup. Í tillögu hans var lýst yfir stuðningi á ályktun kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar um að prestum yrði heimilað að staðfesta samvist samkynhneigðra. Gert er ráð fyrir því að málið verði samþykkt af allsherjarnefnd á fimmtudag. Hins vegar er lögð áhersla á að um jafngilda athöfn og hjónaband sé að ræða en staðið verður við hefðbundinn skilning á orðinu hjónaband sem sáttmála fullvaxta karls og konu.

„Með því hefur verið gerð ný athöfn sem verður jafngild hjónabandinu og ættu þá öll réttindi samkynhneigðra að vera komin í höfn,“ segir Einar Karl Haraldsson kirkjuþingsfulltrúi. „Ekkert misrétti ætti að felast í þessu fyrirkomulagi nema menn vilji fara í baráttu um merkingu orða, slík barátta getur þó ekki flokkast sem jafnréttismál,“ bætir hann við.

Í hinni tillögunni, sem Hulda Guðmundsdóttir mælti fyrir ásamt séra Jóni Helga Þórarinssyni og séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur, er sömuleiðis lagt til að prestar fái leyfi til að staðfesta samvistir samkynhneigðra. „Áhersla okkar er þó að haldið verði í vígsluhugtakið. Það er talað um hjónavígslu og eins viljum við tala um vígslu staðfestrar samvistar,“ segir Hulda.

Þá sagði biskup að þrýstingurinn á kirkjuna í málinu hefði verið með ólíkindum. Afar ómaklegt hefði verið að brigsla kirkjunni um að níðast á fólki og standa gegn jafnrétti.

Séra Halldór Gunnarsson taldi tillögurnar ganga of langt. Ef lögum yrði breytt á þá leið að prestar fengju leyfi til að staðfesta samvist myndi hann vilja leggja fram breytingartillögu sem fæli í sér að prestar þjóðkirkjunnar yrðu ekki lengur löggiltir hjónavígslumenn.

karen@frettabladid.is



**ÓMAKLEGAR ÁRÁSIR** Karl Sigurbjörnsson biskup sagði kirkjuna hafa þurft að sæta ómaklegum árásum. Afar ósanngjarnt væri að brigsla kirkjunnar mönnum um að níðast á fólki eins og gert hefði verið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VÍGSLUHUGTAKIÐ MIKILVÆGT** Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur vildi ganga ögn lengra en biskup og nota hugtakið vígsla um staðfestingu samvista samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvassviðri olli litlum vanda:

# Flugi frestað og lausamunir fuku

**VEÐUR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti að sinna nokkrum útköllum vegna hvassviðrisins sem gekk yfir vesturhluta landsins í gær. Lögreglan hafði til aðstoðar hóp björgunarsveitarmanna sem aðallega þurftu að sinna útköllum vegna lausamuna sem fuku. Vindhraði náði 25 metrum á sekúndu í mestu hviðunum á höfuðborgarsvæðinu. Flugi frá Reykjavík til Vestmannaeyja og Ísafjarðar var aflýst.

Vindhraði náði 40 metrum á sekúndu undir Hafnarfjalli og Vegagerðin varaði við umferð á léttum bílum. Engar fréttir eru af óhöppum þrátt fyrir sterkan vind. Veðurstofan býst við ríkjandi suðvestanáttum í dag, hvassast á Vestur- og Norðvesturlandi. - shá

Iðnaðarráðherra í Indónesíu:

# Ræða um jarðvarma og fisk

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra mun í dag eiga fund með forseta Indónesíu, Susilo Bambang Yudhoyono. Fundinn sitja einnig orkumálaráðherra Indónesíu og ráðherra sjávarútvegsmála. Tilefni fundarins er að ræða mögulegt samstarf Indónesíu og Íslands á sviði jarðvarmaorkuvinnslu og fiskveiða.**

**Ráðherrarnir munu einnig ræða aukið samstarf á sviði rannsókna og menntunar í tengslum við jarðhita, þar á meðal hugmynd um árleg námskeið fyrir jarðhitafræðinga frá Asíulöndum um rannsóknir og nýtingu jarðhita til raforkuframleiðslu, sem haldin yrðu í Indónesíu.**

**- shá**





PTP HÁRSNYRTIVÖRUR

Þegar keypt er sjampó og hármótunarefni í PTP línunni fylgir PTP hárnæring frítt með.

HAIRCARE SYSTEM

Apótekið lægra verð

LYFJA - Lifið heil


Íbúum fjölgaði um tæplega fjögur þúsund á fyrri helmingi ársins:

# Mest aukning á Suðurnesjum

**ÍBÚAFJÖLDI** Íbúum Íslands fjölgaði um 3.700 manns, eða 1,2 prósent, á fyrri helmingi ársins. Á sama tíma var fjöldi aðfluttra umfram brottflutta af landinu 2.561 en náttúruleg fjölgun, það er fæddir umfram dána, var 1.139 manns.

Brottfluttir frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar voru 234 fleiri en aðfluttir á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Aðfluttir frá útlöndum voru hins vegar 2.343 fleiri en brottfluttir og því fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu um 2.109 manns vegna flutninga.

Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að höfuðborgarsvæðið sem atvinnusvæði sé að stækka, það sjáist af miklum fólksflutningum til Suðurnesja og þeirra byggða á Suðurlandi sem næst liggja hinu skilgreinda höfuðborgarsvæði.

Það svæði sem var öflugast um aðdrætti í innanlandsflutningum á fyrstu þremur fjórðungum ársins voru Suðurnes þar sem íbúum fjölgaði um 769. Í öðrum landshlutum fækkaði. Í öllum landshlutum fjölgaði hins vegar íbúum vegna millilandaflutninga nema á Austurlandi. Þar voru Suðurnes í fararbroddi sé höfuðborgarsvæðið undanskilið.



**BÖRN AÐ LEIK Á SUÐURNESJUM** Margir fluttu til Suðurnesja og á þann hluta Suðurlands sem stendur nærst höfuðborgarsvæðinu á fyrri helmingi ársins. Á hinn bóginn fækkaði fólki á Vestfjörðum og á Austurlandi á sama tímabili þegar litið er til heildarbúferlaflutninga.

Á tveimur svæðum fækkaði fólki af völdum búferlaflutninga í heild, á Vestfjörðum og Austurlandi. - ghs

www.toyota.is




## Verso – 30 möguleikar í sætaskipan

Ímyndaðu þér bíl sem hentar einstaklingum með fyrirferðarmikil áhugamál jafnt sem sjö manna fjölskyldum.

Ímyndaðu þér bíl sem hefur 30 möguleika í sætaskipan.
Ímyndaðu þér bíl sem þú segir að sé sjö manna og fólk segir: nei, það getur ekki verið.

Ímyndaðu þér að hægt sé að velja um 5 og 7 manna gerðir, beinskiptingu eða MM skiptingu, snarpa bensínvél eða sparneytna og togmikla dísilvél.
Hættu síðan að ímynda þér og reynsluaktu Verso. Því stundum verður maður að reyna til að trúa.

Verso: ótrúlegur bíll.

**Verð frá 2.280.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ 22.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,27 | 61,57 |
| Sterlingspund | 124,85 | 125,45 |
| Evra | 87,17 | 87,65 |
| Dönsk króna | 11,691 | 11,759 |
| Norsk króna | 11,289 | 11,355 |
| Sænsk króna | 9,473 | 9,529 |
| Japanskt jen | 0,5383 | 0,5415 |
| SDR | 95,61 | 96,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,0243

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sex karlmenn ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir smygltilraun:

# Með 700 grömm af kókaíni

**DÓMSMÁL** Sex menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa ýmist skipulagt eða flutt hingað til lands rúmlega 700 grömm af kókaíni á síðasta ári.

Tveir mannanna eru ákærðir fyrir að hafa skipulagt og lagt á ráðin um innflutning efnanna, sem flutt voru í tvennu lagi hingað til lands frá Hollandi í gegnum Danmörku. Efnin ætluðu þeir til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni.

Þremur mannanna er gefið að sök að hafa tekið á móti hluta kókaínsins í Hollandi, haft það í vörslu sinni og flutt hingað. Einn mannanna flutti rúm 400 grömm hingað en hinir tveir tæp 300 grömm. Sjötti maðurinn er ákærður fyrir að hafa aðstoðað við innflutnings kókaínsins.

Tvö burðardýranna komu efnunum inn í landið. Þau voru handtekin að kvöldi komudags á Reykjanesbraut og fundust efnin við leit í bifreið þeirra. Á þriðja burðardýrinu fundust efnin við komuna til landsins. Efnin voru sögð komin frá óþekktum vitorðsmanni í Amsterdam.

Aðeins tveir hinna ákærðu mættu við þingfestingu í gær; meintur skipuleggjandi og burðardýr. Hinn fyrrnefndi neitaði sök en hinn játaði. **- jss**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Aðeins tveir hinna ákærðu af sex mættu við þingsetningu kókaínmálsins.

Brot á vopnalögum:

# Meindýraeyðir áfrýjar dómi

**DÓMSMÁL** Árni Logi Sigurbjörnsson meindýraeyðir hefur ákveðið að áfrýja dómi, sem hann hlaut í síðustu viku, til Hæstaréttar, að því er hann hefur tjáð Fréttablaðinu.

Árni Logi var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir brot á vopnalögum. Hann hlaut tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir vörslu vopna með ólögmætum hætti, þar sem stórt vopnasafn hans hafði ekki verið geymt í læstum hirslum eins og lög gera ráð fyrir.

Árni Logi kveðst ekki ætla að una þessum dómi. Hann kveðst vera starfandi meindýraeyðir og sinna starfi sínu um allt land. **- jss**

Þrír nýir varamenn á Alþingi:

# Taka sæti í kjördæmaviku

**ALÞINGI** Þrír nýir varaþingmenn tóku sæti á Alþingi í gær, þær Dögg Pálsdóttir, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir. Engin þeirra hefur tekið sæti á Alþingi fyrr.

Þar sem varaþingmennirnir setjast á þing í byrjun kjördæmaviku, þegar engir þingfundir eru haldnir, munu þær ekki vinna drengskaparheit að stjórnarskránni fyrr en á næsta þingfundi, 30. október, segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. Hann segir það síður en svo sjaldgæft að varamenn taki sæti í miðri kjördæmaviku.

Dögg er varamaður Ástu Möller, Erla Ósk sest á þing fyrir Birgi Ármannsson og Valgerður tekur sæti Helga Hjörvars. **- bj**



DÖGG PÁLSDÓTTIR



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**AKUREYRI**

### Bæjarbúar velja Strætó

Farþegum Strætisvagna Akureyrar fjölgaði um 140 prósent í september síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra. Frá þessu er greint í Vikudegi. Frá áramótum hefur verið frítt í strætó á Akureyri og nú taka um tíu prósent bæjarbúa strætó daglega.

# Höfn í Bakkafjöru ekki einkarekin

**Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum undrast að rætt sé um að einkaaðilar eigi höfn í Bakkafjöru. Aðstoðarmaður samgönguráðherra segir rekstraraðila Vestmannaeyjaferju ekki munu eiga höfnina sjálfa heldur aðstöðu fyrir farþega.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta eru nýjar fréttir fyrir okkur,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sem undrast að Siglingastofnun segi koma til greina að rekstur ferjuhafnar í Bakkafjöru verði í höndum einkaaðila.

Í nýlegri auglýsingu útboðs vegna reksturs og eignarhalds á ferju milli Bakkafjöru og Eyja segir hugsanlegt að rekstur hafnar í Bakkafjöru verði innifalinn í útboðsverkefninu.

„Hingað til hefur verkefnið verið kynnt þannig fyrir okkur að höfnin verði í meirihlutaeigu Vestmannaeyjabæjar og rekin í samstarfi Vestmannaeyjabæjar og Rangárþings eystra. Og við stefnum ótrauð á það,“ segir Elliði, sem kveður Eyjamenn þegar hafa gert athugasemd við auglýsinguna.

„Ég held að menn séu reyndar bara að skoða þennan flöt og á ekki von á öðru en að menn verði við beiðni okkar um að höfnin verði í okkar rekstri. Þetta verður sérhannað ferjulægi fyrir Vestmannaeyjaferjuna og við erum það sveitarfélag í landinu sem hefur mesta og bestu reynslu af rekstri hafnar,“ segir Elliði og upplýsir að Vestmannaeyjabær vinni nú að stofnun sameiginlegs hafnarsjóðs með Rangárþingi eystra.

Siglingastofnun heyrir undir samgönguráðuneytið. „Þetta virðist sprottið af misskilningi. Það myndi aldrei koma til að einkaaðili ætti höfnina heldur er verið að horfa til þess að rekstur mannvirkjanna við höfnina færi til þess aðila sem hefði með rekstur ferjunnar að gera,“ segir Róbert Marshall, aðstoðarmaður Kristjáns L. Möllers samgönguráðherra.



**TILRAUNIR MEÐ BAKKAFJÖRU** Fyrrverandi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, fjarstýrir skipslíkani við prófanir á væntanlegri höfn í Bakkafjöru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meðal mannvirkja sem ferjufyrirtækið myndi annast eru rampar fyrir bíla og aðstaða fyrir farþega að sögn Róberts. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið myndi sjálft eiga ferjuna.

„Hugmyndin er að nota sérþekkingu markaðarins á skiparekstri,“ segir Róbert, sem leggur áherslu á að í samningi um rekstur Vestmannaeyjaferjunnar verði ákvæði sem taki á hugsanlegum vanefndum af hálfu verktakans og sömuleiðis ákvæði sem taki til breyttra aðstæðna sem kunni að koma upp á þeim fimmtán árum sem útboðstíminn tekur til. **gar@frettabladid.is**

### ÚTBOÐ VEGNA HAFNAR Í BAKKAFJÖRU

„Verkefnið sem boðið verður út er rekstur á ferjuleiðinni Bakkafjara – Vestmannaeyjar ásamt farþegaaðstöðu á báðum stöðum og skal ferjan vera í eigu bjóðanda. Stefnt er að fimmtán ára samningstíma. Ferjan skal vera ekju- og farþegaskip sem getur tekið að lágmarki 250 farþega og 45 bíla. Hugsanlegt er að rekstur hafnar í Bakkafjöru verði innifalinn í verkefninu.“

Heimild: Ríkiskaup

Rannsókn sjálfsmorðstilræðis:

# Bhutto vill erlenda aðstoð

**PAKISTAN, AP Innanríkisráðherra Pakistans hafnaði því í gær að farið yrði að áskorun stjórnarandstöðuleiðtogans Benazir Bhutto um að leitað yrði erlendrar sérfræðiaðstoðar við rannsókn sjálfsmorðssprengjutilræðisins sem framið var í Karachi fyrir helgi við heimkomu Bhutto úr útlegð.**

**Bhutto sagði á sunnudag að hún vildi að bandarískir og breskir sérfræðingar yrðu fengnir til að aðstoða við rannsóknina á tilræðinu. Það kostaði 136 manns lífið, særði hundruð og vakti vafa á því hvort kosningafundir yrðu heimilaðir í aðdraganda komandi þingkosninga.** **- aa**



BENAZIR BHUTTO

Fáskrúðsfjarðarmálið:

# Vildi ekki lána skútuna í smygl

**LÖGREGLUMÁL** Logi Freyr Einarsson, sem handtekinn var í Noregi vegna rannsóknar á Fáskrúðsfjarðarmálinu, neitaði að lána bróður sínum, Einari Jökli, skútuna Lucky Day undir fíkniefnasmyglið stórfellda sem upp komst í síðasta mánuði. Þetta kemur fram á fréttavefnum Vísir.is.

Skútan Lucky Day hefur áður verið í fréttum tengdum Fáskrúðsfjarðarmálinu. Fram hefur komið að henni var siglt til Fáskrúðsfjarðar fyrir tveimur árum og hún skilin þar eftir í nokkra mánuði.

Upphaflega var hugmyndin sú að nota Lucky Day við smyglið. Heimildir Vísis herma hins vegar að það hafi Logi Freyr ekki tekið í mál. **- shá**




-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

ÓB ódýrt bensín

www.ob.is

Himinn og haf / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NOKKUÐ VINDASAMT**

Það er alveg með ólíkindum að skoða veðurkortin næstu daga. Meiri leiðindi er vart hægt að hugsa sér. Fyrir það fyrsta verður mjög vætusamt sunnan til og vestan fram að helgi og líklega lengur. Þá einkennast kortin af snörpum vindum víða um land næstu daga. Þessi blanda, vindar og væta, er afskaplega þreytandi. Það er þó ljós í myrkrinu að það er fremur hlýtt.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðvestan strekkingur. Rigning eða skúrir. Hiti 4-8 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



13-18 m/s víðast hvar.

» fimmtudagur



Vaxandi suðaustanátt með vætu.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C alskýjað | London | 13°C léttskýjað | Friedrichshafen | 7°C skúrir |
| Billund | 10C hálfskýjað | París | 11°C hálfskýjað | Lúxemborg | 10°C heiðskírt |
| Osló | 8°C hálfskýjað | Amsterdam | 10°C léttskýjað | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Frankfurt | 10°C hálfskýjað | Róm | 15°C skúrir |
| Gautaborg | 10°C hálfskýjað | Berlín | 8°C hálfskýjað | Las Palmas | 29°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Stöndum
saman
gegnum súrt og sætt
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega
þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina. Kynntu þér málið á spar.is.
Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars: Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum lána til allt að 5 ára námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

## KJÖRKASSINN



*Eiga prestar þjóðkirkjunnar að fá heimild til að staðfesta samvist?*

| | |
|---|---|
| Já | 63,1% |
| Nei | 36,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í leikhús í vetur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Bandaríkjastjórn þrýstir á Tyrki að senda ekki her inn í Írak til að elta uppi skæruliða Kúrda:

# Brynvagnar stefna að landamærunum

**TYRKLAND, AP** Tugir tyrkneskra brynvagna stefndu í gær að landamærunum að Írak. Á fjölmennum mótmælafundum í borgum landsins var þess krafist að tekið væri af hörku á uppreisnarmönnum Kúrda í kjölfar þess að í fyrradag féllu tólf hermenn í fyrirsát. Árásin hefur aukið enn líkurnar á að Tyrkir sendi herlið inn fyrir landamæri Íraks til að elta uppi skæruliða þar sem þeir annars eru að mestu í skjóli fyrir refsivendi tyrkneska hersins.

Bandaríkjastjórn beitir sér nú af afli til að telja Tyrkja ofan af því að ráðast inn í Írak. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hringdi í tyrkneska forsætisráðherrann Recep Tayyip Erdogan og leiðtoga heimastjórnar Kúrdahéraðanna í Norður-Írak, Massoud Barzani, á sunnudag til að knýja á um að varkárni yrði höfð að leiðarljósi í baráttunni gegn hinni bönnuðu hreyfingu aðskilnaðarsinnaðra Kúrda í Tyrklandi, hinum svonefnda Verkamannaflokki Kúrdistans, PKK. Hann hefur bækistöðvar handan landamæranna á yfirráðasvæði íraskra Kúrda.

„Við teljum ekki að einhliða hernaðaraðgerðir yfir landamæri séu besta leiðin til að fást við þetta vandamál,“ sagði Sean McCormack, talsmaður utanríkisráðuneytisins í Washington.

Ali Babacan, utanríkisráðherra Tyrklands, sagði í heimsókn í Kúvæt í gær að Tyrklandsstjórn myndi leita pólitískrar lausnar á vandanum áður en hún brygði á það ráð að senda her inn í Írak á eftir skæruliðum.

„En þegar allt kemur til alls, náist engin niðurstaða, höfum við aðrar aðferðir sem við kunnum að neyðast til að beita,“ tjáði Babacan fréttamönnum. **- aa**




**KREFJAST HÖRKU** „Píslarvottar deyja aldrei. Föðurlandið er óskiptanlegt,“ stendur á ennisborða þessarar konu sem hrópar slagorð á mótmælafundi þjóðernissinna í Istanbúl í gær í tilefni af árásum síðustu daga á tyrkneska hermenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri konur án atvinnu:

# Atvinnuleysi í Færeyjum lítið

**FÆREYJAR Atvinnuleysi í Færeyjum er í sögulegu lágmarki og mælist aðeins 1,3 prósent samkvæmt færeysku hagstofunni. Fréttavefur færeyska ríkisútvarpsins greinir frá þessu.**

**Atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, eða 1,8 prósent á móti 0,9 prósentum hjá körlum. Í öllum sýslum í Færeyjum er atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla. Mest mælist atvinnuleysið meðal kvenna á aldrinum 55 ára til 66 ára.**

**Atvinnuleysi er hvergi hærra en í Suðurey, þar sem það mælist 2,3 prósent. Minnst atvinnuleysi er í Sandey, eða 0,3 prósent.** **- sdg**

Fyrrverandi forseti Mósambík:

# Verðlaun fyrir að koma á friði

**LONDON, AP** Fyrrverandi forseti Mósambík, Joaquim Chissano, hlaut Mo Ibrahim-verðlaunin í gær fyrir starf sitt við að leiða þjóð sína út úr borgarastyrjöld.



**JOAQIM CHISSANO**

Þetta er í fyrsta skipti sem verðlaunin eru veitt en þau voru stofnuð í fyrra af súdanska milljarðamæringnum Ibrahim í þeim tilgangi að stuðla að betri stjórnarháttum í Afríku.

Sem forseti kom Chissano á friði í Mósambík eftir sextán ára borgarastyrjöld og stýrði umbreytingu samfélagsins frá marxisma til frjáls markaðshagkerfis. **- sdg**



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON**



**HANNES SMÁRASON**



**BJARNI ÁRMANNSSON**

# Drög gerðu ráð fyrir samningi til tíu ára

**Drög að samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest, sem kynnt voru sem umræðuskjöl, gerðu ráð fyrir tíu ára samningi. Eftir fund REI með Geysi Green Energy og FL Group var ákveðið var að lengja samningstímann.**

**ORKUMÁL** Í drögum að samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Reykjavík Energy Invest (REI) frá 17. september var gert ráð fyrir einkarétti REI á hugviti og þjónustu OR til tíu ára en ekki tuttugu eins og niðurstaðan varð. Eftir að samningstíminn lengdist í tuttugu ár hækkaði virði hlutar Orkuveitunnar í REI um tíu milljarða. Lögmannsstofan LEX vann að samningsgerðinni með stjórnum REI og OR.

Sérstaklega er tekið fram í samningsdrögunum, sem kynnt voru sem umræðuskjöl á stjórnarfundum REI, að áhætta Orkuveitunnar í þessum samningum sé fólgin í því að fyrirtækið missi stjórnina á REI, auk þess sem hann takmarkar möguleika fyrirtækisins til þess að taka þátt í verkefnum erlendis.

Í drögunum frá 23. ágúst, sem voru til umræðu á stjórnarfundi REI þann sama dag, kemur fram að þau byggist á þeirri breytingu, frá því sem áður hafði verið rætt um, að setja inn fyrsta rétt (first right of refusal) REI á hugverki og þjónustu í stað einkaréttar.

Björn Ársæll Pétursson, sem var stjórnarformaður REI á þessum tíma, sagði í viðtali við Ríkisútvarpið fyrir viku að einkaréttur hefði ekki verið til umræðu meðan hann var í stjórn, og þaðan af síður til tuttugu ára eins og reyndin varð. Samkvæmt drögunum virðist einkaréttur REI á hugverki og þjónustu OR hafa komið til umræðu þegar Björn Ársæll var stjórnarformaður en hann lét af störfum hinn 3. september.

LEX vann að samningsgerð milli REI og Orkuveitunnar á grundvelli draga sem voru rædd á stjórnarfundi REI 17. september. Þá var talað um tíu ára samning líkt og fyrr. Stjórn og forstjóri REI, Guðmundur Þóroddsson, funduðu með Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group og stjórnarformanni Geysis Green Energy (GGE), og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, stjórnarformanni FL Group, hinn 20. september, þar sem ákveðið var að láta reyna á sameiningu GGE og REI undir merkjum REI. Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI, og Hannes hittust á fundi hinn 22. september og útbjuggu minnisblað sem Haukur Leósson, stjórnarformaður OR, og Bjarni kynntu fyrir Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, þáverandi borgarstjóra, daginn eftir. Þá var talað fyrir því að samningurinn skyldi vera til tuttugu ára. **magnush@frettabladid.is**

## SAMNINGSATRIÐI OR OG REI

### LAGT FRAM 17. SEPTEMBER

**1. Hugverkaeign og -notkun**

- Einkaréttur til að nota nafn og merki OR erlendis í tíu ár.
- Einkaréttur til að nýta starfsmenn OR og þekkingu á sviði jarðvarmanýtingar erlendis í tíu ár.
- Einkaréttur til notkunar á öllu viðskiptaferlum Orkuveitu Reykjavíkur erlendis.
- OR skuldbindur sig til þess að upplýsa REI um öll viðskiptatækifæri erlendis.

**2. Þjónusta**

- Nota megi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur sem ráðgjafa í verkefnum REI erlendis. REI kaupir vinnuna af OR, það er laun starfsmanna, og upphæð sem nemur 50 prósent af honum til viðbótar.

### LAGT FRAM 23. ÁGÚST

**1. Hugverkaeign og -notkun**

- Réttur til að nota nafn og merki OR erlendis í tíu ár.
- Réttur til að nýta starfsmenn OR og þekkingu á sviði jarðvarmanýtingar erlendis í tíu ár.
- Réttur til notkunar á öllu viðskiptaferlum Orkuveitu Reykjavíkur erlendis.
- OR skuldbindur sig til þess að upplýsa REI um öll viðskiptatækifæri erlendis.

**2. Þjónusta**

- Nota megi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur sem ráðgjafa í verkefnum REI erlendis. REI kaupir vinnuna af OR, það er laun starfsmanna, og upphæð sem nemur 50 prósent af honum til viðbótar.
- Forstjóri OR getur starfað sem stjórnarformaður (chairman) REI.
- Réttur til að leigja svæði í höfuðstöðvum OR á sanngjörnum kjörum.

**Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið**

óska eftir að kaupa enskt lingpon námskeiða sem samanstendur af einni bók innbundini sem kilju. Kassettur eða geisladiska og neðanmáls við enska textan er íslenska þýðing.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

TASKI

**Gólfþvottavélar á rekstrarleigu**

*Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.*



*Bjarnþór Þorláksson,* bílstjóri hjá RV

TASKI swingo XP
TASKI swingo 3500 B
TASKI swingo 1250 B
TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - lipar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV



**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 100701

# ÚTSALA

## með gjafakorti í Smáralind




**dagana 22. til 27. október**

Nú er tvöfaldur ávinningur af því að versla notaðan bíl á útsölu hjá Bílalandi B&L.
Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

Útsalan er einnig hjá umboðsmönnum B&L á Selfossi, Akranesi, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum.

Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.
Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:




BMW 318, 2000 - Ek. 147 þús.




Hyundai Terracan, 2003 - Ek. 116 þús.




Hyundai Tucson, 2004 - Ek. 75 þús.




Renault Megane ST, 2006 - Ek. 21 þús.




Renault Clio, 2006 - Ek. 20 þús.




Land Rover Freelander, 2001 - Ek. 75 þús.




Hyundai Trajet, 2004 - Ek. 42 þús.




Remault Laguna, 2000 - Ek. 137 þús.




Hyundai SantaFe, 2006 - Ek. 33 þús.




Hyundai Sonata, 2003 - Ek. 93 þús.

bíla land B&L
notaðir bílar




Renault Megane, 2005 - Ek. 39 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

**bílaland.is**

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hverrar tegundar eru dýrin Gudjohnsen og Blíðfinnur sem halda til á Mývatnsheiði um þessar mundir?*

*2 Hvar stendur nú yfir sýning á verkum Dagmarar Agnarsdóttur?*

*3 Hver varð heimsmeistari í Formúlu 1 á sunnudaginn?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



**KÁRAHNJÚKAR** Ábyrgð verktaka á skattgreiðslum leigðra starfsmanna verður skýrð með nýjum lögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alþingi stoppar í lagaglufu:

## Verktakar beri ábyrð á leigum

**ALÞINGI** Verði nýtt frumvarp fjármálaráðherra samþykkt munu verktakafyrirtæki sem nýta sér starfsmannaleigur bera ábyrgð á skattgreiðslum starfsmanna þeirra hér á landi.

Þetta mun þó aðeins eiga við hafi starfsmannaleigan ekki starfsstöð hér á landi.

Með þessu eru stjórnvöld að bregðast við dómi Hæstaréttar frá því í september. Þar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að Impregilo bæri ekki ábyrgð á því að greiða skatta starfsmanna starfsmannaleigna. - bj

**ÁRBORG**

### Tíu þúsund á barn

Íþrótta- og tómstundastarf barna í Árborg verður niðurgreitt um tíu þúsund krónur frá haustinu 2008. Segir bæjarráð þetta vera fyrsta skrefið í niðurgreiðslum af þessu tagi.

# Neyðarástand í Kaliforníu

**Búist er við að skógareldarnir sem geisa í Kaliforníu muni versna. Nú þegar hafa hundruð þúsunda manna flúið heimili sín, þar af að minnsta kosti tvær íslenskar fjölskyldur. Aðrar fjölskyldur bíða átekta.**



**Í BJÖRTU BÁLI** Talið er að eldarnir hafi byrjað þegar rafmagnsstaurar fuku um koll í sterkum vindi. Átta eldar brenna nú á svæðinu, þar af þrír í nágrenni San Diego. Símasamband liggur víða niðri og hraðbrautum í nágrenni San Diego hefur verið lokað.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN, AP** Gífurlegir skógareldar geisa nú í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum og hefur Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri lýst yfir neyðarástandi í sjö sýslum í suðurhluta ríkisins.

Tæplega 405 ferkílómetrar landsvæðis hafa brunnið í skógareldunum í San Diego-sýslu og þurftu 250.000 manns að yfirgefa heimili sín í gær.

„Það eru fleiri hús að brenna en við höfum mannskap og búnað til að geta bjargað,“ sagði slökkviliðsstjórinn í San Diego, Lisa Blake. „Margir eiga eftir að tapa heimilum sínum í dag.“

Talsvert var um að slökkviliðsmenn ættu í vandræðum með að berjast við elda þar sem þeir voru uppteknir við að bjarga fólki sem hafði neitað að yfirgefa heimili sín, að sögn Bill Metcalf, yfirmanns eldvarna í norðurhluta San Diego-sýslu. „Þetta fólk vildi bara ekki fara eða brást of seint við. Og þeir sem taka slíkar ákvarðanir eru í raun að hamla slökkviaðgerðum.“

Skógareldarnir berast hratt yfir vegna mikilla vinda, auk þess sem jarðvegur er afar þurr eftir methita í sumar. „Vindurinn er óvinur númer eitt núna,“ sagði Scwharzenegger á blaðamannafundi í gær. Veðurfræðingar spáðu áframhaldandi hvassviðri á svæðinu í dag.

Joel og Jóna Kristbjörg Valdez búa ásamt þremur börnum á hættusvæði í San Diego og voru á förum þegar Fréttablaðið hafði samband í gærdag.

„Við fengum að vita fyrir um tíu mínútum að við þyrftum að rýma húsið okkar. Börnin eru komin út í bíl og við erum núna að safna saman því nauðsynlegasta.,“ sagði Joel þegar fjölskyldan lagði af stað í gærmorgun í átt að Los Angeles.

„Búist er við að eldurinn nái að ströndinni. San Diego sjálf virðist ekki vera í hættu en ef eldurinn nær að brjótast út í nágrenninu kemst hún líka í hættu,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari, sem búsettur er nærri hættusvæðunum í San Diego.

„Skógareldarnir hafa gríðarleg áhrif á allt líf í Kaliforníu. Verslunum er lokað, hundruð þúsunda manna eru á flótta og San Diego er umkringd eldum sem eru stjórnlausir. Ein íslensk fjölskylda er byrjuð að pakka að ég veit, en við erum ekki í hættu enn um sinn.“

Engar flugvélar komust á loft vegna vindanna og búist var við að herinn yrði kallaður út um eftirmiðdaginn.

Sigfríður Björnsdóttir býr með fjölskyldu sinni í La Jolla í aðeins um fimmtán mínútna fjarlægð frá þeim svæðum sem rýmd hafa verið.

„Okkur er ráðlagt að fylgjast vel með fjölmiðlum, sem fjalla stöðugt um eldana. Ég svaf því lítið í nótt. Það hefur verið mikill reykur og mikil aska í loftinu undanfarið.“

Sigfríður segir yfirvöld hafa tilkynnt að eldarnir muni versna og verði að öllum líkindum verri en Cedar-eldarnir sem geisuðu á sama svæði árið 2003, þar sem 1.134 ferkílómetra svæði og 2.232 heimili urðu eldinum að bráð.

Í nágrenni Malibu geisa einnig eldar en að sögn Sigurjóns Sighvatssonar, ræðismanns Íslands í Los Angeles, er talið að aðeins einn Íslendingur búi á því svæði. Ekki náðist í hann um hádegisbil að Kyrrahafstíma í gær, en símasamband liggur víða niðri á svæðinu.

- eb / - sdg



**SIGFRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR**



**STEFÁN KARL STEFÁNSSON**



**SIGURJÓN SIGHVATSSON**



**VALDEZ-FJÖLSKYLDAN** Joel og Jóna Valdez sem flúðu ásamt þremur börnum sínum heimili sitt í gær vegna skógareldanna. Með þeim á myndinni eru tveir eldri synir Joels sem búsettir eru á Íslandi.




# Stillanlegt og þægilegt




## Þú átt skilið rúm
## þar sem þreytan eftir
## eril dagsins líður úr þér



**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**ÁSTARTÁKN** Fjöldi fólks starði upp til himins á tvær flugvélar brasilíska flughersins sem sýndu listir sínar í háloftunum með því að búa til risavaxið hjarta úr reyk. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti ASÍ segir verkalýðshreyfinguna ætla að gera harða atlögu að launamun kynjanna:

# Ráðherra býst við samningum um málið

**VINNUMARKAÐUR** Verkalýðshreyfingin hyggst setja fram skýra kröfu um að gerð verði „hörð atlaga að launamun kynjanna í næstu kjarasamningsviðræðum. Þetta kom fram í ræðu Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ, á ársfundi ASÍ í síðustu viku.

Talið er að kynbundinn launamunur nemi fimmtán til sextán prósentum og að hann hafi ekki breyst síðustu tólf ár. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að tekist hafi að minnka launamuninn um helming í gegnum kjarasamninga í borgarstjóratíð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



GRÉTAR ÞORSTEINSSON

„Ég býst við að menn reyni að leysa þetta í gegnum kjarasamninga, að minnsta kosti að hluta til,“ segir félagsmálaráðherra og kveður mikla samstöðu um þetta í ríkisstjórninni.

Nokkrar nefndir munu á næstunni vinna tillögur að því hvernig kynbundinn launamunur verður jafnaður. Bæði er um að ræða aðgerðanefnd á almennum markaði og ráðgjafahóp sem skipaður er fulltrúum háskóla og fagaðila sem verður aðgerðanefndinni til ráðgjafar. Síðan er hópur á opinberum markaði undir stjórn fjármálaráðherra.

„Auðvitað vona ég að þetta gerist sem fyrst og að við getum sem fyrst tekið áfanga í þessu,“ segir Jóhanna og bendir á breiða samstöðu milli stjórnvalda og verkalýðsforystu. „Þetta er tvíþætt, það er kynbundinn launamunur og síðan þarf að fara í endurmat á launum umönnunarstétta.“ - ghs

Áhangendur AIK í Stokkhólmi:

## Réttarhöld yfir fótboltabullum

**SVÍÞJÓÐ, AP** **Réttarhöld hófust í Svíþjóð í gær yfir 29 fótboltabullum á aldrinum átján ára til fertugs í stærsta dómsmáli af þessari gerð í Svíþjóð að sögn talskonu réttarins.**

**Hinir ákærðu, sem eru allir stuðningsmenn fótboltaliðsins AIK í Stokkhólmi, eru sakaðir um að hafa slegist á áhorfendapöllum á tveimur fótboltaleikjum árin 2004 og 2005.**

**Gera þurfti hlé á leik AIK og Hammarby árið 2004 í 45 mínútur vegna átaka stuðningsmanna AIK við lögreglu. Árið 2005 lenti stuðningsmönnum AIK saman við stuðningsmenn GAIS í Gautaborg.** - sdg

Leiðtogar stærstu flokkanna í Ástralíu öttu kappi:

## Howard tapaði í kappræðum

**ÁSTRALÍA, AP** Forsætisráðherra Ástralíu, John Howard, þótti bíða lægri hlut fyrir stjórnarandstöðuleiðtoganum Kevin Rudd í heitum sjónvarpskappræðum á sunnudaginn sem yfir 2,1 milljón Ástrala, eða tíu prósent þjóðarinnar, fylgdist með.

Meðan á kappræðunum stóð mátti sjá hvernig hópur nítíu óákveðinna kjósenda í myndverinu mat frammistöðu leiðtoganna á línulegu grafi, svokölluðum „ormi“. Í heildina voru 65 prósent ánægð með frammistöðu Rudds og aðeins 29,5 prósent ánægð með Howard. Aðrir voru óákveðnir. - sdg



**JOHN HOWARD OG KEVIN RUDD** Þingkosningar fara fram í Ástralíu 29. nóvember. NORDICPHOTOS/AFP



**FLOKKSFORYSTAN** Forysta Kommúnistaflokksins reis úr sætum þegar alþjóðasöngur verkalýðsins var sunginn á lokadegi flokksþingsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ótti um valdabaráttu mögulegra eftirmanna Hu:

## Aukin pólitísk völd Hu eftir flokksþing

**KÍNA, AP** Forseti Kína, Hu Jintao, hefur seinna fimm ára kjörtímabil sitt með aukin pólitísk völd að loknu flokksþingi Kommúnistaflokksins í Kína. Hann hefur nú frjálsari hendur til að fást við vaxandi spennu vegna launamunar og til að auka fjárframlög til vanrækts félagsþjónustu.

Níu manna framkvæmdastjórn Kommúnistaflokksins var skipuð á flokksþinginu og munu fjórir nýir menn taka sæti í stjórninni. Þykir sumum það áhyggjuefni að tveir mögulegir eftirmenn Hu í embætti forseta, Li Keqiang og Xi Jinping, voru skipaðir í framkvæmdastjórnina þar sem það geti leitt til innri ágreinings í flokknum. Það hefur ítrekað gerst í sögu flokksins þrátt fyrir þá miklu áherslu sem þar er lögð á einingu.

Xi, flokksleiðtogi frá Sjanghæ og sonur virts byltingarleiðtoga, hefur markað sér stöðu sem valkostur fyrir þá valdamenn í Kommúnistaflokknum sem vilja ekki gefa Hu of mikil völd. Li, flokksleiðtogi úr norðausturhéraðinu Liaoning, er skjólstæðingur Hu og þykir forsetinn hafa sýnt stuðning sinn við hann. Xi fékk þó valdameiri stöðu innan framkvæmdastjórnarinnar en Li, sem þykir gefa honum meiri möguleika á að taka við af Hu eftir að seinna kjörtímabili hans lýkur eftir fimm ár. - sdg





„13.301.556 kr. fyrir hálftíma fyrirhöfn. Það myndi ég nú kalla gott tímakaup.*“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.

Landsbankinn

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK

Vilja 8,5 prósent hærri laun:

# Finnskir tæknimenn í verkfall

**FINNLAND, AP Um þrjú þúsund finnskir tæknimenn hófu verkfall í gær eftir að slitnaði upp úr kjaraviðræðum við atvinnurekendur um helgina.**

**Samtök launþega, sem eru með 120.000 meðlimi, boðuðu til verkfallsins, sem nær til sjö finnskra fyrirtækja. Ef samkomulag næst ekki er búist við því að 30. október verði verkfall boðað hjá starfsmönnum í tuttugu fleiri fyrirtækjum í Finnlandi, þar á meðal hjá Nokia.**

**Juhani Salonius ríkissáttasemjari segir of mikið bera í milli til að hægt sé að leggja fram tillögu að lausn deilunnar.** - sdg

Útskrifaðir framhalds- og háskólanemar fleiri í fyrra en nokkru sinni fyrr:

# Konur í meirihluta útskrifaðra

**MENNTAMÁL** Aldrei hafa fleiri nemendur útskrifast úr framhaldsskólum og háskólum hér á landi en skólaárið 2005-2006, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands.

3.362 nemendur með 3.388 próf útskrifuðust af háskólastigi og þar með fjölgaði brautskráðum nemendum um 453, eða 15,6 prósent frá árinu áður. Aldursdreifing útskrifaðra nemenda var frá nítján ára og upp í 75 ára.

Þá útskrifuðust fimmtán með doktorsgráðu og fjölgaði um einn frá árinu áður. Þeim sem útskrifuðust með meistaragráðu fjölgaði um 119 frá fyrra ári, sem er 40,8 prósenta fjölgun. Flestar brautskráningar á háskólastigi eru vegna nemenda sem ljúka fyrstu háskólagráðu og voru þær 2.441 talsins skólaárið 2005-2006. Það er tólf prósenta fjölgun frá fyrra ári.

Af framhaldsskólastigi brautskráðust alls 4.832 nemendur með 5.317 próf skólaárið 2005-2006 og er það fjölgun um 31 nemanda frá fyrra ári. Aldrei hafa fleiri nemendur útskrifast úr framhaldsskóla á einu skólaári.

Athygli vekur að mun fleiri konur en karlar ljúka stúdentsprófi en skólaárið 2005-2006 luku 1.450 konur stúdentsprófi. Það er 73,3 prósent af fjölda tvítugra kvenna það árið en aðeins 1.002 karlar luku stúdentsprófi, sem eru 49,2 prósent af fjölda tvítugra karla. - sig



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Aldrei hafa fleiri nemendur útskrifast af háskólastigi en skólaárið 2005-2006.

Minkum sleppt í Danmörku:

# Dýraverndarsinnar grunaðir

**DANMÖRK, AP Lögregla og sjálfboðaliðar á Norður-Jótlandi eltu í gær þúsundir minka sem í fyrrinótt var sleppt úr búrum sínum á minkabúi í grennd við bæinn Asp. Lögreglu grunar að róttækir dýraverndarsinnar hafi verið að verki.**

**Í kringum aldamótin var algengt að dýraverndarsinnar slepptu loðdýrum úr búrum sínum en minna hefur verið um slíkt síðustu misserin. Um tólf milljónir minka og refa eru aldar árlega á dönskum loðdýrabúum.**

**Dýraverndarsinnar eru grunaðir um að hafa sleppt 2.500 minkum af búi í Finnlandi í ágúst.** - aa



**ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ** Léleg íslenskukunnátta er meginorsök félagslegrar einangrunar.

Málefni innflytjenda:

# Erfiðara að búa á landsbyggðinni

**FÉLAGSMÁL** Innflytjendur á landsbyggðinni búa frekar við félagslega einangrun en þeir sem sest hafa að á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Rauði krossinn á Norðurlandi lét gera. Niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður sambærilegrar könnunar sem gerð var á höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin er byggð á viðtölum við innflytjendur víða á Norðurlandi. Flestir segja að léleg íslenskukunnátta sé meginorsök félagslegrar einangrunar en í minnstu byggðarlögunum er námskeiðahald stopult. Þá nefna margir að samfélagið sé lokað og erfitt að komast inn í það. - þo



**STÓRIÐJA** Raforka sem framleidd verður á Kárahnjúkum fer til álvers á Reyðarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Arðsemi stóriðju verði metin:

# Sérfræðingar meti áhrifin

**ALÞINGI Allir þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi þar sem lagt er til að gert verði óháð mat á arðsemi og heildaráhrifum þess að ráðast í frekari stóriðju- og virkjanafjárfestingar.**

**Lagt er til að leitað verði til hóps sérfræðinga, innlendra og erlendra, með breiðan faglegan bakgrunn til að stýra verkinu, og að niðurstöður þeirra verði ræddar á Alþingi.**

**Tillagan var fyrst lögð fram haustið 2006 en hlaut ekki framgang. Í greinargerð segir að efnið sé enn brýnt, nú séu uppi enn viðameiri stóriðjuáform en haustið 2006.** - bj

**AKRANES**

**Pólska í Grundaskóla**

Ráða á pólskumælandi stuðningsfulltrúa í Grundaskóla á Akranesi frá næstu áramótum. Bæjarráð samþykkti þetta í kjölfar umræðu skólanefndar um málefni nýbúa á grunnskólaaldri og um stofnun móttökudeildar í Grundaskóla. Stuðningsfulltrúinn á einnig að tala íslensku.


DODGE CHRYSLER Jeep

JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC

Vinnustofan | október 2007



GRAND TILBOÐ

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED

Vél V-6 3,0 / Dísel / 218 HÖ / 510 NM



| | |
|---|---|
| 5 þrepa sjálfskipting með handskiptivali | Rafstýrð framsæti með minni |
| Hátt og lágt drif m. flæðilæsingum | Hiti í framsætum |
| Hraðanæmt vökva- og veltistýri | Rafstýrðar rúðuvindur |
| Tvívirk hitastýrð miðstöð (AC) | Fjarstýrð samlæsing |
| Útvarp og 6 diska geislamagasín | Upplýsingamiðstöð (aksturstölva) |
| Hraðastillir | Dagljósabúnaður |
| Rafstýrð, hæðarstillanleg ástig | Dráttarbeisli |
| Tvívirk hitastýrð miðstöð (AC) | Nálægðarskynjarar framan & aftan |
| Leðurklæðning | Þokuljós framan & aftan |

Verð 5.885.000 kr.

Tilboðsverð **5.590.000 kr.**

Opnunartími:

**Mánudaga - föstudaga**
**10 - 18**
**Laugardaga**
**10 - 14**




JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

JDC bílar



**SÚR Á SVIP** Þessi köttur virðist ekki ánægður með að hafa verið klæddur upp í grímubúning. Eigandi kattarins skráði hann í árlega búningakeppni í Japan í tilefni af hrekkjavöku sem haldið er upp á 31. október. NORDICPHOTOS/AFP

Einar Guðfinnsson landbúnaðarráðherra opnaði nýja miðstöð íslenska hestsins:

# Ný hestamiðstöð á Jótlandi

**HESTAMENNSKA** Einar Guðfinnsson landbúnaðarráðherra opnaði á sunnudaginn hestamiðstöð í Gultentorp sem er skammt frá Álaborg á Jótlandi. Einar var staddur sem sjávarútvegsráðherra á Norður-Jótlandi á ráðstefnu um sjávarútvegsmál í Álaborg á laugardaginn og náði að opna hestamiðstöðina á sunnudag sem landbúnaðarráðherra áður en hann hélt heim til Íslands.

Gultentorp-hestabúið er í eigu Kjelds Dissings og fjölskyldu hans. Þau eiga marga tugi íslenskra hesta en land þeirra nær yfir um 50 hektara.



**HESTAMIÐSTÖÐ Á JÓTLANDI** Svavar Gestsson sendiherra og Einar Guðfinnsson landbúnaðarráðherra.

Auk Einars ráðherra var Jens Iversen, formaður FEIF, viðstaddur athöfnina. Þar var mikill fjöldi fólks saman kominn, þar á meðal varaborgarstjórinn í Álaborg og sendiherrahjónin Svavar Gestsson og Guðrún Ágústsdóttir.

Til hátíðabrigða voru sýndir fjórir þekktir stóðhestar; Númi frá Þóroddsstöðum, Stefnir frá Sandhólaferju, Gustur frá Kjarri og Ögri frá Háholti. Var áhorfendum gefinn kostur á því að kjósa þann hest sem þeir vildu helst að yrði notaður í Gultentorp að ári á hryssur Kjelds bónda. Sigraði Gustur frá Kjarri með miklum yfirburðum að mati brekkudómaranna í áhorfendahópnum. - jss

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Heiðursfélagi í bandarískum samtökum

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur verið gerð að heiðursfélaga í Women's Foreign Policy Group (WFPG) í Washington, öflugu tengslaneti bandarískra kvenna sem starfa að alþjóðamálum.

Ingibjörg sat fund samtakanna á föstudagskvöld þar sem hún talaði um forsendur og mikilvægi pólitískra áhrifa kvenna á alþjóðavettvangi og lýsti því hvernig það tryggði betri árangur að flétta kynjapólitískri sýn inn í alþjóðastjórnmálin. - eb

**STRANDIR**

### Eistnesk einingahús rísa

Trésmiðjan Höfði er að reisa tvö eistnesk einingahús á Hólmavík með tveimur íbúðum hvoru. Auk Höfða standa Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmadrangur og Sparisjóður Strandamanna að íbúðunum sem nú eru auglýstar til sölu, segir á strandir. is.

**GRUNDARFJÖRÐUR**

### Hunsa ólöglega fundi

Fulltrúar minnihluta L-lista í sveitarstjórn Grundarfjarðar segja að að gefnu tilefni muni þeir framvegis ekki mæta á fundi sem ekki séu boðaðir með lögbundnum hætti. Segja þeir reglu að fundir séu boðaðir með fárra stunda fyrirvara og haldnir að geðþótta meirihlutans.

**ÁRNESSÝSLA**

### Merkja Kóngsveginn

Árnesingafélagið í Reykjavík vill gera merkingar við svokallaðan Kóngsveg í samstarfi við sveitarstjórnir þar sem vegurinn liggur um. Kóngsvegurinn var lagður frá Reykjavík austur að Geysi og þaðan að Þjórsá fyrir heimsókn Friðriks VIII Danakonungs árið 1907.


marel

Seed Forum

// 26. október 2007 //

FJÁRFESTINGAÞING NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA

MAREL Austurhrauni 9, Garðabæ

DAGSKRÁ

08:30 Skráning

09:00 Opnun
Andri Ottesen, stjórnarformaður SFI

Nýsköpunarfyrirtæki og fjármálafyrirtæki
Tryggvi Herbertsson, forstjóri Askar Capital

Nýsköpunarfyrirtæki kynna viðskiptahugmyndir sínar:
Clarovison
Petromodel
Promar Agua
Carbon Recycling

Kaffihlé

Barents Seefood
Oxymap
Albedo Technology
aGameCompany
Nigaard Pharma

Marel í nútíð og framtíð
Hörður Arnarsson, forstjóri

12:30 Léttur hádegisverður fyrir frumkvöðla og fjárfesta

SKRÁNING

Þar sem sæti eru takmörkuð eru þátttakendur beðnir um að skrá sig á http://www.seedforum.is

RÆÐUMENN



Tryggvi Þór Herbertsson forstjóri Askar Capital

Hörður Arnarsson forstjóri Marel

Breski sendiherrann, Alp Mehmet býður ráðstefnugestum til móttöku á heimili sínu kl. 17.30.

Borgarstjórinn í Reykjavík býður fjárfestum og frumkvöðlum í léttan kvöldverð að Höfða kl. 19.30.

KAUPTHING BANK · Landsbanki · klak · EYRIR INVEST · FIRSTNORTH · NÝSKÖPUNARSJÓÐUR · brú VENTURE CAPITAL · ASKAR CAPITAL · ParX · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · SI

nánari upplýsingar á www.seedforum.is




**EVRÓPUSINNI** Donald Tusk hyggst sveigja frá harðri þjóðernis-íhaldsstefnu Kaczynski-tvíburanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tusk tekur við af Kaczynski

**Verðandi forsætisráðherra Póllands er Donald Tusk, leiðtogi Borgaravettvangs. Hann stefnir að nánari tengslum við önnur Evrópusambandsríki, jafnvægi í ríkisfjármálum og minni undirgefni við Bandaríkin.**

**PÓLLAND, AP** Flokksforysta Borgaravettvangs í Póllandi sneri sér í gær að því að undirbúa myndun nýrrar ríkisstjórnar undir forystu flokksleiðtogans, Donalds Tusk. Flokkurinn vann sannfærandi sigur á höfuðkeppinautnum, íhaldsflokknum Lög og réttlæti sem haldið hefur um stjórntaumana í landinu frá síðustu þingkosningum fyrir tveimur árum.

Þegar 99 prósent atkvæða höfðu verið talin í þingkosningum sunnudagsins hafði Borgaravettvangur fengið 41,4 prósent þeirra og útlit var fyrir að það gæfi flokknum 209 þingsæti af alls 460 á pólska þjóðþinginu, Sejm. Lög og réttlæti fékk 32,2 prósent atkvæða og var spáð 166 þingsætum. Borgaravettvangur hefur val um tvo samstarfsflokka í ríkisstjórn – Bændaflokkinn með 31 þingsæti og Vinstri-lýðræðisflokkinn með 50.

Kjörsókn mældist 53,8 prósent og hefur aldrei verið meiri frá því í fyrstu lýðræðislegu kosningunum árið 1989, sem felldu kommúnista frá völdum í landinu. Í síðustu þingkosningum haustið 2005 var kjörsóknin aðeins 40,6 prósent. Þessi tiltölulega mikla kjörsókn endurspeglaði þá ástríðufullu umræðu sem átti sér stað í aðdraganda kosninganna nú og snerist að miklu leyti um það hvert Pólland almennt stefndi og hvernig tengslum landsins innan Evrópusambandsins skyldi háttað.

Tusk, tilvonandi arftaki Jaroslaws Kaczynski á forsætisráðherrastólnum, vill stýra þjóðinni frá því að leggja alla áherslu á að uppræta fyrrverandi kommúnista í stjórnkerfi landsins og vill þess í stað leggja mesta áherslu á að Pólverjar nýti sem best þau efnahagslegu tækifæri sem þeim bjóðast með aðildinni að Evrópusambandinu, sem Pólland gekk í árið 2004. Fráfarandi stjórn hefur með harðri framgöngu í nafni pólskra þjóðarhagsmuna lent í ýmsum árekstrum við ESB og grannþjóðir.

Tusk vill líka kalla heim hermennina 900, sem Pólverjar hafa í Írak. Hann sagði í gær að það ætti að gerast strax upp úr komandi áramótum. Hann vill líka að Pólverjar fái meira fyrir sinn snúð fyrir að láta undan vilja Bandaríkjamanna að setja upp á pólsku landi gagneldflaugastöð fyrir eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna.

Svo vill til að tvíburabróðir forsætisráðherrans fráfarandi, Lech Kaczynski, hefur það hlutverk að útnefna Tusk sem arftaka bróður síns. audunn@frettabladid.is


Hvað passar með [krabbi]? vinbud.is
– nýr og glæsilegur vefur
VÍNBÚÐ




„Ég var búinn að vera að vinna í verslun í 8 ár þegar ég ákvað að fara í Kerfisstjóranámið hjá NTV. Fyrri reynslu mína af tölvum mátti flokka sem almenna en í dag vinn ég hjá Fyrirtækjasviði Símans og sé alfarið um Þjónustuverið, ríflega 100 tölvur.“

Upplýsingar og skráning:
**544 4500 / www.ntv.is**

## *Kerfisstjóranám NTV*

180 stundir. Verð: 233.000.- Byrjar 12. nóvember og lýkur 23. febrúar.
Kennt mánud. og miðvikud. frá 18-22 og laugard frá 8:30-12:30.

**Eftirspurn eftir kerfisstjórum hefur aldrei verið meiri og er sífellt að aukast.**
Inntökuskilyrði eru að viðkomandi sé 18 ára og búi yfir almennri tölvuþekkingu, þ.e. Windows, Word, Excel og Internetið. Námið er tvískipt og undirbýr nemendur undir 3 alþjóðleg próf: A+ prófin frá Comptia og MCP prófið frá Microsoft.

### FYRRI HLUTI - TÖLVUVIÐGERÐIR

Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað af ýmsum toga. Mikið er um “Hands on” verkefni með raunverulegum æfingum. Kennslan fer fram í fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

### SEINNI HLUTI - MCP – XP NETUMSJÓN

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

**Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.ntv.is**

**ntv**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

LEGACY




**Blogg** á vísir.is, fimmtudaginn 18. október kl. 9.44



## HVERNIG ER BÍLAUMBOÐIÐ ÞITT?

Það er eitt sem oft kemur upp í samræðum á milli manna, en það er hvernig bílaumboðið þitt er þ.e.a.s. hvernig er umboðið sem bíllinn þinn er frá, og samskiptin á milli þín og umboðs. Nú hef ég átt nokkra bíla frá mismörgum umboðum ekki ætla ég að telja þau öll upp en óneitanlega eru þau misgóð. Nú um daginn verslaði ég mér annan bíl (notaðan) bara svo það komi fram, en því er ekki að neita að notaðir bílar eru í misgóðu ástandi, en stundum má segja það einnig með nýjan bíl þó svo að það skipti ekki máli í þessu dæmi. Nema hvað að það sem þurfti að gera við bílinn við kaup voru tvö atriði, ekkert tiltökumál og ákvað umboðið að taka það á sig og laga þessa hluti, ekki nóg með það heldur redduðu þeir mér öðrum bíl á meðan viðgerð fór fram (mjög ánægður með það) stór + … Nú svo um daginn er ég að garfa við mottu á milli fram og aftursæta er ég verð var við frekar

**Ingvar Helgason**, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




vonda tilfinningu, viti menn og já konur, að allt er á floti öðru megin í gólfinu fyrir aftan framsæti, nú ég renni beint í umboðið sem ég keypti bílinn frá og fór að ræða málin við sölumann á staðnum, betri þjónustu hef ég ekki fengið frá nokkrum manni en frá þessum ágæta manni, fumlaust og án þess að hika setti þessi ágæti sölumaður málið af stað og innan 15 mínútna var búið að panta tíma fyrir bílinn í viðgerð og ég kominn á lánsbíl frá umboðinu.
Ingvar Helgason og starfsfólk. Þakka kærlega fyrir mig, frábær þjónusta.
**Kv, IROK.**

IH
INGVAR HELGASON

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kirkjuþing:

## Tímamót

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Upphaf kirkjuþings þjóðkirkjunnar varpar ágætu ljósi á tvenns konar tímamót í þróun hennar. Önnur lúta að stjórnskipulegri stöðu kirkjunnar. Hin varða aðlögun gagnvart almennum viðhorfum í nútímanum um stöðu samkynhneigðra.

Þess misskilnings gætir oft og einatt í umræðum um kirkjuna að hún sé íhaldssöm fyrir þá sök að eðli hennar er varðstaða um grundvallargildi í samfélagi manna. Um leið og hún verður reikul í rásinni í þeim efnum má ljóst vera að spurningar vakna um tilgang hennar. Þetta er hins vegar ekki spurning um íhaldssemi.

Þau gildi um breytni og háttu í samfélagi manna sem boðskapur kirkjunnar snýst um ná jafnt til róttækra sem íhaldssamra þjóðfélagsviðhorfa og eru óháð öllum tíma. Kirkjan þarf þar á móti að gæta þess að falla sem best að þeim samtíma sem virðir þau lögmál. Samkynhneigðir njóta nú sama réttar og sömu stöðu og gagnkynhneigðir. Sú breyting hefur gerst hratt en samt tekið sinn tíma. Um hana er víðtæk sátt.

Tillaga biskups á kirkjuþingi um þetta efni bendir til að þjóðkirkjan ætli að verða skjótvirkari en flestar aðrar kirkjur með aðlögun að samtímanum að þessu leyti. Það eru tímamót þegar slíkt skref er stigið. Þau sýna að þjóðkirkjan veldur vel slíkum viðfangsefnum. Aðgerðaleysi hefði á hinn veginn veikt kirkjuna.

Enginn teljandi trúarlegur ágreiningur sýnist vera um efnislegt innihald þeirra réttinda sem lúta að sambúð gagnkynhneigðra annars vegar og samkynhneigðra hins vegar. Eftir standa skiptar skoðanir um orðnotkun; hvort nota eigi eitt eða tvö heiti um sambúð með því að hún er ekki alls kostar eins. Tilfinningaleg rök á báða bóga eru skiljanleg. Þróun almennrar málnotkunar gæti á endanum ráðið mestu um lyktir þess efnis.

Hitt telst einnig til tímamóta þegar kirkjumálaráðherrann lýsir því yfir að þar sé komið í sjálfstæðisþróun þjóðkirkjunnar að ráðherrann hafi ekki lengur stjórnskipuleg verkefni með höndum sem snerta innra starf hennar. Af því tilefni vísaði ráðherrann til hugmynda um að leggja kirkjumálaráðuneytið niður og færa þjóðkirkjuna undir embætti forsætisráðherra.

Fyrir áratug var stigið stórt skref til þess að gera þjóðkirkjuna sem mest sjálfstæða um eigin mál. Nú er þeim markmiðum að mestu náð. Við þær aðstæður er eðlilegt að skoða breytingar á stöðu þjóðkirkjunnar innan framkvæmdavaldsins og hvort rétt sé að forsætisráðherra fari með stjórnskipuleg tengsl gagnvart þjóðkirkjunni. Það er um margt rökrétt.

Að því virtu að framkvæmdavaldið hefur engin hefðbundin stjórnsýsluverkefni á sinni könnu gagnvart þjóðkirkjunni kæmi einnig til álita að gæsla stjórnskipulegra tengsla við þjóðkirkjuna yrði færð til forseta Íslands. Stjórnskipuleg tengsl fá táknrænni ímynd nú þegar engin bein stjórnsýsluverkefni um þjóðkirkjumál eru lengur á höndum ráðherra.

Einingarhlutverk forsetaembættisins er táknrænt í eðli sínu. Almenn samstaða er um gildi þess. Í því ljósi gæti einmitt farið vel á því að forseti Íslands sem einingar- og samstöðutákn þjóðarinnar hefði það hlutverk að blása anda í þau tengsl sem mælt er fyrir um í stjórnarskrá um samband ríkis og kirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Okkar hjartans mál

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund miðvikudaginn 24. október kl. 20:30 á Hallveigarstíg 1. Húsið verður opnað kl. 20:00. Fundi lýkur kl. 22.00

Gestir fundarins eru:



• Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.



• Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.

• Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna.



Fundarstjóri: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varaformaður SffR

Kaffi og meðlæti
Allir velkomnir

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Evrópusinni

Guðfinna S. Bjarnadóttir, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, var fundarstjóri á morgunverðarfundi í gærmorgun sem Viðskiptaráð stóð fyrir í samstarfi við fastanefnd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi. Athygli vakti að eftir að Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hafði flutt ávarp í upphafi fundar og notað þar tækifærið til að ítreka þá skoðun sína og síns flokks, Samfylkingarinnar, að Ísland ætti að stefna að aðild að Evrópusambandinu tók fundarstjórinn einarðlega undir þau orð ráðherrans.



### Hvenær, ekki hvort

Guðfinna ítrekaði þessa skoðun sína – sem er þvert á opinbera stefnu Sjálfstæðisflokksins – í lokaorðum sínum eftir pallborðsumræður. Sagði hún að það væri bara spurning um hvenær en ekki hvort Ísland gengi í Evrópusambandið. Hún sagði að þegar að því kæmi væri mjög mikilvægt að þjóðin væri vel upplýst um kosti og galla fullrar ESB-aðildar.

### Varalið

Einungis helft fulltrúa í nýjum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur var kjörin til setu í kosningunum á síðasta ári. Aðrir núverandi aðalmenn náðu kjöri sem varamenn. Steinunn Valdís og Árni Þór eru bæði horfin af braut fyrir fullt og fast og Stefán Jón og Ólafur F. eru í leyfi. Fyrrum varamennirnir Sigrún Elsa, Oddný Sturludóttir, Margrét Sverrisdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson eru nú aðal. Liðskipan minnihluta Sjálfstæðisflokks hefur ekki breyst á kjörtímabilinu. Þar ríkir meiri festa í þessum efnum.

audunn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is



# Ég er sjálfboðaliði



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

Í DAG | Tímaskortur

Herferð Rauða krossins til að fjölga sjálfboðaliðum hefur svo sannarlega haft áhrif. Ég hef varla hitt þá konu sem hefur ekki haft orð á því að hún ætti að gerast sjálfboðaliði. Ég hef engan karlmann hitt sem hefur fundið þörf fyrir það en það gæti verið tilviljun, af auglýsingunum að dæma eru þeir þarna líka. Þrátt fyrir að viðkomandi konur eigi jafnvel fimm börn, séu í fullu starfi og námi með, þá finnst þeim að þær ættu að láta gott af sér leiða, til dæmis með því að leggja Rauða krossinum lið. Við erum ekki af þeirri kynslóð að okkur þyki sjálfsagt að tómstundir eiginmannanna krefjist sjálfboðavinnu af okkar hálfu. Það er varla hægt að flokka árshátíðina og einstaka partý þar sem makar eru velkomnir undir slíkt.

Í samfélagi okkar er ekki rík hefð fyrir sjálfboðavinnu. Amerískar skólasystur mínar hættu til dæmis allar að vinna úti þegar þær eignuðust börnin en hafa síðan verið í fullu ólaunuðu starfi í tengslum við það hlutverk sitt að vera húsmæður í amerísku úthverfi. Þær þurfa að skutla rétt eins og íslenskir foreldrar en stærsti munurinn virðist mér vera sá að skólinn gengur út frá því að geta nýtt krafta þeirra. Þær kenna, aðstoða við vettvangsferðir, sjá jafnvel um bókhaldið og svo mætti áfram telja. Þó að íslenskir skólar (eða var það áhugamannafélagið Heimili og skóli?) krefjist meiri þátttöku af foreldrum í dag en var til dæmis gert þegar ég var barn, þá komumst við ekki með tærnar þar sem þeir amerísku hafa hælana.

### Að hafa tíma til hvers?

Þegar umræðan var komin á það stig að við vorum í fullri alvöru farnar að velta því fyrir okkur hvort við ættum að gefa kost á okkur sem heimsóknarvini eða í

*Því í hjarta mínu veit ég að ég get gert svo miklu meira... ef ég hefði tíma, ef ég hefði orku, ef ég væri ekki svona löt.*

Konukot spurði ein hvort við hefðum virkilega tíma í þetta? Hvort við hefðum ekki nú þegar nóg á okkar könnu, það færi jú tími og orka í að koma sínum eigin börnum til manns og svo væri alltaf spurning hvort það væri endalaust hægt að bæta við sig, þó það væri í nafni góðs málefnis. Ættum við ekki að líta okkur nær og sinna eigin ættingjum og vinum áður en við færum að sinna bláókunnugu fólki? Vera heima hjá eigin börnum í stað þess að arka um hverfið á laugardagskvöldum í nafni foreldrarölts í leit að börnum annarra foreldra? Hvenær er maður aflögufær með tíma sinn og orku? Í hvað viljum við eyða tímanum? Þegar málið var krufið kom auðvitað í ljós að við erum nú þegar í töluverðu sjálfboðaliðastarfi í tengslum við nám eða tómstundir barnanna, áhugamál okkar, húsið og/eða fagfélög. Allar kaupum við happdrættismiða af félagssamtökum og tökum vel á móti börnum sem banka uppá með beiðni um styrk í hitt og þetta. Stjórnmálaflokkurinn minn hefur aldrei þörf fyrir krafta mína nema rétt þegar staðið er í kosningabaráttu en þá breytist ég í sjálfboðaliða númer eitt. Þess á milli er hlutverk mitt að greiða afnotagjöldin, fyrirgefið félagsgjöldin. Milli kosninga hef ég því töluvert af ónýttri starfsorku sem gæti farið í að þrífa betur heima hjá mér, ala börnin betur upp, verið betri við manninn minn, unnið lengri vinnudag eða jafnvel slappað af en guð forði mér frá því. Þess í stað læt ég auglýsingaherferð koma inn hjá mér samviskubiti um að aldrei sé nóg að gert. Ég hljóti að geta gert betur.

### Syndaaflausn

Að vel athuguðu máli hef ég ákveðið að afþakka gott boð Rauða krossins um að gerast sjálfboðaliði. Að þessu sinni. Hann má hafa samband við mig síðar. Til að deyfa samviskubitið hef ég ákveðið að útbúa tvo skókassa í stað eins í því ágæta verkefni Jól í skókassa. Við mæðgur höfum þegar tekið til dót í einn, fyrir 11 ára gamla stúlku. Nú mun önnur 7 ára njóta gjafmildi okkar eða beiðni um syndaaflausn. Því í hjarta mínu veit ég að ég get gert svo miklu meira... ef ég hefði tíma, ef ég hefði orku, ef ég væri ekki svona löt, ef ég væri bara aðeins betri manneskja.

# Betri leiðir til Laugarvatns

UMRÆÐAN

Gjábakkavegur



ÓMAR RAGNARSSON

Hvers vegna á nú að fara að spila rússneska rúllettu með Þingvallavatn þegar það er óþarfi? Hægt er að leysa samgöngumál uppsveita Árnessýslu á annan og betri hátt en með hraðbraut og trukkaumferð inn í vatnsverndarsvæði þjóðgarðs með UNESCO-gæðastimpli.

Fyrir tveimur árum benti ég í sjónvarpi á tvær leiðir sem kæmu til greina til að stytta leiðina milli Reykjavíkur og uppsveita Árnessýslu. Önnur þeirra liggur um Nesjavallaveg með stuttum göngum gegnum Dyrafjöll, í austurátt við suðurenda Þingvallavatns um Kaldárhöfða við Steingrímsstöð og þaðan um Lyngdalsheiði til Laugarvatns. Leiðin hefur þann kost að hún liggur ekki um þjóðgarðinn og vatnsverndarsvæðið. En hún felur í sér stystu fljótlegustu mögulegu leiðina milli Reykjavíkur og Laugarvatns vegna þess að ekki þarf að draga hraðann niður á stórum kafla eins og nú þarf á leiðinni gegnum þjóðgarðinn. Nema menn vilji fylgja eftir núverandi hraðbrautaráformum austan Gjábakka og setja 90 km hraða á trukkana og rúturnar á brekkuðum vegi í gegnum þjóðgarðinn. Landvernd hefur mælt með þessari lagfærðu Nesjavallaleið. Önnur lausn þessa máls gæti þó falist í enn einfaldari aðgerð: Lagður yrði vegur til norðausturs rétt austan við Hveragerði yfir svonefnt Grafningsskarð yfir á Grafningsveg og þaðan farið um Ljósafoss og Lyngdalsheiði til Laugarvatns. Nú eru 93 kílómetrar frá Ingólfsfjall en þessi leið gæti orðið 10-12 kílómetrum styttri. Þótt hún yrði 8-10 kílómetrum lengri en leiðin um Þingvelli myndi meiri ökuhraði vinna það upp.

Þessi leið hefði þann kost fram yfir leiðirnar um Þingvelli og Nesjavelli að hún lægi ekki við Þingvallavatn og gæti á engan hátt ógnað lífríki og hreinleika þess. Nú eru 48 kílómetrar milli Laugarvatns og Hveragerðis en yrðu 36-38 eftir þessari leið. Sumarbústaðabyggð og umferð við norðanvert Þingvallavatn eru orðin ógnun við hreinleika vatnsins og UNESCO-gæðastimpil þess og ekki á það bætandi. Mín tillaga er því þessi: Setjum bundið slitlag á Konungsveginn milli Gjábakka og Laugarvatns, lagfærum hann lítillega á þeim fáu stöðum þar sem snjór safnast á hann og höldum honum opnum á veturna fyrir rólega ferðamannaumferð. Skoðum þá möguleika sem ég hef nefnt og leysum síðan þetta mál af fullri yfirvegun á þann hátt sem orðið getur okkur til sóma en ekki skammar.

*Höfundur er formaður Íslandshreyfingarinnar.*




# Heimsóknavinir gefa lífinu meiri lit

Heimsóknavinir Kópavogsdeildar Rauða krossins eru alls konar fólk á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum og stofnunum í Kópavogi til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun, gefa lífinu lit.

**Gæti heimsóknavinur gefið þínu lífi meiri lit?**

Heimsóknavinirnir eru sjálfboðaliðar. Þeir veita félagsskap og nærveru. Til dæmis með því að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að aka eða ganga. Margir reiða sig á heimsóknir sjálfboðaliðanna til að gleyma gráma hvunndagsins um stund.

**Þekkirðu einhvern sem myndi hafa gott af því að fá heimsókn sjálfboðaliða? Til dæmis einu sinni í viku, í klukkustund í senn?**

**Ekki hika við að hafa samband** í síma **554 6626** eða í netfangið **kopavogur@redcross.is**.

Rauði krossinn
Kópavogsdeild

Hamraborg 11, 2. hæð – opið virka daga kl. 11-13 – www.redcross.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




Sigurður hleypur stundum frá Háskólanum út í Skerjafjörð, þaðan að Fossvogskirkjugarði og annað hvort sömu leið til baka eða meðfram Öskjuhlíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í ógáti til Húsavíkur

***Sigurður Líndal lagaprófessor er léttur á fæti þótt kominn sé á efri ár. Sjötugur hljóp hann hálft maraþon og nú skokkar hann annan hvern morgun í 20-30 mínútur.***

„Ég hef alltaf haft þörf fyrir hreyfingu en hef aldrei stundað keppnisíþróttir. Einhvern tímann tók ég í körfubolta en sú íþrótt hentaði mér ekki. Fann að ég þyrfti að minnsta kosti að æfa mig í hástökki áður,“ segir Sigurður Líndal glettinn þegar hann er inntur eftir því hvernig hann haldi sér í formi. „En ég hef alla tíð hreyft mig mikið,“ bætir hann við. „Vann erfiðisvinnu fram undir þrítugt. Var meðal annars í sveit og eltist við hross og kindur og svo hef ég gengið mikið. Lengi vel var enginn bíll til á heimilinu þannig að allt varð að fara fótgangandi og hlaupandi ef maður var á seinni skipunum. Einhvern tíma var ég spurður hvort ég væri í líkamsrækt en ég svaraði sannleikanum samkvæmt: „Nei, ég er að verða of seinn.“

Það er samt ekki bara þegar Sigurður er of seinn sem hann sprettir úr spori. Hann kveðst hafa byrjað að hlaupa reglubundið fyrir tuttugu árum með ungum mönnum úr lagadeild. „Þeir voru að gantast með hvort ég kæmi ekki með þeim út að skokka og ég tók áskoruninni. Fyrst var ég úthaldslítill en svo lengdi ég hlaupið alltaf smátt og smátt á hverjum degi. Einu sinni var ég í Aðaldalnum í sumarhúsi með konunni og fór út að hlaupa. Ætlaði fyrst smá hring út á þjóðveg. Svo datt mér í hug að hlaupa út að Laxamýri. Þaðan að Saltvík og þegar þangað kom var hæð fram undan. Mig langaði að komast upp á hana. Áður en ég vissi af var ég kominn út á Húsavík og þá var eftir að hlaupa heim. Konan var farin að óttast um mig. Hélt ég lægi einhvers staðar dauður. En svo mældum við leiðina og þá reyndist hún vera 22 kílómetrar. Svo ég sá að ég hálft maraþon væri mér ekkert ofviða og hljóp það árið eftir, þegar ég var sjötugur. Ætlaði svo aftur þegar ég var 75 en konan bannaði mér það. Ég hlýði alltaf konum. Ég hlýddi ömmunum mínum, mömmu minni, konunni og ég hlýddi dætrunum. Þekki ekkert annað en að hlýða kvenfólki.“

*gun@frettabladid.is*




**Barnabækur** er gaman að lesa fyrir yngstu kynslóðina. Það ýtir undir þroska barna þegar lesið er fyrir þau og einnig er það góð samverustund að sitja saman og lesa skemmtilega bók.




# Lesið og lært hraðar

***Margir námsmenn hafa náð að bæta árangur sinn töluvert eftir setu á hraðlestrarnámskeiði.***

„Ég kenni aðferð til að fara á markvissari hátt í gegnum lestrarefnið þannig að við nýtum tímann okkar betur, förum hraðar í gegn og skiljum efnið aðeins betur,“ segir Jón Vigfús Bjarnason, skólastjóri Hraðlestrarskólans, og nefnir sem dæmi að meðalárangur á námskeiðunum sé þreföldun til fjórföldun á lestrarhraðanum á sama tíma og fólk nái að skilja efnið 25-35 prósent betur. „Það eru auðvitað til einstaklingar sem fara langt yfir þetta en lágmarksárangur hjá okkur er tvöföldun á lestrarhraða og námskeiðin eru með árangursábyrgð.“

Jón Vigfús segir hraðlesturinn einn og sér auðvelda fólki að flýta sér í gegnum textann en í Hraðlestrarskólanum sé einnig lögð mikil áhersla á að skilningurinn fylgi með. „Við förum þess vegna í ákveðna punkta varðandi námstækni og blöndum því saman við hraðlesturinn,“ segir hann.

„Hóparnir á námskeiðunum eru almennt mjög blandaðir en það er þó mikið um námsfólk og fólk úr atvinnulífinu sem þarf að komast yfir mikið efni. Auðvitað koma líka einstaklingar sem vilja komast loksins yfir jólabækurnar, Laxness eða eitthvað annað sem það á eftir að lesa,“ segir Jón og bætir því við að allir sem sótt hafi námskeiðin tali um að þeir lesi meira en áður. „Námsmenn hafa til dæmis tíma til að lesa sér til skemmtunar fyrir utan námsbækurnar og foreldrar tala um að unglingarnir þeirra séu allt í einu lagstir í bækur.“

Í Hraðlestrarskólanum er boðið upp á sex vikna námskeið sem Jón segir duga vel til að festa efnið í sessi. „Svo er líka boðið upp á þriggja vikna hraðnámskeið og blönduð fjarnámskeið sem eru tiltölulega nýbyrjuð hjá mér. Þá mætir fólk í fyrsta tímann og restin er svo í gegnum fjarkennslu á fjarkennsla.is.“

*sigridurh@frettabladid.is*



Jón Vigfús Bjarnason, skólastjóri Hraðlestrarskólans, lofar að minnsta kosti tvöföldun á lestrarhraða fyrir þá sem sækja námskeið hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Blómstraðu á báða bóga!** 27.-28. okt.
Viltu meiri velliðan, velgengni og auðlegð?
Námsstefna að Hótel Loftleiðum Reykjavík
5 fyrirlesarar * örnámskeið:
markmiðasetning - sjálfsímynd
fjárhagslegt frelsi - hreysti - hugarró
skráning á jona@namstaekni.is




www.blomstradu.net
Námstækni ehf. s. 899 4023

**Íslensk launfræði varpa ljósi á menningarsvæði fornaldar**




www.salkaforlag.is
Salka

## Heilsufæði fyrir alla




Námskeiðið verður haldið í Borgartúni.

***Matreiðslunámskeið verður haldið í Manni lifandi næsta fimmtudag.***

Heilsukostur er heiti matreiðslunámskeiðs sem haldið verður í Manni lifandi frá klukkan 18 til 21 fimmtudaginn 25. október. Námskeiðið er í formi fyrirlesturs og sýnikennslu, kynntar verða uppskriftir og ráðleggingar veittar um heilnæmt hráefni. *- eö*

**FJÖLSKYLDUBÓKIN Í ÁR!**




ÞÚ ERT FRÁBÆR - bók sem byggir upp sjálfstraust barna - og allra hinna
Bókaútgáfan Hólar - holar@simnet.is

**Læs börn með léttum leik**
Allt í einum pakka




**Lestrardrekinn Fúfú**
spýr bókstöfum og orðum út úr gininu og börnin lesa

**Stafastrimlar**
10 Stafastrimlar í ginið á Fúfú

**Stafabangsar**
72 Stafabangsar, bæði stórir og litlir bókstafir

**Stafahús**
2 Stafahús. Bókstafirnir fara með lyftunni, hittast og mynda orð. Má nota sem spil

**Stafrófið**
108 Bókstafir á spjöldum til að klippa út
Allt stafrófið þrisvar sinnum

**Bangsabíll**
Í bangsabílnum raða stafabangsarnir sér upp og mynda orð



www.steinn.is - steinn@steinn.is
Sími 896 68 24

Leikföng fyrir barnið - Handbók fyrir pabba og mömmu - afa og ömmu

Kynning á Krakkadögum í Eymundsson Smáralind laugardag 3. nóvember kl 14:00.
Eymundsson

**Pasta** er ekki sama og pasta. Heilhveitipasta og speltpasta er mun næringarríkara en pasta úr hvítu hveiti og hentar sumum jafnvel betur. Sama má segja um brún hrísgrjón eða hýðisgrjón, sem eru mun hollari en hvít.





## Bleika slaufan

OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN



# Skurðmeðferð við brjóstakrabbameini

Óhætt er að fullyrða að lífshorfur íslenskra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein séu með þeim bestu sem þekkist í heiminum og flestar konur læknast af sínum sjúkdómi. Skurðaðgerð er oftast fyrsta stig meðferðarinnar eftir að sjúkdómsgreiningin er ljós. Þá er krabbameinið úr brjóstinu fjarlægt og í sömu aðgerð einnig eitlar úr holhönd sömu megin. Í flestum tilfellum reynist nægjanlegt að taka krabbameinið ásamt aðliggjandi eðlilegum brjóstavef (fleygskurður) en stundum er nauðsynlegt að fjarlægja allt brjóstið. Geislameðferð er oftast beitt í kjölfar fleygskurðar og eru lífshorfur þeirra sem fara í fleygskurð og geislameðferð sambærilegar því þegar brottnám brjóstsins er framkvæmt.

Undanfarin ár hafa í Evrópu orðið miklar framfarir í skurðmeðferð brjóstakrabbameina og í nokkrum löndum eru brjóstaskurðlækningar orðnar sérstök undirsérgrein skurðlækninga. Áfram er auðvitað mikilvægast að leitast sé við að sjúkdómurinn sé læknaður, en jafnframt hafa þróast nýjar aðferðir í brjóstaskurðlækningum („oncoplastik“) þar sem notast er við tækni lýtaskurðlækninga. Þá er meinið skorið burt með því sjónarmiði að valda sem minnsta lýti án þess að það komi að nokkru leyti niður á árangri meðferðarinnar. Í stórum brjóstum er t.d. unnt að fjarlægja krabbameinið og minnka brjóstið í leiðinni með því að notast viðhefðbundnar brjóstaminnkunaraðferðir lýtaskurðlækninga. Heilbrigða brjóstið er minnkað á sama hátt og sjúka brjóstið síðan geislað eftir aðgerðina. Í minni brjóstum hafa verið þróaðar aðferðir til að koma í veg fyrir afmyndun brjóstsins í kjölfar fleygskurðar (brjóstamótun). Þegar fjarlægja þarf allt brjóstið er stundum hægt að byggja það upp í sömu aðgerð ef konan óskar eftir því. Ef líkur eru taldar á að framhaldsmeðferð muni reynast nauðsynleg eftir brottnám brjóstsins, er oftast mælt með því að klára hana áður en brjóstið er byggt upp að nýju. Brjóst eru byggð upp með annaðhvort eigin vef konunnar eða þá að gervibrjósti er komið fyrir undir húð og vöðvum. Uppbygging brjósta eftir brottnám og brjóstamótun geta s.s. verið talsvert umfangsmeiri en hefðbundnar brjóstakrabbameinsskurðaðgerðir og felast stundum í aðgerðum á báðum brjóstunum til að koma í veg fyrir ósamræmi á útliti og stærð. Þó að aldur og almennt heilsufar skipti máli er alltaf leitast við að koma til móts við óskir kvenna. Þessi þróun í brjóstaskurðlækningum getur haft mjög jákvæð áhrif á lífsgæði kvenna þó að þau séu vissulega einstaklingsbundin. Á meðan einni konu finnst óhugsandi annað en að brjóst hennar sé byggt upp að nýju eftir brottnámið finnst þeirri næstu alveg hægt að venjast því að ganga með gervibrjóst í brjóstahaldaranum og getur ekki hugsað sér að fara í aðra aðgerð!

Brjóstaskurðlæknir sem hefur sérhæft sig á þessu sviði þarf að taka tillit til og koma til móts við mismunandi kröfur þessara kvenna og að búa yfir tæknilegri færni til að bjóða upp á brjóstauppbyggingu og brjóstamótun. Jafnframt krefjast þessar aðgerðir meiri undirbúnings af hálfu skurðlæknisins og konunnar. Þegar að aðgerðinni kemur verða konunni að vera fyllilega ljósir kostir og gallar (og hugsanlegar hættur) aðgerðarinnar og hún verður að hafa haft tíma til þess að fá öllum sínum spurningum svarað. Þetta getur verið tímafrekt ferli og kallar á aukna sérhæfingu þess starfsfólks sem vinnur við meðferð brjóstakrabbameina.

Í flestum tilfellum er þörf á því að fjarlægja holhandareitla samfara brjóstaaðgerðinni. Það er þáttur í meðferð krabbameinsins en gerir einnig kleift að rannsaka hvort krabbamein hefur borist í eitlana. Slík vitneskja hjálpar til við að meta útbreiðslu sjúkdómsins og gefur mikilvægar upplýsingar um frekari framhaldsmeðferð (lyf- eða geislameðferð). Undanfarin ár hefur nýjum og skilvirkari aðferðum verið beitt við brottnám holhandareitla. Þær felast í því að fjarlægja s.k. „varðeitil“, en það er sá eitill sem líklegastur er til að hafa í sér krabbamein (meinvarp) ef það hefur dreifst út fyrir brjóstið. Varðeitillinn er síðan skoðaður með smásjárrannsókn meðan á aðgerðinni stendur og ef krabbamein er til staðar í honum eru fleiri eitlar fjarlægðir úr holhöndinni. Á hinn bóginn er þeim konum, sem ekki eru með krabbamein í þessum eitli hlíft við frekari eitlatöku, en langvarandi handarbjúgur getur fylgt holhandareitlatöku.

Ljóst er að margs er að gæta áður en brjóstaskurðaðgerð er framkvæmd. Uppbygging brjósta við brottnám, brjóstamótun samfara fleygskurði og varðeitlabrottnám eru mikilvægar nýjar skurðaðgerðir sem nú eru viðhafðar í skurðaðgerðum á brjóstakrabbameini. Þessar nýju skurðaðferðir bæta ekki lífshorfur en hafa haft mikil áhrif á lífsgæði kvenna með brjóstakrabbamein.

*Kristján Skúli Ásgeirsson, skurðlæknir*
*Þórdís Kjartansdóttir, skurðlæknir*


**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**23. október** Jurtanotkun og börn.
*Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir*
**25. október** Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
*Meistarakokkar Maður lifandi*
**30. október** Veit einhver hvað þetta "sófasett" er að gera inni í stofu?
*Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur*
**31. október** Ævintýralíf
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
**03. nóvember** Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins
**06. nóvember** Hvernig er staðan á þér?
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 30. október n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR



Bætiefni
Spirulina
Hressandi og brennsluaukandi
Heilsuhornið
Þekking-reynsla-góð þjónusta
GLERÁRTORG
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Fiskislóð, Mosfellsbæ, Bíldshöfða og Akranesi, Heilsuhúsið Selfossi

BIONAL
AppelSlim® Xtra
*AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.*
***Náttúruleg innihaldsefni:***
*Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.*







Sjakradans
-chakra dance
-Dans og jógastöður í gegnum orkustöðvarnar
Námskeið
laugardaginn 10. nóvember
klukkan 12:00
Gerðubergi Reykjavík
Hleyptu Gyðjunni út og dansaðu!
Púlsinn námskeið


Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI




**Bílabúð Benna ehf.**
**Bíldshöfða 10,**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



### Vááá!!! Ekinn aðeins 8 þ. km!

Ford Expedition 5.4 Limited 35". Umboðsbíll, í ábyrgð. Árg. 2006. Ssk. leður ofl. Verð 4.980 þús. Rnr.121594 Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Klettháls 2, S. 562 1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

Mótor & Sport



### Hippar

Á afmælistilboði 298 þús. með götu-skráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófa-vörn, rollbar, töskum, litur: svart.



### Ítalskar vespur

50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan..

**Mótor og sport ehf**
**Stórhöfða 17, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Eigum til á lager 80cc kitt í vespur. Kr. 34.000.-**
**www.motorogsport.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



Toyota Land Cruiser 90 dísel 33" ssk., árg. '97, ek. 181 þ. Ný yfirfarinn, Verð 1.650 þ. Tilboð 1.290 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110073 S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

## Bílar til sölu




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! Japanskir, Amerískir, Evrópskir bílar á útsölu. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 frá 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com




Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com






Toyota Hiace, dísel, 4x4, árg. '94. Sendibíll/vinnubíll. Ek. 234 þ. Þarf að laga bremsur. Verð 70 þ. tilboð. Uppl. í s. 869 9766.



Honda CRV Advance 4x4 '01 ek. 106þ. km, sjálfsk, með krók. V. 1.200 þ.kr. Uppl. s. 856-7472.



Nissan Primera árg. '97, 2,0 ssk. í mjög góðu standi. V. 190 þús. MP3, vetrar-dekk og álfelgur. Uppl. í s. 898 8835.



### Alvöru útsala!

Til sölu Renault Megané Scenec, árg. '00, ek. 146 þús., ssk. Er í mjög góðu lagi. Ásett Verð 890 þús. Fæst á 445 þús. Uppl. í s. 898 8835.



### Geggjuð 451 Hestafla Græja. Skoða öll skipti

Audi A8 W12 Quattro, árg. '05, ek.137 þ., ssk., sk. 09, Tv. Einn með gjörsamlega öllu. Ásett verð 9,9. S. 661 8185.



### Góður í vetur.

Ford Focus SW, árg. '03,1600v, 5 gíra, ek.75 þ., vetrardekk, yfirtaka á góðu láni. S. 820 0151.



### Aðeins 17 þús á mánuði

Renault Megan SW, árg '01, ek. 97 þ., ssk., CD, nýyfirfarinn bíll á góðu láni. 897 2425.



### Aðeins 16 þ. Pr mánuð !!

Hyundai Getz GLS. Árg. '03.1300. Ek. 51 þ. 5 Gíra. Sk. 08, ABS, CD. Fæst á 100% Láni. 661 8197.



Ford Bronco, árg. '78-79, ek. 90 þús míl. 38" breyttur, þarfnast pínu lagfæringar. S. 663 8129.

### www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Til sölu gamall Range Rover með 2.5l TDI vél ekinn ca. 210 þ.km í ágætu lagi verð 350000.og gamall Combi Camp tjaldvagn með fortjaldi og ýmsu dóti verð 100000. Símii 848 0709.

Nissan Micra '99 ek.113 þ. Skoðuð 08. 3ja dyra bsk. Uppl í s. 691 6859 e.kl 16.

Toyota Corolla Sedan árg. 2005. Ekinn 67.000 hvítur 16"álfelgur umboðsbíll. Þjónustubók verð 1240.000 100% lán sími 844 6690.

Renault Megnaé '97 ek. 120 þ. ssk., sk. 07. Nýtt púst, bremsuklossar og stýrisendar. Selst ódýrt . Nánari uppl. í s. 693 9060.

## 0-250 þús.



Til sölu VW Candy, þarnast smá lag-færingar, 60.000 kr. Upplýsingar í síma 661 3700.

Mitsubishi Pajero, '92 V6 langur, mikið endurnýjaður og góður bíll, en þarfnast smá lagfæringar. Selst ódýrt. Uppl. í 849 2255.

Ódýr, mjög góður!! Renault 19, árg. '95, sk. '08, V. 75 þ. Hunday árg. '95, V. 35þ. S. 844 6609.

Mitsubishi Galant árg. '91, ssk., skoð. '08. V. 85 þús. S. 699 3548.

### Sjálfskiptur - Verð 220 þús!

Toyota Corolla Station, árg. '98, ssk. Verð aðeins 220 þús. S. 691 9374.

## 250-499 þús.



Til sölu Toyota Carina E 2.0L '95 sk. 08 ek. 150 þús. lítur mjög vel út álfelgur ný dekk krókur. Vél með farinn gott eintak ásett verð 360 þús. Uppl. í s. 893 8048.



Til sölu vel með farin Mercedes Benz '95, keyrður 185.000. Verð 450.000 kr. Upplýsingar í síma 661 3700.

Nissan Almera '96 til sölu. Ek. 65 þús. sk.'08. Sumar og vetrardekk á felgum. Verð 330 þús. Sími 892 4248.

Opel Vectra 1.6 árg. '98 4 dyra ek. 121 þ. V. 349 þ. S. 865 7216.

## 500-999 þús.



Polo 1,4 02/02 ek. 95 þ. Ný tímareim og fl. V.790 Tilb. óskast. S. 693 8508 e. kl.17.

## 1-2 milljónir



Til sölu Mazda 2, árg. 2006, ekin 11þ km, ákv. 1300þ afb. 24þ, verð 1450þ, S: 8247601

## 2 milljónir +



Glæsilegur Pajero GDI árg. '01 til sölu. Ek. 98 þ. Breyttur 33" ný dekk og felgur Einn með öllu tilb. óskast í síma 6951314 Einir .



VW Passat TDi 1900, bsk., árg. '06, ek. 45 þús. Verð 1.990 þús kr. S. 867 3680.

## Bílar óskast

Vantar bíl á 0 - 100 þúsund. Endilega hafið samband. Kv Kjartan 8663838.

Óska eftir ódýrum bíl á 15-60 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707.

## Jeppar




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Til sölu Ford Explorer LTD 4WD Limited, árgerð 2004, ekinn 48.000 km. Upplýsingar í síma 6959757/5670388



Nýr Dodge Ram Megacap SLT 2007, Disel.Ekinn 2100 milur. 40" breytur, Loftpúðar, Loftdæla, Frábær ferðabíll. Verð 6.900.000.- Uppl, í síma 663-6080



Til sölu silfurgrár L-200. Instyle dísil, ssk. 2.5, 136 hö + aflauki . 4 d. með leðri. Skráður 08.03.07. Ekinn 13.000 þúsund. Aukahlutir á bíl: Dráttarbeisli, Sport grill, Spoiler á framstuðara, Aflauki, Króm pakki, Heitklæðning í pall, Gluggahlífar, Hús á pall, 17" antera felgur, Áhugasamir hafið samband í s. 856 7710.



### Daiwoo Musso 2001

Daiwoo Musso '01, 2.9 TTI 155 hö., ssk., 35" breyttur. high output. Ek. 105 þús. Nýsk. án aths. Áhv. 900 þús. V. 1370 þ. Eða verðtilboð. Uppl. í s. 846 2523.



# Kerfisloft

Glæsileiki og einstök hljóðvist. Lausnir sem henta alsstaðar þar sem gerðar eru hágmarkskröfur um útlit og hljóðvist.

Ecophon

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!

# húsbyggjandinn

ÞRIÐJUDAGUR 23. OKTÓBER 2007



## Teppin snúa aftur

**Dúnmjúk, umvefjandi og örugg teppaspor** BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verk og vit 2008



## Stórsýningin Verk og vit

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál, mannvirkjagerð og orkumál í Laugardalshöllinni

Um **70%** sýningarrýmis seld

### Opinn kynningarfundur

AP sýningar halda opinn kynningarfund í sal 1 í Laugardalshöllinni **þriðjudaginn 30. október nk. kl. 9:00** um stórsýninguna Verk og vit sem haldin verður **17.-20. apríl 2008.**

Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku á verkogvit@appr.is eigi síðar en föstudaginn 26. október nk.

AP. Upplýsingar um sýninguna er að finna á **verkogvit.is** eða í síma 511 1230.

Samstarfsaðilar: Iðnaðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, SI Samtök iðnaðarins, Landsbankinn, ÍSTAK

AP almannatengsl / H2 hönnun

# Hús úr hvítum kubbum

**Flestir kaupa tilbúið húsnæði, aðrir lóð og láta fagmenn byggja fyrir sig. Enn eru þeir þó til sem koma sér upp húsi með eigin höndum. Kolbrún Þorleifsdóttir sjúkraliði og Harry Herlufsen pípulagningamaður eru meðal þeirra og þau líta á það sem skemmtilega tómstundaiðju.**



Kolbrún og Harry ákváðu að byggja hús sér til gamans þótt þau eigi þegar eitt. Veggirnir eru komnir nánast í fulla hæð og það styttist í að steypunni verði rennt í mótin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Einu áhöldin sem uppslátturinn þarfnast eru málbönd og sagir.



„Foreldrar mínir byggðu hús þegar ég var lítil þannig að maður þekkir ekkert annað," segir Kolbrún og Strandamaðurinn Harry tekur undir það. „Það gerist ekkert af sjálfu sér," segir hann.

Eftir að hafa ekið um ein þrjátíu hringtorg og skyggnst um á nýbyggingarsvæðinu Völlunum í Hafnarfirði er staðnæmst innst í botnlanga. Þar er einmitt fólkið sem verið er að leita að. Hjón að byggja sitt eigið hús og hjálpast að. Aðspurð segjast þau heita Kolbrún og Harry. Það er líkast sem þau séu í legókubbaleik þar sem þau raða saman einingamótum úr laufléttu frauðplasti. Steypustyrktarjárnin eru bundin í mótin jafnóðum og lóðréttu járnunum smeygt ofan í. Hjónin búast við að steypa eftir helgina. Plastið verður svo sem einangrun utan og innan á steypunni og verður annaðhvort pússað eða klætt.

Þau Kolbrún og Harry segja mótin vera íslenska framleiðslu og sýna umbúðir frá Víkinghúsum. „Við byggðum tveggja hæða hús með sömu tækni fyrir átta árum og búum í því núna. Það er mjög hlýtt og gott. Okkur langaði bara að byggja annað. Þetta er svo skemmtilegt efni að vinna með," segir Kolbrún og virðist meina hvert orð. Harry tekur undir það. „Við förum hingað þegar laus tími er og veður og vindar leyfa, ýmist saman eða hvort um sig. Hún hefur verið hér heilu dagana án þess að ég hafi komið," segir hann og bendir á frúna.

Þetta er semsagt tómstundagaman þeirra hjóna. „Útiveran er holl og það er fínt að vera á kaupi við að reyna aðeins á sig hér í stað þess að borga fyrir það í einhverri heilsuræktarstöð," segir Kolbrún brosandi. Hún segir börnin þeirra, sem reyndar séu orðin fullorðið fólk, líka vera þeim til hjálpar. Til að forða lausa plastinu frá foki hafa hjónin fengið að geyma það inni hjá næsta nágranna. Hér er greinilega gott samkomulag á milli bæja. Það er líka eins gott því húsin standa mjög þétt. Bara fimm metrar á milli og útsýnið úr gluggum á einni hliðinni eru beint inn í glugga nágrannans.

Hús Harrys og Kolbrúnar verður 230 fermetrar á einni hæð og tvöfaldur bílskúr inni í því. Það eru um tvö ár frá því framkvæmdir hófust í grunninum, sem áður var djúpur hraunbolli. Kolbrún og Harry segjast hafa fengið smið til að hjálpa sér við grunninn svo hann yrði réttur. Hitalögn er í gólfinu og þar kom pípulagningakunnátta Harrys að heppilegum notum. Sonurinn er rafvirki svo raflagnir verða ekki vandamál heldur. „Sparnaðurinn liggur í eigin vinnu," segja þau hjónin. Gluggarnir verða settir tilbúnir í húsið þegar búið er að steypa veggina. Þeir verða frá Glugga- og glerhöllinni á Akranesi. Viðhaldsfríir plastgluggar með álprófílum, að sögn Harrys.

Kolbrún og Harry ólust bæði upp í Hafnarfirði en Harry kveðst Strandamaður að upplagi. Þau rifja upp berjaferðir og aðrar ævintýraferðir út í hraunið sem þau eru að byggja á núna. Þar sem þau eru við enda á götu eru þau svo heppin að hafa smá sýnishorn af ósnortnu hrauni við hliðina á sér. „Dóttursonurinn þriggja ára var hér í berjum í sumar," segir Kolbrún brosandi.

*gun@frettabladid.is*




## Star Trek í hólf og gólf

Sumir taka áhugamál sín alvarlegar en aðrir. Á meðan einn hengir upp veggspjald af uppáhalds knattspyrnumanninum inni í svefnherbergi eru aðrir eins og Bretinn Tony Alleyne sem hefur innréttað alla íbúð sína eins og geimskip í þáttunum Star Trek.

Alleyne býr í stúdíóíbúð í ósköp venjulegri blokk í smábæ norður af Lundúnum. Gestir hans verða varir við hið sérstæða áhugamál um leið og ýtt er á dyrabjölluna en þá galar rödd Patrick Stewart „Welcome to the 24th century."

Alleyne hóf að breyta íbúð sinni árið 1994 þegar eiginkonan yfirgaf hann og þremur árum síðar var verkinu lokið. Hann þurfti að smíða allar innréttingar sjálfur enda fást Star Trek-innréttingar ekki hvar sem er.

Íbúðin lítur ekki aðeins út eins og sviðsmynd úr Star Trek-þætti heldur hefur hann einnig komið fyrir alls konar tækninýjungum sem gera upplifunina enn raunverulegri.

Þótt ótrúlegt megi virðast hafa fleiri áhuga á að innrétta íbúðir sínar í sama stíl og hefur Alleyne fengið þó nokkrar fyrirspurnir um að hanna Star Trek-íbúðir fyrir hina og þessa „trekkara" um allan heim.



Meira að segja baðherbergið hefur fengið Star Trek-yfirhalningu.



Tony Alleyne hefur innréttað alla íbúð sína í Star Trek-stíl.



Öll íbúðin er eins og sviðsmynd úr bíómynd.

www.pgv.is

# LENGDU SUMARIÐ ...

## SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU



pgv

Bæjarhrauni 6, 220 Hafnafjörður
Ægisbraut 30, 300 Akranes
Sími: 456 2000 • Fax: 564 6081 • www.pgv.is

Gluggar Útihurðar Sérsmíði
Verðtilboð, upplýsingar & ráðgjöf





GK GLUGGAR
GLUGGAR OG KLÆÐNING ehf.
Völuteig 21, 270 Mosfellsbæ S: 566 6787 www.gkgluggar.is




Mest er keypt af einlitum ullarteppum og eru ljósu litirnir vinsælastir.

# Dúnmjúk, umvefjandi og örugg teppaspor

**Flestir þekkja þá dásamlegu tilfinningu að ganga á dúnmjúku gólfteppi, en sú tíska að teppaleggja stofur er að ryðja sér til rúms aftur meðal landsmanna.**

„Flestir teppaleggja eitt til tvö rými í híbýlum sínum og æ fleiri velja teppi á stofur sínar, sjónvarpshol og jafnvel hjónaherbergið,“ segir Olgeir Þórisson, framkvæmdastjóri Gólfefna ehf-Teppalands, um leið og hann vísar til föðurhúsanna þeirri staðhæfingu að teppum fylgi meiri rykvandamál en harðari gólfefnum.

„Þýsku og dönsku ofnæmissamtökin mæla með textílefnum á gólf sé einhver á heimilinu með rykofnæmi. Ryk fellur óhjákvæmilega alltaf til í húsum. Teppi bindur ryk á meðan ryk á flísum og parketti fýkur um og þyrlast á eftir þeim sem ganga um og barnið skríður í því. Það gleymist svo stundum að það þarf að þrífa gólfteppi eins og önnur gólfefni,“ segir Olgeir og bendir á að hægt sé að fá teppi í öllum gæðaflokkum og á verðbilinu 400 til 14.000 krónur fermetrann.

„Mest er keypt af vönduðum einlitum ullarteppum og ljósir litir eru vinsælastir, en við sjáum þess merki að sterkari litir, eins og appelsínugulir, kóngabláir eða svartir með kavíaráferð eru að verða vinsælli og koma meira inn. Svo er alltaf einn og einn sem vill láta sérvefa fyrir sig munstur, og lykkjuteppi í breskum sveitastíl njóta mikilla vinsælda,“ segir Olgeir og minnist rósóttu teppanna sem margir muna eftir í stássstofum ömmu og afa hér áður fyrr.

„Blómmunstruð teppi eru dýrari því vefnaður er flóknari í framleiðslu. Hins vegar er alltaf ákveðinn hópur sem kaupir þau vegna þess hve teppin eru praktísk, en mynstrin voru upphaflega gerð til að fela óhreinindi, eins og kolaryk úr skóm gesta á hótelum. Mynstruð teppi lengja líftíma teppa um helming, en vönduð ullarteppi halda sér vel í tuttugu ár,“ segir Olgeir og telur upp helstu kosti þess að velja teppi umfram önnur gólfefni.



Olgeir Þórisson, framkvæmdastjóri Gólfefna ehf-Teppalands, með myndarlegt úrval gólfteppa í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Teppi eru umhverfisvæn á þann hátt að hiti getur verið allt að tveimur gráðum lægri en þar sem er parkett. Teppi eru hlý og einangrandi, og þau veita mikið öryggi gagnvart slysum á heimilum þar sem þau taka af föll sem geta orðið að stórslysi á harðari gólfefnum.“

*thordis@frettabladid.is*



Kóngablá og appelsínugul teppi eru að ryðja sér til rúms.

# Hvítt er enn vinsælast

Bára Gunnlaugsdóttir, innanhússarkitekt hjá Ormsson sem býður upp á úrval af HTH innréttingum, segir að hvítur háglans sé enn leiðandi þó að nú séu dekkri viðartegundir farnar að koma inn í bland við hvíta litinn. „Límtrésborðplötur eru orðnar mjög vinsælar í eldhús og gefa hlýju í bland við háglansinn en plöturnar eru í góðri þykkt og mjög vandaðar,“ segir Bára og bætir því við að vaskar séu fræstir í plötuna auk spanhelluborða, innbyggðra kaffivéla, vínkæla og combi-ofna sem séu jafnan ofarlega á óskalista viðskiptavina.

„Það er mikilvægt að huga að innréttingum íbúðarhúsnæðis strax í upphafi því allar innréttingar heimilisins hafa jafn mikið vægi, og heildarmynd þeirra endurspeglar persónulegan stíl hvers og eins,” segir Bára og bætir við: „Á næstu misserum fáum við væntanlega að sjá meiri áherslu lagða á hlýleika og mýkri línur þar sem klassísk hönnun er útfærð í nýjan búning.” *- sig*



Bára Gunnlaugsdóttir innanhúsarkitekt og Helga Nína Aas, tækniteiknari hjá Ormsson, aðstoða viðskiptavini við að finna réttu innréttinguna í Ormsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Geymslu-
og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.




Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

# HELGAFELL

**STÓRBROTIÐ ÚTSÝNI**
**GÓÐ FJÁRFESTING**
**STÓRAR LÓÐIR**




## „Þegar maður á lífsblóm byggir maður hús.“

- Halldór Laxness, Sjálfstætt fólk.



**DÆMI UM LÓÐIR TIL SÖLU:** ***ATH. Gatnagerðagjöld eru innifalin í lóðaverði.**

| | Ásland 13 | Ástu - Sólliljugata 17 | Uglugata 25 |
|---|---|---|---|
| Stærð lóðar: | 778,3 m² | 790,5 m² | 804,9 m² |
| Stærð byggingarreits: | 308 m² | 236 m² | 320,9 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,45 | 0,45 | 0,45 |
| Hámarks gólflötur: | 350,23 m² | 355,72 m² | 320,9 m² |
| Verð: | 19.500.000 kr. | 18.500.000 kr. | 20.000.000 kr. |










Ákveðið var að sækja í sjóð Nóbelsskáldsins og Mosfellingsins Halldórs Laxness þegar göturnar í Helgafellshverfi voru nefndar og velja þeim einföld og falleg nöfn. Göturnar sem mynda miðju hverfisins eru nefndar eftir tveimur af þekktustu sögum skáldsins og heita Gerplustræti og Vefarastræti. Aðrar götur í hverfinu eru nefndar af litríkustu kvennpersónum verka Laxness og heita Diljárgata, Liljugata, Sölkugata og Snæfríðargata, svo einhverjar séu nefndar.

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG**

**helgafell.is**

Helgafellsbyggingar ehf. // Völuteig 8 // 270 Mosfellsbæ // Sími: 575 6800 // 840 6801 // hannes@ helgafell.is

# Alltaf sem nýtt og þarf aldrei að mála

**Á dögunum sameinuðust fyrirtækin PGV og Glugga- og glerhöllin á Akranesi undir merkjum PGV ehf.**

Þorsteinn Jóhannesson er framkvæmdastjóri PGV og einn af eigendum sameinaðs fyrirtækis. Það hefur hingað til verið í Hafnarfirði en hann segir fyrirhugað að flytja framleiðslu PGV upp á Akranes og hafa höfuðstarfsemi beggja fyrirtækjanna undir sama þaki. Söluskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu muni þó stækka og eflast og einnig verði slík skrifstofa á Akranesi og Húsavík.

Á Skaganum hefur verið rekin glerverksmiðja frá 1946, fyrst lengi vel undir nafninu Glerslípun Akraness en árið 2000 tóku nýir eigendur við og breyttu nafninu í Glugga- og glerhöllin. Fyrir utan að skera gler eftir pöntunum hóf hún framleiðslu á plastgluggum fyrir þremur og hálfu ári.

Fyrirtækið PGV ehf. var stofnað árið 2002 og er stærsta fyrirtækið á landinu í framleiðslu á viðhaldsfríum gluggum að sögn Þorsteins. „Við höfum hingað til þurft að kaupa gler annars staðar og endurselja svo en með sameiningu við Glugga- og glerhöllina framleiðum við bæði gluggana og glerið. Þetta er mikil hagræðing í rekstri sem skilar sér í betra verði til viðskiptavina og betri þjónustu þar sem þeir leita nú bara á einn stað til þess að kaupa glugga, hurðir, sólstofur, svalalokanir og gler,“ segir hann. En hvaða undraefni er þetta Pvc-u sem ekki þarf neitt viðhald? „Pvc-u er harðplastefni sem helst alltaf sem nýtt og þarf aldrei að mála,“ lýsir Þorsteinn og bætir við að efninu fylgi tíu ára ábyrgð.

Starfsmannafjöldi hjá sameinuðu fyrirtæki PGV ehf. er nú 21 en Þorsteinn segir að þeim fari fjölgandi. „Ég geri ráð fyrir að sala á okkar vörum aukist áfram og meiningin er að tvöfalda glerframleiðslu strax á næsta ári auk þess að bæta við fleiri vörum sem falla að starfseminni. Það er stefna PGV ehf. að verða leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu á gluggum, gleri og öðrum tengdum vörum í byggingariðnaði,“ segir Þorsteinn bjartsýnn.

*gun@frettabladid.is*



Viðhaldsfríir gluggar eru vinsælir nú til dags.



Margs konar litir eru fáanlegir.



Horft út um gluggana að innan.



„Meiningin er að tvöfalda glerframleiðslu strax á næsta ári,“ segir Þorsteinn hjá PGV.



*Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf | Nálægð við alþjóðaflugvöll og þjónustuhöfn | Greiðar samgöngur*

# Glæsilegar atvinnulóðir á besta stað

## Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar atvinnulóðir í Hellnahrauni 2. og 3. áfanga og Kapelluhrauni 1. áfanga.




Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, upplýsingum um gatnagerðargjald, gjalddaga/eindaga o.fl., fást afhent í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6 og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is.

**Eftirtaldar upplýsingar og fylgiskjöl skulu fylgja umsókn og er það skilyrði þess að þeim sé veitt viðtaka:**
Tilgreina skal á hverju af ofangreindum svæðum er sótt um lóð, hversu stórri lóð er óskað eftir og gera grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og umhverfisáhrifum hennar.

Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2006 og milliuppgjöri fyrir árið 2007 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Einnig þarf að fylgja yfirlýsing lánastofnunar um fjármögnun byggingarframkvæmda.

**Lóðum er eingöngu úthlutað til lögaðila.**

Hver umsókn kostar 3.000 kr. sem greiðast þegar umsókn er skilað. Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 26. október í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6. Þjónustuverið er opið alla virka daga frá kl. 8 - 17. Umsóknum má skila rafrænt.
Greiðsla fyrir umsókn leggist inn á reikning nr. 0327-26-59, kt. 590169-7579 og kvittun fyrir greiðslu sendist á info@hafnarfjordur.is.

Þeim sem þegar hafa sótt um lóðir verður sent bréf og ber þeim að staðfesta umsóknir sínar með þeim upplýsingum sem óskað er eftir í auglýsingu þessari.

**Hellnahraun 3 afmarkast af háspennulínum til norðurs, Krýsuvíkurvegi til austurs og væntanlegum Ofanbyggðavegi til suðurs.**

Á svæðinu eru lausar 100 lóðir, stærðir frá 2.700 $m^2$.

*Austurhluti svæðisins er skilgreindur sem athafnasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025. Á svæðinu er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Á þessum hluta svæðisins eru lausar 32 lóðir, sem afhentar verða í júní 2008.*

*Vesturhluti svæðisins er skilgreindur sem iðnaðarsvæði í flokki B2. Á svæðinu er gert ráð fyrir iðnaði og atvinnustarfsemi sem hefur óverulega mengandi áhrif á umhverfi sitt. Á þessum hluta svæðisins eru lausar 68 lóðir, sem afhentar verða í nóvember 2008.*

**Hellnahraun 2 afmarkast af háspennulínum til norðurs og suðurs og Krýsuvíkurvegi til austurs.**

Á svæðinu eru lausar 3 lóðir við Einhellu, stærðir 4.700 – 5.500 $m^2$, sem eru tilbúnar til afhendingar.

*Hellnahraun 2 er skilgreint sem iðnaðarsvæði í flokki B2 sbr. ofangreint.*

**Kapelluhraun 1 afmarkast af fyrirhugaðri legu Reykjanesbrautar til norðurs og kvartmílubraut til suðurs.**

Á svæðinu eru lausar 14 lóðir, stærðir 3.000 – 14.000 $m^2$, sem afhentar verða síðla árs 2008.

*Kapelluhraun 1 er skilgreint sem iðnaðarsvæði í flokki B3. Flokkur B3 gerir m.a. ráð fyrir þungaiðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir.*

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 26. október
í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar,
Strandgötu 6, sími 585 5500.
Þjónustuverið er opið alla virka daga frá kl. 8 - 17.

Allar upplýsingar eru á www.hafnarfjordur.is

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að skapa gott og aðlaðandi starfsumhverfi fyrir fyrirtækin í bænum og leggur ríka áherslu á skilvirka þjónustu bæjarstofnana. Bærinn vill stuðla að nýrri atvinnuuppbyggingu en styrkleiki atvinnulífs Hafnarfjarðar felst í reynslu og þekkingu á stóriðju, iðnaði, hafnarstarfsemi, framleiðslu- og þekkingariðnaði, ferðaþjónustu, menningarstarfsemi, verslun og þjónustu.

HAFNARFJÖRÐUR

# ÖLL BESTU MERKIN

## OG ÚRVALIÐ Á EINUM STAÐ




**STÓR SKJÁR LÁGT VERÐ**

**GRUNDIG**

Grundig LXW1178735REF
46" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Progressive Scan, 1.000:1 skerpu, Nicam stereó hljóðkerfi, 3 x Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990




**Panasonic** VIERA

Panasonic TX32LE7F
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**JVC** 3D Cinema Sound

JVC LT37A80
37" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990

# VEGGFESTINGAR

vogel's®

FYRIR ALLAR GERÐIR
SJÓNVARPSTÆKJA, LCD,
PLASMA OG MYNDVARPA




Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

## Verslun

**amor**
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Bónþjónusta Eiðs**
**Almenn gólfbónun, bónleysing og viðhald gólfa. Einnig þrif á sameignum og stigagöngum.**
**Upplýsingar í síma 857 9363**

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

## Garðyrkja

**Umhverfisprýði ehf**
Þitt umhverfi – þín prýði
25 ára reynsla
- Hellulagnir
- Vegghleðslur
- Sólpallar
- Túnþökulagnir
- Jarðvegsvinna

520 1220
prydi@umhverfisprydi.is
www.umhverfisprydi.is

## Bókhald

**BÓKHALD**
Nákvæmlega eins og þarf
AðalBókarinn
Borgartúni 29 - S 517 5545
www.adalbokarinn.is

**Tökum að okkur bókhald fyrir fyrirtæki og einstaklinga**
**Þverfell ehf. Bókhald og ráðgjöf**
**Þarabakka 3**
**109 Reykjavík**
**Sími 566 5026 og 892 9552**

## Málarar

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

**Búslóðaflutningar**
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

## Húsaviðhald

**FAGÞAK**
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN**
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Reykjavíkur Verktakar
Kjarnaborun
Steypusögun
Sími 8606500

**fagmenn.is**
5 52 53 54
Málari - Múrari
Rafvirki - Pípari
Smiður - Hönnuður
Parket/Flísalagnir
Sandspörtlun

**R Gíslason ehf**
Nýsmíði & Viðhald

Tek að mér uppsetningu á innréttingum og innrétta nýbyggingar, og smærri viðhalds vinnu. Rafn í s. 863 1929.

**Húsaviðhald**
**Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.**
**Upplýsingar í síma 695 4661.**

**Viðhald, breytingar úti og inni. Sólpallar. gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.**

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á staðinn

11 ára reynsla. Microsoft vottun.

Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Spákona**
Spákona spáir í spil, ræð drauma o.fl., gef góð ráð. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Aðeins **löggiltir rafverktakar** mega taka að sér vinnu við raflagnir
**sart**
www.sart.is

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum. Nýlagnir, breytingar og sumarbústaðir (teikningar). Tilboð ef óskað er. S. 693 7141.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þottavélar o. fl.**
Tek að mér að gera við svo sem þottavélar og fl. Heimilistæki. Uppl. í s. 868 5322. Ath. Geymið auglýsinguna.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Langar þig til þess að fá flottari vöxt og losna við celló! Fá betri skurð í vöðva og líta ótrúlega vel út? Eftir hverju ertu að bíða?? Hafðu samband. Árangur með Herbalife. Hanna 892-4284 / Gerður 865-4052

LR-Henning kúrinn! Sá árangursríki. Allir geta náð árangri! S. 869 1924.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir og fylgihlutir til sölu, 45.000 stgr. 891 6447 Ólafur.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu ódýr vel með farin húsgögn, skápur langur með gler hurðum 10.000kr. sófasett 2+3 micro, drapplitað 20.000kr, marmarastofuborð 20.000 kr. skenkur afrískt tekk 30.000 kr. Upplysingar í síma 661 3700.

Til sölu ónotaður svatur Fat boy fæst á hálfvirði. Uppl. í s. 660 8860.

## Heimilistæki

Gorenje þurrkari til sölu. Lítið notaður. Verð 30 þús. Uppl. í s. 861 9329.

## Dýrahald

**Dýrabær**
**Hvolpa-og hundagrindur koma samsettar, 8 hliðar ásamt hurð, 3 hæðir.**
**Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**



Til sölu 10 vikna German Pointer hvolpar. Gæða veiði og heimilis hundar. Elin simi 696 4419.

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fína eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

Hvolpur óskast gefins á gott heimili, má vera blandaður og nokkurra mánaða. Verður að vera rakki. Uppl. í s. 861 5777.

Ensk Bulldog tík, 2 ára, til sölu vegna ofnæmis. Uppl. í s. 869 4787.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3 herb. íb. í 201 Kóp. til leigu. Verð 120 þ./mán. 2 mán. fyrirfr. Laus 1. des. S. 659 4269

## Húsnæði óskast

3ja herb. Íbúð óskast. Helst sér hæð með bílskúr á Rvk. Svæði og nágrenni. Tveir í heimili, reglusemi heitið. Má þarnast viðhalds. Uppl. í s. 693 7141.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# TIL SÖLU

**Sundbolir & Bikiní**
MIKIÐ ÚRVAL!
**COS**
GLÆSIBÆ
S. 588 5575



# TIL SÖLU

**Frábærir skór í skólann !**
Gull og silfur strigaskór, stærðir 22-37.



Lelli Kelly
**Valmiki**
Kringlunni
**Stúlkur og stælgæjar**
Glæsibæ




## Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Við óskum eftir að ráða framkvæmdastjóra tæknisviðs til að fara með yfirstjórn viðhaldsmála í verksmiðju okkar. Framkvæmdastjóri tæknisviðs situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyrir beint undir forstjóra.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með viðhaldi eigna verksmiðjunnar og fjárfestingum vegna viðhalds.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit.
- Starfsmannamál.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verkfræði / tæknifræði, rekstrarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla.
- Leiðtogahæfileikar.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð.
- Góð enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli er mikill kostur.

## Véltæknifræðingur í viðhaldsteymi

Við leitum að véltæknifræðingi í viðhaldsteymi okkar. Viðhaldsteymið heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs.

**Starfssvið**
- Tæknileg umsjón með einni af þremur framleiðslulínum verksmiðjunnar.
- Gerð viðhalds- og fjárhagsáætlana.
- Tæknileg aðstoð og þjálfun starfsmanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Véltæknifræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Hæfni og áhugi á að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi og leysa verkefni í hópvinnu.
- 3-5 ára starfsreynsla æskileg, en nýútskrifaðir véltæknifræðingar eru hvattir til að sækja um.
- Nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur.

Elkem

## Tækniteiknari

Okkur vantar tækniteiknara til Járnblendifélagsins. Við leitum að starfsmanni til að halda utan um teikningar og skjöl á tæknisviði fyrirtækisins. Tækniteiknari heyrir undir framkvæmdastjóra tæknisviðs.

**Starfssvið**
- Umsjón með teikningum og tæknilegum skjölum ásamt skjalavistun.
- Breytingar á skjölum og teikningum.
- Þjónusta við notendur tækniskjala og teikninga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Próf í tækniteiknun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þjónustulipurð og samskiptafærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi en jafnframt hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur.

## Verkefnastjórar á tæknisviði

Okkur vantar fleiri tæknimenn til Járnblendifélagsins. Við leitum að starfsmönnum til að stýra fjölbreyttum verkefnum á tæknisviði fyrirtækisins. Verkefnastjórar heyra undir framkvæmdastjóra tæknisviðs.

**Starfssvið**
- Stjórnun viðhaldsverkefna á tæknisviði.
- Þátttaka í fjárfestingaverkefnum innan verksmiðjunnar.
- Kostnaðarútreikningar og gerð fjárhagsáætlana.
- Gerð verkáætlana og eftirfylgni verkefna.

**Hæfniskröfur**
- Véltæknifræði, rafmagnstæknifræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reyndir iðnfræðingar koma til greina.

**Starfsreynsla**
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi en jafnframt hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur.

capacent

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is**

*Við erum fyrirtæki í örri þróun sem framleiða mun sérhæfðari vörur en áður. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í verksmiðju fyrirtækisins á Grundartanga og síðasti áfangi þess er uppbygging nýrrar framleiðslueiningar sem verður gangsett um næstu áramót þar sem hluti framleiðslunnar er meðhöndlaður áfram til sölu sem íblöndunarefni í steypujárn. Íslenska járnblendifélagið er í 100% eigu Elkem sem er markaðsleiðandi á þessu sviði. Forysta Elkem hefur gert mögulegt að framleiða steypujárn með stöðugt betri eiginleikum og opnað fyrir nýja nýtingarmöguleika. Það eru því spennandi tímar framundan hjá okkur.*

**Íslenska járnblendifélagið ehf.**
Icelandic Alloys Ltd.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BOOZTBAR ÍSBAR

**Ísbar/Booztbar, Borgartúni og Kringlunni.**
**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf: dagvinna - fullt starf, Dagvinna - hlutastarf, hlutastörf á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

Hringiðan Internetþjónusta
Kanntu að stilla routera pinga og tracea, vírus- og Spyware hreinsa tölvur
Ef svo er sendu okkur umsókn í dag á netangið: atvinna@vortex.is



www.vortex.is

**Mömmur ath!**
**Óskum eftir að ráða glaðlegan starfskraft á Nings Stórhöfða. vinnutími frá 11-16 virka daga, en meiri vinna í boði ef viðkomandi vill. Vinsamlegast hringið í 822 8870 eða sækið um á nings.is**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir bílstjóra á Búkollu. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.**

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða starfskraft í sal fullt starf. Einnig vantar fólk í helgarvinnu. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.**

**Leikskólinn Ösp**
**Hefur þú gaman af börnum? Þá höfum við starfið fyrir þig. Hafðu endilega samband við okkur í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

**Leikskólinn Ösp**
**Hefur þú gaman af því að aðstoða í eldhúsi? Þá höfum við starfið fyrir þig. Hafðu endilega samband við okkur í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

Kornið óskar eftir starfsfólki í Hjallabrekku, frá kl. 7-13 á virkum dögum og í LÆkjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

Kornið Borgartúni óskar eftir helgarstarfsfólki. Uppl. í s. 864 1593.

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

**Hjólbarðaverkstæði/bón og þvotta stöð**
Óskum eftir fólki á Smur- hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Tires and oil**
Hiring people for tires and oil change at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

**Járnamaður óskast**
GG járnaverktakar, sem er íslenskur járnaflokkur, óska eftir að ráða vanan og/eða sprækan mann í fasta vinnu. Uppl. í s. 692 0367 & 849 0880.

Bílstjóri óskast sem fyrst, hjá verktaka í vöruflutningum. góð laun. helst með meirapróf. Uppl. í s. 820 3880 Tómas.

Two english speaking workers wanted for furniture workshop. Tel: 898 7315.

**Verkfag ehf.**
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Starfsmenn óskast til starfa á kvöld og helgarvaktir í þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara.Uppl. í s. 552 4161.

Vantar starfsfólk í sal, á bar og dyraverðir. Aðeins 20 ára og eldri. Uppl. á staðnum.

## Atvinna óskast

Óska eftir starfi í ferðaþjónustu úti á landi eða Rvk. Útskr. leiðsm. vor 2007. + matsveinaréttindi + öll ökurétt + reynsla úr hótel + matvgreinum + o.m.fl. 568 5653 & 663 2788, Þorsteinn.

Starfsfólk fra Lettlandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, vélamenn o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR

# EINBÝLISHÚS ÓSKAST

**Óska eftir flottu einbýlishúsi til leigu í Stórreykjavíkursvæðinu, með bílskúr, helst á einni hæð - í eitt ár.**

Árið er borgað fyrirfram.
Mjög tryggur leigjandi.
Hafið samband á netfangið hj@remax.is

Frum

FASTEIGNIR

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA

## Styrktarfélag vangefinna
# Ás vinnustofa

óskar eftir starfsmanni í 75% starf. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi

Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður, staðsettur í Brautarholti 6. Þar er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuaðstöðu sem sniðin er að þörfum þess og getu. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi og bæta starfshæfni. Í Ási starfa um 50 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir í síma 414-0530

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð og upplýsingar um Styrktarfélagið á heimasíðu þess, http://www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum

ATVINNA

# Íþróttafulltrúi

Knattspyrnufélagið Víkingur óskar eftir að ráða íþróttafulltrúa.

Markmið með starfi íþróttafulltrúa er að stuðla að metnaðarfullu og faglegu starfi félagsins. Einnig að vinna að margvíslegri samræmingu og hámörkun gæða íþrótta-, æskulýðs- og félagsstarfs á vegum félagsins svo og að tryggja sem best þjónustu félagsins við íbúa á félagssvæðinu. Starf íþróttafulltrúa grundvallast á íþróttanámskrá félagsins og faglegum markmiðum sem þar er að finna.

Umsóknir skulu berast skriflega, þar sem getið er um námsferil og störf.

Umsóknir skal senda til framkæmdastjóra félagsins
Arnar Ingólfssonar, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík.

**Knattspyrnufélagið Víkingur**
**Traðarlandi 1, 108 Reykjavík.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI / RÆSTING
í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

**Skólameistari**

FASTEIGNIR

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

# Sogavegur – Einbýli – 54 fm bílskúr



Frum







Mjög fallegt og sjarmerandi einbýli á einni hæð með stórum bílskúr á þessum eftirsótta stað. Fjögur svefnherbergi, Nýlegt glæsilegt eldhús með sérsmíðaðri eikarinnréttingu, granít á borði og gólfum. Tvö baðherbergi. Falleg stór sólstofa með flísum og rennihurð út á sólpall sem er með heitum potti. **Verð 56,0 millj.**

**Upplýsingar veitir Elías Haraldsson löggiltur fasteignasali í síma 898 2007**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.170 **-1,97%**

**Fjöldi viðskipta:** 731
**Velta:** 9.120 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FLAGA** | +1,42% |
| **FØROYA BANK** | -0,23% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **FL GROUP** | -4,36% |
| **EXISTA** | -3,67% |
| **KAUPÞING** | -2,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,10 -0,18% ... Bakkavör 65,90 -0,90% ... Eimskipafélagið 42,30 -1,17% ... Exista 32,85 -3,67% ... FL Group 25,20 -4,36% ... Glitnir 27,80 -1,59% ... Icelandair 26,65 -1,11% ... Kaupþing 1.111 -2,46% ... Landsbankinn 43,90 -0,68% ... Straumur-Burðarás 19,80 -1,00% ... Össur 104,50 -1,88% ... Teymi 6,35 -0,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Rauður dagur víða um heim

Gengi hlutabréfa féll í Kauphöll Íslands í gærmorgun en jafnaði sig þegar leið á daginn. Þetta var í takt við þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær.

Úrvalsvísitalan féll um rúm tvö prósent skömmu eftir að viðskipti hófust en nokkru minna í Evrópu, þar af um 1,12 prósent í Bretlandi og 1,28 prósent í Þýskalandi.

Mest lækkaði gengi í FL Group, eða um 4,4 prósent. Gengi Exista féll um 3,7 prósent og Kaupþing um 2,5 prósent.

Taktur lækkanahrinunnar var sleginn í Bandaríkjunum á föstudag en þá féll Dow Jones-vísitalan um tæp 2,7 prósent. Hlut að máli eiga dræm uppgjör fjármálafyrirtækja fyrr í vikunni og vísbendingar um að áhrif af samdrætti á fasteignalánamarkaði vestanhafs muni bíta í hagvöxt á næstu misserum. Fjárfestar gerðu því ráð fyrir að lækkunin myndi smita frá sér til annarra markaða í byrjun vikunnar og gekk spáin eftir.

Í gær voru liðin 20 ár frá svarta mánudeginum svokallaða en þá féll Bandaríkjamarkaður um heil 23 prósent á einum degi. Ekki liggur fyrir um ástæður þess þá en almennt er talið að um snarpa leiðréttingu á hlutabréfaverði hafi verið að ræða. **- jab/ss**



**DAPUR FJÁRFESTIR Í SUÐUR-KÓREU** Gengi hlutabréfa féll víða um heim í gær og voru fjárfestar uggandi um þróunina í vikunni. MARKAÐURINN/AP

# Kristján hættur hjá FL Group

Kristján Kristjánsson hefur látið af störfum sem forstöðumaður upplýsingasviðs FL Group. Starfsmönnum var tilkynnt um ákvörðunina í gær.



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**

Kristján, sem áður var í Kastljósi Sjónvarpsins, var ráðinn til starfa hjá félaginu í fyrrahaust og hefur því starfað hjá félaginu í rétt rúmt ár.

Starfslok Kristjáns koma í kjölfar þess að Halldór Kristmannsson viðskiptafræðingur, sem áður sinnti samskiptamálum fyrir Actavis, var ráðinn framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group í síðasta mánuði. Halldór tók yfir starfssvið sem áður voru á könnu Kristjáns en honum er ætlað að bera ábyrgð á öllum samskiptamálum FL Group, þar á meðal samskiptum við fjárfesta, fjölmiðla, innri samskiptum og ímyndaruppbyggingu félagsins. **- óká**



**STJÓRN MP PENSION FUND BALTIC** Dótturfélag MP fjárfestingarbanka hefur hafið starfsemi í Litháen.

# MP til Litháen

MP Pension Fund Baltic, dótturfélag MP fjárfestingarbanka, hefur hafið starfsemi í Litháen. Félagið mun bjóða almenningi í Litháen upp á viðbótarlífeyrissparnað.

Meginmarkmið félagsins verður að örva frjálsan lífeyrissparnað í Litháen og upplýsa litháískt samfélag um ágæti lífeyrissjóða segir í fréttatilkynningu. Þar segir að litháíski lífeyrissjóðamarkaðurinn sé tiltölulega skammt á veg kominn í þróun lífeyrismála, einkum hvað varðar þriðju stoðar lífeyrissjóði. Það eru einkareknir lífeyrissjóðir sem gefa launafólki færi á að greiða frjáls viðbótariðgjöld.

Mikill munur er á Íslandi og Litháen hvað varðar þróun lífeyrissjóðsmála. Eignir lífeyrissjóða í Litháen nema um 1,2 prósentum af vergri landsframleiðslu en um 120 prósentum á Íslandi. **- hhs**

# Verðbréfaþjónustan til Byrs

Byr sparisjóður gerði hluthöfum Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. (VSP) tilboð um kaup á rekstri félagsins. Hluthafafundur Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna samþykkti að taka tilboðinu. Í fréttatilkynningu segir að kaupverðið sé trúnaðarmál. **- bg**




Veiðimaðurinn 1940 — SPORTBÚÐIN — VEIÐIHORNIÐ

# Ný Beretta

**Frá því í fyrra hafa allir talað um Beretta Xtrema2.**
**Nú kynnum við Beretta Urika 2. Ný og endurbætt Beretta Urika með sjálfhreinsibúnaði og hröðustu skiftingunni á markaðnum.**



**Beretta Urika 2 Synthetic.**
Kick Off bakslagsvörn í skefti. Sjálfhreinsibúnaður. Hraðasta skiftingin á markaðnum.
Taska fylgir ásamt þrengingum, ólarfestingum og hallaplötum.
**Verð aðeins 144.900 eða aðeins 12.588 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Beretta Urika 2 Xtra Grain.**
Sérstaklega valin og meðhöndluð hnota í skeftum.
Sjálfhreinsibúnaður. Hraðasta skiftingin á markaðnum.
Taska fylgir ásamt þrengingum, ólarfestingu og hallaplötum.
**Verð aðeins 139.900 eða aðeins 12.158 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Beretta 682 Gold E Sporting.**
Einhver vinsælasta keppnisbyssan frá Beretta á Íslandi mörg undanfarin ár. Glæsileg tvíhleypa, velbúin fylgihlutum.
**Verð aðeins 249.800 eða 21.581 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Beretta White Onyx**
Glæsileg alhliða yfir / undir veiðibyssa frá Beretta.
Taska, þrengingar og fleira.
**Verð aðeins 179.900 eða aðeins 15.591 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Beretta Ultralight Deluxe**
Léttasta tvíhleypan á markaðnum. Aðeins 2,8 kg.
Vönduð hnota og fallegt útflúr á húsi. Taska, þrengingar og fleira.
**Verð aðeins 189,900 eða aðeins 16.450 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Þú færð úrval Beretta skotvopna í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5.**
**Einnig úrval af glæsilegum Beretta lífstílsfatnaði í Veiðimanninum Hafnarstræti 5**

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

(Innifalið í mánaðagreiðslum er 3% lántökugjald og færslugjald kortafyrirtækja)

Veiðimaðurinn 1940 — Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
SPORTBÚÐIN — Krókhálsi 5 – Sími 517 8050
VEIÐIHORNIÐ — Síðumúli 8 – Sími 568 8410

**Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, dóttur, systur, tengdadóttur og mágkonu,*

**Þuríðar Lindu Alfreðsdóttur,**
Hjöllum 7, Patreksfirði.

**Ragnar B. Fjeldsted**
**Stella Björk Fjeldsted** **Elmar Már Einarsson**
**Kristinn Fjeldsted**
**Alfreð Már Fjeldsted**
**Rakel G. Magnúsdóttir**
**Kristinn Fjeldsted**
**og aðrir aðstandendur.**



*Okkar ástkæra*

**Steinunn Sigríður Jónsdóttir (Sissa),**
Eikjuvogi 28,

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 15. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. október kl. 13.00

**Jón Þór Einarsson,**
**Hilmar Einarsson,**
**Sigríður Helga Einarsdóttir,**
**Kjartan H. Einarsson,**
**Guðjón P. Einarsson,**
**Aníta Knútsdóttir,**
**Helen Knútsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Elínar Tómasdóttur,**
Kársnesbraut 99, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans við Hringbraut fyrir frábæra umönnun í veikindum hennar.

**Skúli Sigurgrímsson**
**Bergþór Skúlason** **Ragnhildur Björg Konráðsdóttir**
**Sigurgrímur Skúlason** **Freydís J. Freysteinsdóttir**
**Skúli Skúlason** **Borgar Ólafsson**
**Bryndís Skúladóttir** **Haukur Þór Haraldsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Jónsdóttir**
frá Húsagarði í Landsveit,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 16. október, verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 24. október kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar, vinsamlegast láti líknarstofnanir njóta þess.

**Jón Garðar Ágústsson** **Ingimunda Loftsdóttir**
**Sigrún Ágústsdóttir** **Bessi Aðalsteinsson**
**Svava Ágústsdóttir** **Kristinn Gunnarsson**
**Hörður Gunnar Ágústsson** **Hanna Larsen**
**Steingerður Ágústsdóttir** **Þórður St. Guðmundsson**
**Áslaug Ágústsdóttir** **Svanur Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar og fósturfaðir,*

**Óskar B. Bjarnason,**
Hörðalandi 6, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund, föstudaginn 12. október. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. október kl. 15.00.

**Borghildur Óskarsdóttir,**
**Guðrún Óskarsdóttir,**
**Höskuldur Harri Gylfason.**

**KIM LARSEN TÓNLISTARMAÐUR ER 62 ÁRA Í DAG**

*„Ef það er til Guð þá held ég að hans helsta ósk sé að við séum góð við hvert annað. Það er okkar helsta skylda.“*

***Kim Larsen hefur selt um þrjár milljónir sólóplatna, sem er gífurlegt magn miðað við íbúafjölda Danmerkur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. OKTÓBER 1956

## *Uppreisn í Ungverjalandi*



Eftir seinni heimsstyrjöldina lenti Ungverjaland undir stjórn Sovétríkjanna og árið 1949 var það gert að kommúnísku ríki. Þann 23. október 1956 söfnuðust nemendur Tækniháskólans í Ungverjalandi saman á Bem-torginu í Búdapest. Fljótlega bættust fleiri í hópinn og samkoman snerist upp í mótmæli gegn Sovétstjórninni. Mótmælin fóru í fyrstu friðsamlega fram en urðu skyndilega að blóðbaði þegar ungverska öryggislögreglan hóf skothríð á mótmælendurna og sovéski herinn í Ungverjalandi var kallaður til. Hinn 4. nóvember réðust nýir sovéskir herir til atlögu af miklu afli og hörku. Hinn 10. nóvember var vopnahlé og reyndu verkamenn og stúdentar að mótmæla með verkföllum og vopnaðri mótspyrnu fram til 1957 en þau mótmæli skiluðu litlum árangri. Um 2.500 ungverskir uppreisnarmenn og 720 sovéskir hermenn létust í átökunum og þúsundir annarra særðust.

HILDUR M. JÓNSDÓTTIR: FAGNAR ÁRSAFMÆLI HEILSUBANKANS

# Mótvægi við skyndilausnir

Heilsubankinn, sem er upplýsinga- og gagnabanki um flest allt er lýtur að heilsu og lífsstíl, fagnaði árs afmæli á dögunum. Heilsubankinn er ein fyrsta vefsíða sinnar tegundar á Íslandi og er ætlað að vera mótvægi við skyndilausnir varðandi heilsufar.

„Fólk er alltaf að leita að skyndilausnum, en þær duga skammt. Í Heilsubankanum má finna ráð og leiðbeiningar um hvað fólk getur gert til að axla ábyrgð á sjálfu sér gagnvart heilsu og lífsstíl til að öðlast meiri og verðmætari gildi í lífinu,“ segir Hildur M. Jónsdóttir framkvæmdastjóri, sem hefur sjálf farið í gegnum sjálfskoðun af þessu tagi.

„Framan af ævinni var ég fremur heilsulaus en þegar ég fór til Helga Valdimarssonar læknis sem var nýfarinn að tala um fæðuóþol og Candida-sveppasýkingar breyttist líf mitt. Ég losnaði við allt sem hafði hrjáð mig á örfáum mánuðum, með breyttu mataræði og í tíu ár var ég hraust þar til ég lenti í slæmu bílslysi. Þá varð ég að endurskoða lífið enn á ný,“ segir Hildur, sem flutti í kjölfarið norður í land í afdal uppi við jökulrætur. Hún telur að það hafi hjálpað sér gríðarlega við að ná heilsu á ný að flytja úr hraðanum.

Síðasta ár hefur Heilsubankinn lagt mikla áherslu á mataræði, hreyfingu og heildræna nálgun. Í tilefni afmælisins voru einnig opnaðir tveir nýir flokkar: heimili og umhverfi. „Heimili og umhverfi skipta miklu máli og nú erum við í raun komin með alla þá þætti sem hafa áhrif á líðan einstaklings,“ útskýrir Hildur.

„Vefurinn er orðinn mjög öflugur þrátt fyrir að við höfum ekkert auglýst okkur. Í tilefni tímamótanna ætlum við hinsvegar að kynna hann og bjóða auglýsendum að koma inn á vefinn þannig að þetta verði stærra,“ segir Hildur, sem segir sérfræðinga af ýmsu taka á móti fyrirspurnum.

„Umfjöllunin á síðunni vil ég heldur kalla heildræna heldur en óhefðbundna. Enda má í raun segja að þetta sé meira hefðbundið en nútíma læknavísindi þar sem þetta er miklu eldri fræði og hefur þróast í allar áttir. Eins er allt sem kemur fram á síðunni viðurkennt samkvæmt íslenskum lögum,“ útskýrir Hildur, sem vill að unnið sé með huga, líkama og sál í senn.

„Heilsubankinn kemur á frábærum tíma af því það er svo mikil vakning í samfélaginu og margir sem þjást af óhollu neyslumynstri, hreyfingarleysi og öðrum lífsháttasjúkdómum,“ segir Hildur.

„Þegar ég breytti mínum neysluvenjum voru engar heilsubúðir á borð við Maður lifandi en nú er mun einfaldara að nálgast hráefni og upplýsingar,“ segir Hildur. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.heilsubankinn.is.

**hrefna@frettabladid.is**



**BREYTTIR LÍFSHÆTTIR** Hildur M. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsubankans, öðlaðist betra líf þegar hún tók ábyrgð á heilsu sinni. Nú vill hún hjálpa fólki að gera slíkt hið sama. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



# 60 ára afmæli

Sextugur er í dag, 23. október,

**Reynir Ólafsson,**

rafvirkjameistari í Keflavík.
Reynir hefur verið sjálfstætt starfandi rafvirki í tæp fjörutíu ár og oft kenndur við búð sína, R.Ó., sem var starfrækt í 26 ár á Hafnargötunni.
Reynir mun eyða afmælisdegi sínum í faðmi fjölskyldunnar.

## AFMÆLI



**EDSON ARANTES DO NASCIMENTO,** betur þekktur sem Pelé, brasilíska fótboltastjarnan, er 67 ára.

**ANG LEE,** leikstjóri frá Taívan, er 53 ára í dag.





**CAT DEELEY,** bresk fyrirsæta og sjónvarpsstjarna, er 31 árs.

**BIRKIR RÚNAR GUNNARSSON** sundkappi er 30 ára.





*Við færum innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristjönu Sigurðardóttur,**
áður til heimilis að Arahólum 4.

Starfsfólk Grundar fær bestu þakkir fyrir alúð og góða umönnun.

**Elísabet Kristinsdóttir** **Guðmundur Sveinsson**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Jóhann Vilbergsson**
**Reynir Sigurðsson** **Sigríður Bragadóttir**
**Hlín Sigurðardóttir** **Gísli Jónsson**
**Júlíana Sigurðardóttir** **Hannes Pétursson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Hjartanlegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Hauks Þorvaldssonar.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heimahlynningar, Karitasar og líknardeildar Kópavogs fyrir frábæra umönnun.

**Björg Jóhannsdóttir**
**Björgvin Margeir Hauksson**
**Agnes Björk Hauksdóttir**
**Hermann Haukur Hauksson** **Auður Jónsdóttir**
**Þorvaldur Hauksson**
**Jóhanna Clara Jónsdóttir**
**Jón Knútur Jónsson** **Eva Hillerz**
**og barnabörnin.**



Á LAUGARDAGINN
STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR



## HÁSKÓLAFUNDARÖÐ

Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur

**Málþing í Háskólanum í Reykjavík miðvikudaginn 24. okt. kl. 12:15 - 14:00**

Allir velkomnir !

## „Ísland á alþjóðavettvangi - skiptum við máli?“

Yfirskrift fundarins fellur vel að grundvallarhlutverki HR sem er að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með áherslu á alþjóðlega færni á öllum sviðum. Grunnurinn að velgengni íslensks atvinnulífs er aukið sjálfstraust til að sækja fram á alþjóðlegum vettvangi.

Guðni Th. Jóhannesson, *sérfræðingur í lagadeild Háskólans í Reykjavík*
**Skiptum við máli áður fyrr ?**
Ísland hefur haft jákvæð áhrif á sviði alþjóðamála í fortíðinni. Án efa eru tækifærin mikil, en þó er nauðsynlegt að gengið sé fram af hógværð og að við sníðum okkur stakk eftir vexti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, *utanríkisráðherra*
**Skiptum við máli í dag?**
Ljóst er að Ísland tekur í dag virkari þátt og meiri ábyrgð. Með setu og formennsku í lykilstofnunum, svæðisbundnum og alþjóðlegum, gefst tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á alþjóðavettvangi.

Vera Knútsdóttir, *háskólanemi og formaður ICEMUN, félags S.þ. á Íslandi*
**Skiptum við máli í framtíðinni?**
Áhugi og þekking ungs fólks á alþjóðamálum og alþjóðaviðskiptum hefur aldrei verið meiri. Þetta fólk lítur á heiminn allan sem sitt athafnasvæði. Það er ekki spurning hvort, heldur hvar og hvernig, við munum hafa áhrif.

Svafa Grönfeldt, *rektor Háskólans í Reykjavík, stjórnar umræðum*

**Nánar á: www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod**



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

## Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna fyrir árið 2007

**Umhverfisverðlaun**

Frá árinu 1994 hefur Ferðamálastofa, áður Ferðamálaráð Íslands, veitt umhverfisverðlaun til ýmissa aðila í ferðaþjónustu. Tilgangur verðlaunanna er að beina athyglinni að þeim ferðamannastöðum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem sinna umhverfismálum í starfi sínu og framtíðarskipulagi.

Ferðaþjónustan byggir afkomu sína að miklu leyti á umhverfislegum gæðum og er það trú Ferðamálastofu að verðlaunin geti orðið hvatning til ferðaþjónustuaðila og viðskiptavina þeirra að huga betur að umhverfi og náttúru og styrkja þannig framtíð greinarinnar.

**Hverjir koma til greina sem verðlaunahafar:**

Allir þeir sem tengjast ferðamálum og láta sig umhverfismál varða og vinna markvisst að því að viðhalda jafnvægi milli efnahagslegra, náttúrlegra og félagslegra þátta. Það geta einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða sveitafélög.

Hér með er óskað eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Ferðamálastofu 2007. Frekari upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi stofnunarinnar, Valur Þór Hilmarsson í síma 464 9990.

Tilnefningar sendist til skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið valur@icetourist.is fyrir 30. október n.k.

**Eftirtaldir aðilar hafa fengið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu:**

1995 Ferðaþjónustan Vigur
1996 Knörrinn á Húsavík
1997 Tjaldsvæðið á Egilsstöðum
1998 Þórður Tómasson á Skógum
1999 Bláa Lónið
2000 Gistiheimilið Brekkubær á Hellnum
2001 Íshestar
2002 Guðmundur Tyrfingsson ehf.
2003 Bandalag íslenskra farfugla
2004 Félag ferðaþjónustubænda & Ferðaþ. bænda hf.
2005 Gistiheimilið Brekkukot, Sólheimum í Grímsnesi
2006 Hópbílar, Hafnarfirði

2007 Umhverfisverðlaun Ferðamálastofa

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Ég ætla að vera Jack Sparrow

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** GENGUR Í BARNDÓM



Æska dagsins er heppin. Kannski er réttara að segja að verslanir og vörumerki láta okkur halda að krakkar séu heppnari en við hin sem eldri erum. Í dag er smáfólkið sprenglært á netið, segir jafnvel hinum fullorðnu til og fær síðan að vafra um vefinn á hinum og þessum leikjasíðum. Við sem teljum okkur enn vera ungar manneskjur í blóma lífsins eldumst um tugi ára þegar börnin á heimilinu þylja upp hvers kyns tölvuorð og enska frasa sem maður vissi ekki einu sinni að væru til.

En það er ekki bara tölvan sem hefur breytt börnunum, heldur eru leikföng smáfólksins orðin þróaðri og flottari og minna meira á hátæknivopn úr framtíðarmynd heldur en eitthvað til að leika sér með. Uppi á hillu standa róbótar í gervi risaeðlu sem hefur greind og gáfur til að vera mislynd, eftir því hvernig komið er fram við hana. Og kostar ekki nema smáaura í þessu góðærisbruðli sem ríkir hér á landi. Slíkar verur sáust aðeins hjá Sigurði Richter undir taktfastri tónlist Kraftwerk á árum áður.

Í minningunni skiptust börn nefnilega bara í tvo hópa. Annaðhvort voru þau Playmo-leikarar eða Lego-kubbarar. Og rökræðurnar um ágæti leikfanganna gátu oft á tíðum verið ansi rætnar og harðar. „Þú kannt bara ekkert að leika þér,“ sögðu Playmo-leikmennirnir og fengu jafnharðan í hausinn að gáfaða fólkið léki sér með Lego en aumingjar með Playmo. Sjálfur átti ég dágott safn úr kúrekaplaymo-línunni, eyddi yfirleitt öllum afmælispeningum í að byggja mér upp gott safn og fannst fátt jafn skemmtilegt og að heyja byssubardaga milli einfarans á hvíta hestinum og vonda fógetans á miðju stofugólfinu heima. Svo er ég líka með tíu þumalputta þannig að þegar kom að kubbum urðu yfirleitt til kúbísk sköpunarverk en ekki einhver tækniundur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Til heiðurs Jónasi Svafár

Dagskrá til heiðurs Jónasi Svafár, skáldi og myndlistarmanni, sem lést árið 2004, verður haldin á fimmtudagskvöld kl. 20 í sal Reykjavíkurakademíunnar, Hringbraut 121. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Á samkomunni flytur Benedikt Hjartarson erindi um Jónas og lesin verða ljóð eftir hann. Einnig mun hópur myndlistarmanna og rithöfunda flytja eftir sig verk, og er það hugsað sem nokkurs konar framhald eða ítrekun á þeim samslætti listgreina sem Jónas stundaði í verkum sínum.



**SAMSLÁTTUR LISTGREINA** Teikning eftir Jónas Svafár.

Í bókum sínum birti Jónas bæði ljóð og myndir en þó án þess að annar þátturinn væri í þjónustu hins, eins og oft vill verða um myndskreytingar bóka, heldur ríkir þar markviss heildarhugsun. Jónas vann því með bókina sem miðlunarform og útkoman varð oftar en ekki hreinræktað bókverk.

Kvölddagskráin á fimmtudag er haldin í tengslum við sýningu á teikningum eftir Jónas sem nú stendur yfir í Hoffmannsgalleríi, en það er einmitt til húsa á sama stað og Reykjavíkurakademían. Myndirnar á sýningunni eru flestar frá sjötta áratug síðustu aldar og í þeim birtast þau átök á milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar myndlistar sem þá stóðu sem hæst. - vþ

## NÝJAR BÆKUR

Nú er komin út hjá JPV-útgáfu ný glæpasaga eftir Árna Þórarinsson, höfund metsölubókarinnar Tími nornarinnar, en hann var eins og kunnugt er tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2005 fyrir þá bók. Í Dauða trúðsins glímir Einar blaðamaður við ráðgátu sem leiðir hann í senn á refilstigu íslensks samtíma og að reimleikum í eigin ranni. Hér togast á leiftrandi húmor og djúp alvara í hörkuspennandi sögu um lífsháskann í mannlegum samskiptum. Áður en Einar og Ólafur Gísli Kristjánsson yfirlögregluþjónn vita af hrannast verkefnin upp. Hver er unga stúlkan sem finnst myrt í gamla húsinu? Hver er dularfulla konan í símanum sem kveðst vera skyggn? Hvað er veruleikinn og hvað er sjónarspil?




Út er komin hjá Bjarti spennusagan Horfinn eftir Robert Goddard, meistara hinnar úthugsuðu fléttu. Þýðandi er Uggi Jónsson. Sögusviðið er Glastonbury á Englandi. Lance Bradley lifir viðburðasnauðu lífi, þar til systir gamals vinar hans biður hann um hjálp. Vinurinn, Rupert Alder, er horfinn. Vinnuveitendur hans halda að hann sé potturinn og pannan í meiri háttar svikamyllu sem haft hefur fé af fyrirtækinu. Ríkur Ameríkani virðist hafa ráðið einkaspæjara til að hafa uppi á Alder. Japanskur viðskiptajöfur sakar Rupert um að hafa stolið verðmætum skjölum. Eftir því sem Bradley fikrar sig eftir þráðum þessarar flóknu og einkennilegu gátu kemst hann að því að ártalið 1963 – fæðingarár hans – er lykillinn að lausninni. Bókin er 438 síður.




Háski á Hveravöllum, önnur skáldsaga Birgittu M. Halldórsdóttur frá 1984, er komin út í kilju á vegum Skjaldborgar. Birgitta fylgir í sögunni fordæmi margra sakamálahöfunda að velja óhæfuverkum stað á einangruðum stöðum. Í sögunni leiðir hún lesandann upp á hálendið snemma vors þar sem skelfilegur glæpur hefur verið framinn. Allir vegir eru lokaðir og saman eru þar komin í hóp karlar og konur með misjafna fortíð og hefur enginn hreint mjöl í pokahorninu. Bókin er 171 bls. í kilju.




Drápin eftir Andreu Maríu Schenkel er komin út hjá Bjarti. Á bóndabænum Tannöd í Suður-Þýskalandi finnast lík allra heimilismanna og af vegsummerkjum að dæma höfðu þau öll verið myrt. Meðal hinna látnu eru hjónin á bænum og hafa þau orð á sér fyrir að vera gráðug, illskeytt og skapstygg. Margir í sveitinni áttu í útistöðum við hjónin, en hver hafði tilefni til að myrða þau á svona hrottalegan hátt? Sagan byggist á óhugnanlegu og dularfullu morðmáli frá miðri 20. öld sem enn er óupplýst. Margoft, og allt fram til þessa dags, hefur verið reynt að upplýsa málið en án árangurs og þykja þessi morð ein hin dularfyllstu í sögu Þýskalands. Drápin er fyrsta bók Andreu Maríu Schenkel. Sagan hlaut Hin þýsku glæpasagnaverðlaun árið 2007 og hefur setið mánuðum saman á þýska metsölulistanum og er í íslenskri þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur. Bókin er 196 bls.







# Skelfileg hegðun á ræðismannaskrifstofu

**Borgarleikhúsið frumsýnir á fimmtudagskvöld leikritið Ræðismannaskrifstofan eftir Jo Strömgren. Sýningin fer fram á bullmáli.**

Leikritið fjallar um starfsmenn rússneskrar ræðismannaskrifstofu í litlu og ónefndu landi. Þau lifa einangruðu lífi: síminn hringir ekki, póstur kemur sjaldan og föðurlandið er víðs fjarri.

Höfundur og leikstjóri sýningarinnar er Jo Strömgren. Hann segir leikritið gerast við dularfullar aðstæður. „Ræðismannaskrifstofur eru staðir sem almenningur hefur ekki mikla vitneskju um. Fólkið í leikritinu lifir einangruðu lífi og fyrir vikið tekur skrifstofan á sig óvinveittan blæ. Verkið kannar hversu skelfilega fólk getur farið að hegða sér ef það lifir nógu lengi við slíkar kringumstæður. Leikritið tekst á við alvarlegan þátt mannlegrar hegðunar, en gerir það á gamansaman hátt.“

Jo segir hugmyndina að verkinu hafa kviknað út frá frægum skilyrðingatilraunum Pavlovs á hundum. „Þegar maður fer í leikhús og sér verk eftir einhvern andans jöfur eins og til dæmis Ibsen þá öðlast maður trú á mannkynið. Maður fer að halda að fólk sé hugsandi tilfinningaverur. Í þessu leikriti sýni ég aftur á móti að við erum frekar eins og hundarnir hans Pavlovs. Við erum frumstæð og látum stjórnast af vissum grunnhvötum.“

Sýningin fer fram á bullmáli en það er ekki í fyrsta skipti sem Jo semur þess háttar verk. „Bullmálið er aðferð sem ég beiti vegna þess að ég vil að áhorfendur taki virkan þátt í að skynja sýninguna. Ég veit til þess að sumir leikhúsgestir koma í leikhús og loka augunum og hlusta bara á flutning textans. Bullmálið tryggir það að áhorfendur nota bæði augu og eyru til þess að skilja leikritið þar sem aðstæðurnar sem leikararnir eru í skipta líklega meira máli en textinn sjálfur. Ekki síður býður bullmálið upp á að áhorfendur leggi hver sína túlkun í verkið.



**FRÁ ÆFINGUM Á RÆÐISMANNASKRIFSTOFUNNI** Einangrað líf á vinnustað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhorfendur koma því út af leikritunum mínum með ólíkar upplifanir í farteskinu.“ vigdis@frettabladid.is

**Gorenje í þvottahúsið**



**Gorenje þurrkari**
Barkalaus
Þvottamagn 7 kg.
Rakaskynjari (með möguleika á tímaþurrkun)
Ullarkerfi
Ryðfrí tromla
Stórt hurðarop (34 sm)
Ljós í tromlu
Krumpuvörn
Hægt að tengja framhjá vatnssafnkút, beint í niðurfall.
**Kr. 92.500**

**PAKKATILBOÐ**
**277.900**
D74225 + WA74163



**Gorenje þvottavél**
Sérstaklega hljóðlát
Þeytivinduhraði 1600 sn.
Þvottamagn 7 kg.
Stálbelgur um tromlu
Kolalaus mótor
Sparnaðarkerfi
Óhreinindaskynjari
Vatnslekaöryggi
Barnalæsing
Íslenskar leiðbeiningar
**Kr. 109.900**

PIPAR • SÍA • 71903

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYÐARFJÖRÐUR | REYKJANESBÆR |
|---|---|---|---|
| Rönning | Rönning | Rönning | Rönning |
| Borgartúni 24 | Óseyri 2 | Nesbraut 9 | Hafnargötu 52 |
| Sími 562 4011 | Sími 460 0800 | Sími 470 2020 | Sími 420 7200 |

RÖNNING
www.ronning.is

Opnunartími: mánudaga - föstudaga kl. 09.00 - 18.00 • Laugardaga kl. 11.00 - 16.00
Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Hvað er gott með ?
vinbud.is
– nýr og glæsilegur vefur
VÍNBÚÐ

## > VARLA STJARNA

Leikkonunni Claire Danes finnst ekki mikið til frægðarinnar koma. „Á næstum hverjum einasta degi í New York er ég elt af ljósmyndurum – og ég er ekki einu sinni það fræg! Ég er í það mörgum kvikmyndum að fólk þekkir mig, en ég er varla stórstjarna. Mér finnst þetta frægðarrugl pirrandi,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Viggo Mortensen** kemur fram á Adamsklæðum í nýrri mynd sinni, Eastern Promises. Þar lendir persóna hans í slagsmálum í tyrknesku baðhúsi og þarf hann því að hnykla vöðvana allsnakinn. „Þetta atriði var hált, sársaukafullt og vandræðalegt. Ég vissi alltaf að atriðið þyrfti að vera eins raunsæislegt og annað í myndinni, svo ég gat ekki haft handklæði um mig,“ sagði leikarinn. Hann sagðist þó óður og uppvægur vilja vinna með leikstjóranum **David Cronenberg** aftur, þó að það þýddi fleiri nektarslagsmál.

# Erfiðar tökur hjá Spice Girls

**Það gekk á ýmsu þegar Spice Girls komu saman um síðustu helgi til að taka upp kynningarmyndband við nýtt lag sitt, Headlines (Friendship Never Ends).**

Kryddstúlkurnar fimm, Emma Bunton, Mel B, Mel C, Geri Halliwell og Victoria Beckham, komu saman á ný í sumar og munu senda frá Greatest Hits-plötu á næstunni, en á henni verða tvö ný lög. Headlines er annað þeirra. Við tökurnar á kynningarmyndbandinu gekk þó á ýmsu og segir heimildarmaður The Sun að tökur hafi dregist fram eftir öllu vegna hegðunar Geri Halliwell, sem fór fram á sérstaka tegund af flöskuvatni og lét tökur sitja á hakanum á meðan hún hugleiddi.

„Geri hægði endalaust á öllu með því að hugleiða og standa í undarlegum trúarlegum athöfnum,“ segir hann. „Hlutunum seinkaði mjög mikið. Leikstjórinn reif í hár sitt og hótaði því að fara. Stelpurnar voru svo þreyttar og Emma grét á meðan tökurnar drógust enn,“ segir hann, en tökur stóðu yfir til klukkan þrjú um nótt.



**SAMAN Á NÝ** Kryddstúlkurnar eru komnar saman aftur, en tökur á nýju kynningarmyndbandi gengu allt annað en þægilega fyrir sig. NORDICPHOTOS/GETTY

Victoria Beckham hafði líka sérþarfir á staðnum og fékk aðstoðarmann til að elta sig um tökustað með ávaxtabakka og kampavín. Mel B ku hafa varið bróðurpartinum úr deginum í að „væla yfir flugþreytu“ eftir að hafa flogið frá Los Angeles, og Mel C var að því komin að bugast.

Headlines kemur út 19. nóvember næstkomandi en stúlkurnar leggja upp í tónleikaferð í desember, ef allt gengur að óskum.


VOLVO S40. BARA FYRIR VISTHÆFT FÓLK.

Nýr Volvo S40
Komdu í Brimborg í dag



Hönnun Volvo S40 er dæmi um fallega stærðfræði. Fegurðin kristallar þau lífsgæði sem hönnuðir Volvo hafa að leiðarljósi. Þrjú kjörorð endurspegla þá velferð sem Volvo stefnir að: Gæði. Öryggi. Umhverfi. Stuðlaðu að eigin velferð. Veldu visthæfan bíl fyrir þig og þína. Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

**Visthæfustu Volvo S40:***

Volvo S40, dísil 109 hö, 1,6 lítra, $CO_2$ 129 g/km, eyðsla 4,9 l/100km, verð frá 2.925.000 kr.

Volvo S40 FlexiFuel (lífetanól E85 eða bensín), 125 hö, 1,8 lítra, $CO_2$ (E85) 80% minni losun koltvísýrings, eyðsla (E85) 10,4 l/100 km, verð enn óákveðið.

Volvo S40, bensín 100 hö, 1,6 lítra, $CO_2$ 171 g/km, eyðsla 7,2 l/100km, verð frá 2.695.000 kr.

Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Uppgefin eyðsla miðast við blandaðan akstur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Bruni í stjörnubænum

**Miklir eldar geisa nú í Malibu í Los Angeles. Þar býr fjöldinn allur af Hollywood-stjörnum, sem nú eru í viðbragðsstöðu vegna hættunnar.**

Eldurinn berst hratt á milli staða sökum mikilla vinda sem kenndir eru við Santa Ana og blása yfirleitt um borg englanna á haustin. Því þurfa allir sem í borgarhlutanum búa að vera í viðbragðsstöðu því erfitt er að segja fyrir um hvar eldinn ber næst niður. Talið er að upptök eldsins megi rekja til þess að loftlínur hafi slitnað og kveikt í þurrum gróðri á sunnudag. Slæmir þurrkar í Kaliforníu undanfarnar vikur bæta ekki úr skák.

Britney Spears er kannski frægasti íbúi Malibu, en hún er langt því frá eina stjarnan sem hefur skotið rótum á svæðinu. Jennifer Aniston, Courteney Cox og David Arquette búa öll í Malibu, eins og Tom Hanks og Rita Wilson, Sting og Bill Murray, svo einhverjir séu nefndir.

Í gær bárust fréttir af því að Malibu Castle, sem er eitt þekktasta kennileitið á svæðinu, hefði brunnið til kaldra kola, ásamt kirkju í nágrenninu. Heimili Grease-leikkonunnar og söngkonunnar Oliviu Newton-John var í mikilli hættu af eldinum og var fjölskylda hennar flutt af svæðinu. Þá var heimili James Cameron, leikstjóra Titanic, ásamt annarra mynda, einnig í hættu og fjölskylda hans flutt á öruggan stað.

Um tvö hundruð heimili hafa þegar verið rýmd og mörg hundruð fleiri eru í hættu. Þar á meðal eru heimili leikaranna Sean Penn og David Duchovny, en allir þurfa þó að vera í viðbragðsstöðu.



COURTENEY COX OG DAVID ARQUETTE

## HEIMILUM STJARNANNA ÓGNAÐ AF ELDI

Malibu er sannkallaður stjörnubær en þar hefur hver stórstjarnan á fætur annarri komið sér fyrir. Heimili þeirra Sting, Courteney Cox og David Arquette, Jennifer Aniston, Goldie Hawn og Bill Murray eru því öll í hættu vegna eldsins sem þar geisar.











Volvo. For life.



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3.45 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SHOOT 'EM UP | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 6 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER BAD | kl. 10:30 | 12 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10:20 | L |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | L |
| NO RESERVATION | kl. 10 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SUPERBAD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:30 | 16 |

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 8 og 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Aukatónleikar Nýdanskrar

Tvennum aukatónleikum hefur verið bætt við fyrirhugaða tónleika hljómsveitarinnar Nýdanskrar. Sveitin fagnar tuttugu ára afmæli um þessar mundir, og heldur af því tilefni stórtónleika í Reykjavík og á Akureyri. Í Reykjavík fara tónleikarnir fram í Borgarleikhúsinu 29. október, en leiðin liggur til Akureyrar 6. nóvember næstkomandi. Miðasala á tónleikana gekk afar vel, og varð uppselt á þá báða nú um helgina. Því hefur tvennum tónleikum verið bætt við listann. Upphaflegu tónleikarnir hefjast klukkan 20 í báðum tilvikum, en aukatónleikarnir klukkan 22.

Á tónleikunum munu hljómsveitarmeðlimir leika þekktustu lög Nýdanskrar, í bland við eigin uppáhaldslög. Á næstunni mun sveitin svo senda frá sér alla diska hljómsveitarinnar í einum kassa, auk safndisks með tveimur nýjum lögum í tilefni tímamótanna.

Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is, í miðasölu Borgarleikhússins og miðasölu Leikfélags Akureyrar, eða á heimasíðum leikhúsanna.



**FAGNA AFMÆLI** Björn Jörundur og aðrir liðsmenn Nýdanskrar fagna afmæli sveitarinnar með tónleikum í Reykjavík og á Akureyri.

# Safaríkar tónlistarsögur

**Heimildarmyndir um hljómsveitir eða tónlistarmenn hafa sjaldan eða aldrei verið vinsælli. Myndir um The Rolling Stones, Tom Petty og George Harrison eru allar á leiðinni á hvíta tjaldið, svo ekki sé minnst á gott gengi Heima með Sigur Rós.**



**THE ROLLING STONES** Mynd um feril The Rolling Stones er væntanleg á hvíta tjaldið. NORDICPHOTOS/AFP

Þó svo að Heima fjalli ekki um feril Sigur Rósar er hún vissulega góð og gild heimildarmynd, enda er umfjöllunarefnið tónleikaferð sveitarinnar um Ísland síðasta sumar. Þar voru áhorfendur teknir með í ferðalag um landið umvafnir undurfögrum og náttúruvænum tónum sveitarinnar í magnaðri mynd.

## Kafað ofan í söguna

Í gegnum tíðina hefur lítið farið fyrir heimildarmyndum þar sem kafað er ofan í sögu flytjendanna, en á næstunni verður gerð bragarbót á því. Martin Scorsese er að ljúka við heimildarmynd sína Shine a Light, sem fjallar um The Rolling Stones, auk þess sem hann undirbýr mynd um Bítilinn sáluga George Harrison. Scorsese er ekki ókunnur heimildarmyndum sem þessum því hann sendi á áttunda áratugnum frá sér The Last Waltz, sem fjallaði á skemmtilegan hátt um síðustu tónleika hljómsveitarinnar The Band, auk þess sem hann gerði hina vel heppnuðu No Direction Home um Bob Dylan, sem var sýnd í Ríkissjónvarpinu ekki alls fyrir löngu. Sérlega gaman verður að skyggnast á bak við tjöldin hjá Rollingunum, enda eru þeir frægir fyrir sitt sukk og svínarí í gegnum tíðina þótt þeir hafi nú róast mjög á efri árum.

## Tenging við samfélagið

Leikstjórinn Peter Bogdanovich, sem átti sína dýrðardaga á áttunda áratugnum með myndum á borð við The Last Picture Show og Paper Moon, frumsýndi nýverið á kvikmyndahátíðinni í New York heimildarmyndina Running Down a Dream um tónlistarmanninn Tom Petty. Bogdanovich gerir sér fyllilega grein fyrir því hversu mikill efniviður getur verið í goðsögnum eins og Petty. „Sagan um Tom Petty er sérlega bandarísk," sagði hann í viðtali við New York Times. „Ég held að með því að fylgjast með popptónlist sé hægt að sjá hvar við sjálf stöndum í okkar samfélagi." Talið er að myndin, sem er tæplega fjögurra tíma löng, eigi eftir að njóta töluverða vinsælda vestanhafs, enda hefur Petty selt um fimmtíu milljónir platna á ferli sínum, langflestar í Bandaríkjunum.



**TOM PETTY** Heimildarmynd um Petty var frumsýnd í New York á dögunum.

## Þjáðar goðsagnir

Hvaðan þessi mikli áhugi á heimildarmyndum sem þessum kemur er erfitt að segja en telja má líklegt að bæði kvikmyndin Ray, sem fjallaði um ævi Ray Charles, og Walk the Line, sem byggði á ævi Johnny Cash, hafi haft töluvert að segja. Nutu þær báðar mikilla vinsælda enda fjölluðu þær báðar um þjáðar tónlistargoðsagnir sem áttu einkar viðburðaríkt æviskeið. Slíkur efniviður er ávallt safaríkur sé rétt unnið með hann og því hafa peningamennirnir áttað sig á. Bera hinar væntanlegu kvikmyndir Control, sem fjallar um stutta ævi Ian Curtis, söngvara Joy Division, og I´m Not There, sem er byggð á ævi Bobs Dylan, líkast til vott um það sem koma skal í kvikmyndaborginni þegar tengsl tónlistar og hvíta tjaldsins eru annars vegar.

freyr@frettabladid.is

# Með Sigur Rós í London

Hljómsveitin Amiina tekur sér pásu frá tónleikaferð sinni um Evrópu til að spila með Sigur Rós á óráfmögnuðum tónleikum í London á morgun, miðvikudaginn 24. október.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af sýningu heimildarmyndar Sigur Rósar, Heima, á kvikmyndahátíðinni Electric Proms. Hingað til hefur Sigur Rós spilað þrjú lög fyrir sýningu myndarinnar en með komu Amiinu verða lögin fleiri en venjulega.

Amiina verður á tónleikaferð um Evrópu næstu tvær vikurnar til að kynna sína nýjustu plötu Kurr sem kom út fyrr á árinu við góðar undirtektir. Á meðal landa sem sveitin heimsækir eru Þýskaland, Danmörk, Bretland, Írland og Ísland, en sveitin spilaði á Airwaves-hátíðinni á laugardag.



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina spilar með Sigur Rós í London 24. október.





Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

# Nýdönsk 20 ára

## AFMÆLISTÓNLEIKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI




### Borgarleikhúsið

Mánudaginn 29. október kl. 20.00 UPPSELT

Aukatónleikar 29. október kl. 22.00 - Laus sæti

### Leikfélag Akureyrar

Þriðjudaginn 6. nóvember kl.20.00 UPPSELT

Aukatónleikar 6. nóvember kl. 22.00 - Laus sæti

Forsala aðgöngumiða í Borgarleikhúsinu og á borgarleikhus.is
- og hjá Leikfélagi Akureyrar og á leikfelag.is

Miðaverð 2900 kr.

RÁS 2 prime UMBOÐSSKRIFSTOFA THULE

PIPAR • SÍA

## > Höskuldur semur við FH

Höskuldur Eiríksson hefur ákveðið að skrifa undir samning við bikarmeistara FH en hann hefur undanfarin ár leikið með Víkingi. Höskuldur hefur síðustu daga verið orðaður við nokkur félög en aðeins FH hefur verið til í að greiða uppsett verð fyrir Höskuld sem er í kringum ein milljón króna samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Lengi vel var talið að Höskuldur væri á leið til uppeldisfélags síns, KR, og ku hann sjálfur hafa haft mikinn áhuga á því að fara aftur „heim“. Áhugi KR var aftur á móti ekki meiri en svo að félagið var ekki til í að greiða áðurnefnda upphæð og því er Höskuldur farinn til FH.



**sport**
sport@frettabladid.is

AUÐUN HELGASON: FÆR EKKI NÝJAN SAMNING HJÁ FH EN MUN VÆNTANLEGA SPILA ÁFRAM Í LANDSBANKADEILDINNI

# *Get ekki neitað því að ég er mjög sár*

Varnarmaðurinn Auðun Helgason mun ekki spila með FH á næstu leiktíð. Samningur hans við félagið er á enda runninn og FH mun ekki bjóða honum nýjan samning. Auðun þarf þrátt fyrir það ekki að örvænta þar sem nokkur félög í Landsbankadeildinni geta vel hugsað sér að nýta krafta hans og svo hefur KA boðið Auðuni að spila og þjálfa liðið.

„Ég verð að segja að ég er nokkuð stoltur yfir því hversu mikinn áhuga nokkur félög hafa sýnt á því að fá mig til starfa. Ég er augljóslega ekki alveg gleymdur og menn hafa enn einhverja trú á mér, sem er gott,“ sagði Auðun en hann ætlar að taka ákvörðun í sínum málum á næstu dögum.



„Það er í raun bara KA sem hefur boðið mér þjálfarastarf. Svo hafa þó nokkuð mörg lið haft samband en ég hef reynt að einbeita mér að 2-3 valkostum. Það er að berjast í mér hvort ég vilji ekki spila áfram í toppliði í úrvalsdeildinni og ég hef enn það mikinn metnað að mér sýnist á öllu að ég muni velja þann möguleika að þessu sinni. Annars er tilboðið fyrir norðan mjög spennandi og krefjandi og kitlar nokkuð,“ sagði Auðun, sem hefur stefnt að því síðustu tvö ár að prófa að fara út í þjálfun.

Þegar Auðun kom heim til FH á sínum tíma áttu flestir von á því að hann myndi klára sinn feril í Hafnarfirðinum. Hlutirnir hafa aftur á móti ekki alveg gengið upp hjá honum eftir heimkomuna, hann hefur bæði verið mikið meiddur og svo hefur leiðin í liðið alls ekki verið greið þar sem Tommy Nielsen og Sverrir Garðarsson hafa leikið vel í miðvarðarstöðunum.

„Það er eitthvað að gerast í Hafnarfirðinum sem veldur mér miklum vonbrigðum. Ég hafði alltaf hugsað mér að enda minn feril í Hafnarfirði enda er ég mikill FH-ingur. Það verður því miður ekki þannig. Ég spjallaði vel og lengi við Pétur, framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar, og því miður er ekki einhugur innan stjórnarinnar um að halda þessu samstarfi áfram. Ég hef þess utan ekkert heyrt í þjálfaranum. Ég hafði áhuga á að vera áfram en FH vill ekki halda mér,“ sagði Auðun en er hann sár út í FH? „Já, ég get ekki neitað því að ég er mjög sár yfir þessu og þykir það leiðinlegt.“



**MEISTARAR** Brann varð meistari í fyrsta skipti í 44 ár í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Norski boltinn:

## Brann meistari

**FÓTBOLTI** Íslendingafélagið Brann frá Björgvin varð í gær norskur meistari í knattspyrnu í fyrsta skipti í 44 ár. Brann varð meistari án þess að að spila því eina liðið sem gat skákað því, Stabæk, tapaði gegn Viking, 2-1.

Þrír Íslendingar eru í liði Brann – Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson. **- hbg**

Enski boltinn:

## Tottenham enn í fallsæti

**FÓTBOLTI Það gengur hvorki né rekur hjá Tottenham Hotspur þessa dagana og liðið er enn í fallsæti eftir 3-1 tap gegn Newcastle í gær.**

**Obafemi Martins, Claudio Cacapa og James Milner skoruðu fyrir Newcastle en Robbie Keane klóraði í bakkann fyrir Spurs.** **- hbg**

Óli Stefán Flóventsson:

## Ekki heyrt frá Grindavík

**FÓTBOLTI** Óli Stefán Flóventsson hugsar sér til hreyfings þessa dagana en hann er að losna undan samningi við Grindavík.

„Ég og fjölskyldan erum orðin nokkuð þreytt á tímanum sem fer í þetta. Nú kemur fótboltahúsið upp í janúar og fyrir vikið mun ferðunum til Grindavíkur fjölga verulega,“ sagði Óli Stefán, sem býr í Grafarvogi. Hann þurfti áður aðeins að koma einu sinni í viku á æfingar suður með sjó yfir vetrartímann en með tilkomu hússins myndi þeim ferðum fjölga í 4-5 sinnum í viku.

„Ég ætla að tala við Grindvíkinga áður en ég tek ákvörðun en ég hef reyndar ekkert heyrt í Grindvíkingum. Ég hef þess utan heyrt í þrem félögum hér á höfuðborgarsvæðinu,“ sagði Óli Stefán en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Fram gangi fast á eftir Óla þessa dagana. **- hbg**

# Þetta er mikil áskorun

**Markakóngur Landsbankadeildarinnar, Jónas Grani Garðarsson, gekk í raðir FH á nýjan leik í gær. Aðeins eru tvö ár síðan FH losaði sig við Jónas Grana og þvingaði hann þess utan til þess að semja við lið utan Landsbankadeildarinnar.**

**FÓTBOLTI** FH gekk frá samningum við tvo sterka leikmenn í gær; varnarmanninn Höskuld Eiríksson frá Víkingi, eins og getið er um ofar á síðunni, og svo við framherjann Jónas Grana Garðarsson sem var markakóngur Landsbankadeildarinnar í sumar.

Aðeins eru tvö ár síðan Húsvíkingurinn fór frá FH þar sem hann fékk afar fá tækifæri með liðinu. Mikið fjaðrafok var í kringum félagaskipti Jónasar enda stóð FH í vegi fyrir því að hann fengi að spila með öðru liði í Landsbankadeildinni. Til að losna frá FH varð Jónas því að semja við lið í 1. deildinni. Úr varð að hann gekk í raðir Fram. Hann minnti FH síðan rækilega á hverju félagið var að missa af er hann skoraði tvö mörk gegn FH í Krikanum.

„Ég er kominn heim. Nýr þjálfari er aðalástæðan fyrir því að ég er kominn í FH og að mér bauðst að koma í FH. Ég óttast ekki að þurfa að sitja á bekknum. Annars hefði ég ekki farið að semja við FH og ég geri ekki ráð fyrir því að Heimir sé að fá mig á sömu forsendum og voru áður. Það er samt enginn áskrifandi að sæti í FH-liðinu,“ sagði Jónas Grani, 34 ára, sem hefur mikla trú á Heimi Guðjónssyni sem þjálfara en hann gerir eins árs samning við FH.

„Það var samt vissulega erfitt að yfirgefa Fram enda átti ég góðan tíma þar og mér gekk vel í bláu treyjunni.“

Eins og áður segir var talsvert fjaðrafok í kringum brotthvarf Jónasar Grana á sínum tíma og sitt sýndist hverjum um aðferðir stjórnar FH í málinu. Sjálfur var Jónas ekki sáttur.



**KOMINN HEIM Í HEIÐARDALINN** Jónas Grani Garðarsson er geysilega ánægður með að vera kominn aftur til FH eftir tveggja ára dvöl í Safamýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Vissulega var ég ekki sáttur enda taldi ég mig hafa skilað mínu til félagsins og eiga betra skilið. Staðreyndin er samt sú að FH er mun stærra og meira en nokkrir einstaklingar sem vildu ekki leyfa mér að fara í úrvalsdeildarlið á sínum tíma,“ sagði Jónas Grani, sem er löngu hættur að velta sér upp úr fortíðinni og hlakkar til næsta sumars.

„Þetta er mikil áskorun fyrir mig og ég vildi taka henni. Óli taldi sig ekki hafa not fyrir mig á sínum tíma og menn geta deilt um þá ákvörðun. Árangur hans talar aftur á móti sínu máli og því ætla ég ekkert að rífast um það. Ég tel mig samt hafa sýnt hjá Fram að ég hef ýmislegt fram að færa í fótbolta. Vonandi sýni ég það áfram næsta sumar.“ **henry@frettabladid.is**



**Á LEIÐ HEIM?** Hjálmar Þórarinsson gæti verið á leið heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hjálmar Þórarinsson:

## Sterklega orðaður við Þrótt

**FÓTBOLTI** Þróttarar ætla sér stóra hluti í Landsbankadeildinni næsta sumar. Þeir hafa þegar fengið Sigmund Kristjánsson frá KR og annar uppalinn Þróttari, Hjálmar Þórarinsson, hefur mikinn áhuga á að gera slíkt hið sama samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hjálmar spilaði með Fram í sumar en hann var þar sem lánsmaður frá skoska félaginu Hearts. Hjálmar er samningsbundinn skoska félaginu fram í maí á næsta ári.

„Framtíðin er óráðin hjá mér en skýrist vonandi á næstu dögum. Það er alveg inni í myndinni að fara til Þróttar en Fram kemur vissulega einnig til greina. Ég er að hugsa málið,“ sagði Hjálmar við Fréttablaðið í gær en bæði hann og félögin bíða eftir svörum frá Hearts varðandi stöðu leikmannsins; hvort það sé til í að leysa Hjálmar undan samningi eða hvort félagið vilji fá greiðslu fyrir hann og þá hve háa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Fram forkaupsrétt á leikmanninum en það eitt og sér verður ekki nóg standi vilji Hjálmars til þess að fara í heimahagana. **- hbg**

Meistaradeildin hefst á nýjan leik í kvöld með átta leikjum:

## Eiður í byrjunarliðinu gegn Rangers?

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Barcelona í kvöld sem mætir Glasgow Rangers í Skotlandi. Vonir standa til að Eiður verði loksins í byrjunarliði Barcelona en hann leysti Deco af hólmi um síðustu helgi en Portúgalinn meiddist og stóð sig vel.

Það verður áhugavert að sjá hvernig Barca gengur gegn Rangers, sem kom mjög á óvart með því að leggja Lyon að velli í síðustu umferð, 3-0, og hefur ekki tapað síðustu átta leikjum sínum í keppninni.

Manchester United mætir Dynamo Kiev í Úkraínu. Nemanja Vidic ætti að koma aftur inn í vörn United eftir meiðsli en Louis Saha er enn fjarri góðu gamni vegna meiðsla. Hjá Kiev eru allir leikmenn heilir nema fyrrverandi framherji Tottenham, Sergei Rebrov. **- hbg**

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| Stuttgart - Lyon | E-riðill |
| Rangers - Barcelona | E |
| Dynamo Kiev - Man. Utd | F |
| Roma - Sporting Lisbon | F |
| CSKA Moskva - Inter | G |
| PSV - Fenerbahce | G |
| Sevilla - Steaua | H |
| Arsenal - Slavia Prag | H |



**EIÐUR SMÁRI** Fær vonandi að reyna sig í Skotlandi gegn Rangers. NORDIC PHOTOS/AFP

Hvað hæfir best með ? vinbud.is
– nýr og glæsilegur vefur
VÍNBÚÐ

BRAVÓ!



# LADDI
## 6-TUGUR

**Eftir Gísla Rúnar og Ladda**

**Sviðssetning: Björn Björnsson  Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser**

## ÞRJÁR NÝJAR SÝNINGAR Í NÓVEMBER TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sunnudagur | 28.10.2007 | 20:00 | (62) UPPSELT |
| Laugardagur | 03.11.2007 | 20:00 | (63) UPPSELT |
| **Mánudagur** | **05.11.2007** | **20:00** | **(64) NÝ AUKASÝNING** |
| **Þriðjudagur** | **06.11.2007** | **20:00** | **(65) NÝ AUKASÝNING** |
| **Miðvikudagur** | **07.11.2007** | **20:00** | **(66) NÝ AUKASÝNING** |
| Laugardagur | 10.11.2007 | 20:00 | (67) UPPSELT |
| Sunnudagur | 11.11.2007 | 20:00 | (68) UPPSELT |
| Föstudagur | 16.11.2007 | 20:00 | (69) UPPSELT |
| Laugardagur | 24.11.2007 | 20:00 | (70) UPPSELT |
| Sunnudagur | 25.11.2007 | 20:00 | (71) UPPSELT |

**SÉRSTAKIR GESTIR**
Steinn Ármann
Halli
Eggert Þorleifs

★★★★

**„Dauður maður getur hlegið!“**
- Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

**„Laddi er þjóðargersemi...frábær...meistari!“**
- Þorgeir Tryggvason, Morgunblaðið

**Uppselt á allar sýningar frá frumsýningu í febrúar!**

**Miðasala hjá Borgarleikhúsinu og á Miði.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ

**Nánari upplýsingar á:**
BRAVO.IS

MAARUD

## > Julia Roberts

Julia Fiona Roberts ímyndaði sér aldrei að hún ætti eftir að verða vinsælasta leikkona Bandaríkjanna. Hún elskaði dýr í barnæsku og ætlaði sér að verða dýralæknir. Hún fór þó í fjölmiðlanám í háskóla og það var ekki fyrr en bróðir hennar, Eric Roberts, öðlaðist frægð í Hollywood að hún ákvað að reyna fyrir sér á leiklistarbrautinni. Julia leikur í Steel Magnolias á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR HORFIR HVORKI Á ÍÞRÓTTIR NÉ MARKAÐINN

## *Fréttatímar fyrir karlmenn*

Ég held stundum að fréttatímar séu sérstaklega hannaðir fyrir karlkyns áhorfendur. Að sjálfsögðu eru einhverjar konur með svipuð áhugamál og karlar en upp til hópa eru konur hvorki æstar yfir fótbolta né fréttum af milljarðaviðskiptum. Í rauninni held ég að þessar „markaðs"-fréttir höfði ekki einu sinni til karlmanna heldur einungis örlítils hóps í samfélaginu. Flest okkar skilja nefnilega hvorki upp né niður í þessum tölum sem hlaupa á milljörðum á milljarða ofan og fyrirtæki sem öll virðast enda á Group.
Að sama skapi pirrar heilagleiki íþrótta mig. Allt annað skal víkja ef eitthvert karlaliðið eygir von á einhverjum titlinum. Ég veit ekki hvort það er misskilningur en mér finnst íþróttir hafa fengið aukið pláss í fréttatímum beggja stöðva og með íþróttum á ég við knattspyrnu. Ég sæi þáttinn „Óléttuhornið" eða „Ungbarnið" í anda í fréttatímunum. Markhópurinn sem tengist börnum er stærri en flestir aðrir markhópar en líklega þykja svo kvenleg málefni ekki nógu svöl til að eiga heima í fréttum. Í besta lagi lenda þessar fréttir innan um fréttir af hvolpum og öðrum afkvæmum, aftast í fréttatíma Sjónvarpsins, og kallast þá „góðar fréttir". Fréttir sem tengjast meðgöngu eða ungbörnum eru hins vegar ekki alltaf jákvæðar og „góðar".
Ég vil fá hina hliðina líka og af nógu er að taka í rannsóknum á þessu málefni. Eins notalegt og það er að geta brosað út í annað yfir fallegu hvolpunum vil ég líka fá harðar staðreyndir um hættur, tölfræði og annað áhugavert sem kemur okkur öllum við. Ekki verra ef það væri á kostnað íþróttanna.



**MÓÐURHLUTVERKIÐ** Líklega þykja fréttir sem koma konum við á meðgöngu ekki nægilega merkilegar til að rata í fréttatímana.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** North Country STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Extreme Makeover: Home Edition STÖÐ 2



▶ **21.05** Söngvaskáld SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Heartland SKJÁREINN



▶ **22.00** Side Order of Life SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (32:52)
**17.50 Sögurnar okkar** (10:13)
**18.00 Geirharður bojng bojng (19:26)**
**18.25 Nægtaborð Nigellu** (6:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Mæðgurnar** (13:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
▶**21.05 Söngvaskáld** Ólöf Arnalds flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Ólöf er ung og bráðefnileg tónlistarkona sem gaf út sína fyrstu plötu, Við og við, í fyrravetur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ríki í ríkinu** (1:7) (The State Within) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.
**23.20 Glæpurinn** (2:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. e.
**00.15 Soprano-fjölskyldan**
**01.05 Kastljós**
**01.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 North Country**
**08.05 Steel Magnolias**
**10.00 Men With Brooms**
**12.00 Little Black Book**
**14.00 Steel Magnolias**
**16.00 Men With Brooms**
**18.00 Little Black Book**
▶**20.00 North Country** Charlize Theron er hér í hlutverki námuverkakonunnar Josie James sem olli straumhvörfum í Bandaríkjunum.
**22.05 Dream Lover** (e)
**00.00 The Deal**
**02.00 La Vie Nouvelle** (A New Life)
**04.00 Dream Lover** (e)

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (47.120)
**10.15 Wife Swap** (10.12) (e)
**11.00 Freddie** (6.22)
**11.25 Ástarfleyið** (3.11)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (17.18)
**13.55 America´s Got Talent** (4.15)
**15.20 America´s Got Talent** (5.15)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (20.22)
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 Simpsons** (5.21)
**19.50 Friends** (7.24) Ross og Joey berjast um Rachel sem vill finna sér sína eigin íbúð. Phoebe er himinlifandi þegar fyrrverandi kærasti Ursulu tvíburasystur hennar velur hana fram yfir hana. Það er enginn annar en Sean Penn sem leikur gestahlutverk í þættinum.
▶**20.15 Extreme Makeover: Home Edition** (20.32) Rainford-fjölskyldan lifir í skugga krabbameins fjölskylduföðurins sem á ekki langt eftir. Hans hinsta ósk er að fjölskylda hans fái fallegt hús áður en hann deyr. 2006.
**21.35 Kompás**
**22.10 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.
**23.15 NCIS** (9.24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliða. (9.24) Einn úr sveitinni stefnir starfi sínu í voða þegar hann reynir að leysa líkamsárásarmál á eigin spýtur. 2006.
**00.00 Big Love** (8.12)
**01.00 Ghost Whisperer** (34.44)
**01.45 The Brooke Ellison Story**
**03.15 The Five Senses**
**04.55 Medium** (7.22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**15.20 David Beckham - Soccer USA** (13.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast samherjum Beckhams.
**15.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.
**16.20 Meistaradeild Evrópu 07/08** (CSKA Moskva - Inter) Útsending frá leik Valencia og Chelsea í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra klukkan 18.30
**18.20 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu 07/08** (Dynamo Kyiv - Man. Utd.)
**20.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.20 Meistaradeild Evrópu 07/08** (Arsenal - Slavia Prag)
**23.10 Meistaradeild Evrópu 07/08** (Rangers - Barcelona) Útsending frá leik Valencia og Chelsea í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.
**01.00 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SÝN 2

**07.00 Newcastle - Tottenham**
**16.20 Newcastle - Tottenham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** (Coca Cola mörkin 2007-2008) Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Everton - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
**20.40 Aston Villa - Man. Utd** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
**22.20 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Arsenal - Bolton**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Family Guy** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**20.00 According to Jim** (6.18)
**20.30 Allt í drasli** (5.13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Að þessu sinni heimsækja þær 42 ára hestakonu sem vill frekar eyða frítíma sínum í að ríða út á hestunum sínum en að þrífa á heimilinu.
**21.00 Innlit / útlit** (5.13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við. Að þessu sinni er m.a. kíkt á glæsilegan heilsuveitingastað í Reykjavík, lítið hótel undir Eyjafjöllum, nýjan banka í gömlu húsi á Akureyri auk þess sem gerð er breyting á heimili ungra hjóna, hresst upp á herbergi hjá lítilli prinsessu og flikkað upp á píanókoll.
▶**22.00 Heartland** (8.9) Dramatísk læknasería með Treat Williams í aðalhlutverki. Heilsu dr. Jacobs hrakar en hann vill ekki þyggja hjálp. Dr. Grant fer með fyrrum eiginkonu sinni til Cincinnati og Jonas stýrir spítalanum á meðan. Fyrsta verk hans er að framkvæma flókna aðgerð sem dr. Grant hafði hafnað.
**22.50 Venni Páer**
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 C.S.I. New York** (e)
**00.30 How to Look Good Naked** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

**Extreme Makeover: Home Edition**

Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. Í þættinum í kvöld heimsækir hann Rainford-fjölskylduna sem lifir í skugga krabbameins fjölskylduföðurins sem á ekki langt eftir. Hans hinsta ósk er að fjölskylda hans fái fallegt hús áður en hann deyr.



## RÍKI Í RÍKINU

**Sjónvarpið kl. 22.25**

Bresk/bandarískur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Sagan hefst á því að flugvél springur í flugtaki í Washington. Borgarbúar eru í losti vegna atburðarins en seinna um daginn er krísa í breska sendiráðinu. Í bresku utanríkisþjónustunni þykir mestur vegsauki að því að vera sendiherra í Washington. Mark Brydon gegnir stöðunni þegar ósköpin dynja yfir og erfiðleikarnir sem hann lendir í reyna meira en lítið á hæfileika hans.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (41.260)
**19.30 Hollyoaks** (42.260)
**20.00 The George Lopez Show** (13.22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
**20.30 Jake 2.0** (15.16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
**21.15 Windfall** (6.13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.
**22.00 Side Order of Life** (2.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey´s Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. 2007.
**22.40 Saving Grace** (7.13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni. Bönnuð börnum.
**23.25 Janice Dickinson Modelling Agency**
**00.10 E-Ring** (12.22)
**00.55 Ren & Stimpy**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **15.55** One Foot in the Grave **16.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Silent Witness **19.00** Broken News **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **20.30** Nighty Night **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** Broken News **23.00** The Mighty Boosh **23.30** One Foot in the Grave **0.00** Some Mothers Do 'Ave 'Em

## DR 1

**11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.50** Harry - med far i køkkenet **12.20** Familien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM - Singsstars of the Internet **14.30** Den lyserøde Panter **14.35** Tintin **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Politiskolen **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig VI **21.40** Forbrydelsen **4.30** Gurli Gris

## NRK 1

**12.00** Skjergardsdokteren **13.00** Hemmelig agent på moped **13.25** Ghost Trackers **13.45** Grusomme grøss **14.00** Gatefotball **14.30** Erstatterne **14.55** Minikryp **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang: Fastfood til sjøs **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dyrlege Due **16.10** Småspøkelsene **16.20** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Drømmerollen **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **21.55** Filmplaneten **22.25** Why Democracy?: Taxi til skyggesiden **23.15** Kulturnytt **23.25** Autofil jukeboks

## SVT 1

**11.55** Matiné: Moa **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Türkisch für Anfänger **15.25** Baby-Tiere **15.30** Krokomax **16.00** BoliBompa **16.10** Småkryp **16.20** Lauras stjärna **16.30** Seaside hotell **16.45** Rekordbyrån **17.00** Bobster **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Skild! **20.00** Dr. T. och kvinnorna **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Örnen **23.15** Mia och Klara **23.45** Sändningar från SVT24


Nicotinell®

NÝJAR PAKKNINGAR
BETRA VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA Á AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!




NICOTINELL MINTUR

Nicotinell munnsogstöflur með mintu er tilvalin leið til að fá nikótín svo lítið beri á þegar hætt er að reykja.

KOSTIR NICOTINELL MINTUNAR

- eru fyrirferðalítil nikótínuppbót
- eru með frískandi mintubragði
- eru hentugar og auðveldar í notkun
- eru í mismunandi skömmtum til að mæta þínum þörfum
- eru sykurlausar og hlífa því tönnunum
- innihalda fáar kaloríu

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Af svona mat til að grípa með sér standa Bæjarins bestu og Grænn kostur alltaf fyrir sínu, eins ólíkt og það nú er. En ef ég ætti allan pening í heiminum myndi ég fara á Sjávarkjallarann og fá mér seðilinn sem kokkurinn velur.“*

Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona.

# Hvert orð satt í Breiðavíkurbók

„Ég er kominn með eintök og það er óneitanlega dálítið sérstakt að sjá nafn sitt í fyrsta skipti á bókatitli,“ segir Bárður Ragnar Jónsson en í dag kemur út bókin Breiðavíkurdrengur: Brotasaga Páls Elísonar. Eins og nafnið gefur til kynna eru þetta minningar Páls frá tíma hans á Breiðavík og einskorðast hún nánast eingöngu við dvölina á betrunarheimilinu sem stóð yfir í rúm þrjú ár.

„Hún hefst í flugvél þegar Páll er á leiðinni og henni lýkur í flugvél þegar Páll er að koma heim,“ segir Bárður, sem vill þó ekki kalla sig höfund bókarinnar heldur sé hann miklu meira skrásetjari. „Páll var búinn að skrifa megnið af þessu en við ákváðum í samstarfi við forlagið að ég myndi raða brotunum niður,“ útskýrir Bárður, sem var sjálfur á Breiðavík á sama tíma og Páll dvaldist þar og kemur eilítið við sögu í bókinni. „Menn muna ævi sína á mismunandi hátt og og ég hugsa að ef ég hefði farið í að skrá æviminningar mínar þá væru þær öðruvísi,“ segir Bárður. „En það er hvert orð satt, eins og Páll segir sjálfur.“

Varla hefur það farið framhjá neinum að heimildarmyndin um Breiðavík, Syndir feðranna, var frumsýnd í síðustu viku og Bárður var viðstaddur forsýninguna. Hann segir að það hafi verið erfitt að horfa á myndina en hann sé ákaflega sáttur við hvernig leikstjórunum Ara Alexander og Bergsteini Björgúlfssyni tókst til. „Ég byrjaði að tala við þá í kringum árið 2004 þannig að þetta var ákveðinn hátindur,“ segir Bárður en bætir því síðan við að það hafi reynt ansi mikið á hann þegar málið komst í hámæli og allir vildu fá að ræða um þetta. „Þeir sem þarna voru höfðu ekki haft neinn sérstakan áhuga á því áður,“ segir Bárður.

- fgg



**ERFIÐUR TÍMI** Bárður Ragnar Jónsson segir að tímarnir eftir að Breiðavíkurmálið komst í hámæli hafi reynt mikið á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
**2.** hirsla **6.** frá **8.** fugl **9.** ætt **11.** skóli **12.** gnæfa yfir **14.** umstang **16.** bardagi **17.** spendýr **18.** niður **20.** borðaði **21.** nabbi.

LÓÐRÉTT
**1.** varsla **3.** belti **4.** handarlínulist **5.** starfsgrein **7.** einn **10.** net **13.** nudda **15.** eignarfornafn **16.** flana **19.** tveir eins.

LAUSN

**LÁRÉTT: 2.** hólf, **6.** af, **8.** lóa, **9.** kyn, **11.** fg, **12.** tróna, **14.** stúss, **16.** at, **17.** api, **18.** suð, **20.** át, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** vakt, **3.** öl, **4.** lófaspá, **5.** fag, **7.** fyrstur, **10.** nót, **13.** núa, **15.** sitt, **16.** asa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Þeir eru álftir.
2 Í Naíróbí í Kenýa.
3 Finninn Kimi Räikkönen.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SIGURÐUR Í GULLI & SILFRI: DEMANTSHRINGUR HANDA KORNABARNI

# Stærri og flottari demantar um þessi jól en oft áður

Íslendingar ætla að gefa stærri og flottari demantshringa en áður fyrir þessi jól. Íslenska þjóðin virðist gripin demantsæði og ekki er lengur óalgengt að gefa demantshring í morgungjöf á tyllidögum eða jafnvel bara sem tækifærisgjöf. Demantar eru enda ágætis fjárfesting.

„Við gullsmiðir höfum puttann á púlsinum og erum þeir fyrstu sem finna fyrir því ef það harðnar á dalnum og svo öfugt,“ segir Sigurður Steinþórsson hjá Gulli & silfri á Laugaveginum. Hann hyggst panta meira af demöntum fyrir þessi jól en oft áður enda sé mjög mikil sala á þessu eftirsóknarverða djásni um þessar mundir og steinarnir sem fólk vill fá í hringana sína stækka og stækka. Sigurður segist jafnframt nýlega hafa fengið fyrirspurnir og jafnvel pöntun um að smíða demantshring handa nýfæddum kornabörnum þannig að það eru ekki bara konurnar sem skreyta sig með gimsteininum.

Helga Jónsdóttir í Gullkúnst tekur undir orð Sigurðar og hún telur sig þurfa að vera betur undirbúna fyrir þessi jól. „Ég býst því að það verði meiri demantssala fyrir þessi jól en oft áður,“ segir Helga, sem nýlega fékk pöntun upp á hálfrar milljónar króna giftingarhring. „Þetta er alls ekki algengt en vissulega hefur komið fyrir að ég hafi ekki átt nægilega stóra demanta og ég finn fyrir því að fólk vill stærri og stærri demanta,“ útskýrir Helga og bætir því við að þjóðin virðist jafnframt hafa miklu meira vit á þeim demöntum sem hún vilji. „Fólk virðist vera aðeins meira upplýst,“ segir Helga.

Jón Sigurjónsson hjá Jóni & Óskari hefur verið að í demantsbransanum í þrjátíu ár og segir að þótt hann finni kannski ekki fyrir því að meira seljist af demöntum þá finni hann mikið fyrir því að fólk vilji meiri íburð en áður. „Fólk vill hafa hringana stærri og glæsilegri,“ segir Jón og sannast þar kannski hið fornkveðna sem Lorelei Lee færði í söng að demanturinn væri besti vinur konunnar.

freyrgigja@frettabladid.is



**MEIRA AF DEMÖNTUM** Sigurður Steinþórsson í Gulli og silfri ætlar að panta meira af demöntum fyrir þessi jól en oft áður.



**DÝRIR HRINGAR** Helga Jónsdóttir fékk nýverið pöntun upp á hálfrar milljónar króna giftingarhring.



**ÍBURÐARMEIRI** Demantshringarnir eru orðnir stærri og glæsilegri.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Meðlimir í Bjartmarsklúbbnum svokallaða hittust um liðna helgi. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er klúbburinn eins konar aðdáendaklúbbur **Bjartmars Guðlaugssonar** tónlistarmanns. Meðlimir klúbbsins hafa margoft hist og gert sér glaðan dag en það var ekki fyrr en nú að Bjartmar sjálfur gat séð sér fært að mæta. Því var það svo að um helgina sátu **Helgi Seljan** sjónvarpsmaður, **Andri Freyr Viðarsson** útvarpsmaður, **Gústi Pink** og fleiri við fótskör meistara Bjartmars og hlýddu á ófáar sögur frá ferlinum. Þótti heimsókn Bjartmars svo vel heppnuð að gagnkvæmur vilji er til þess að hann heimsæki meðlimi klúbbsins reglulega þegar hann er í bænum hér eftir.



Iceland Airwaves-tónlistarhátíðin er þegar farin að bera árangur fyrir íslenska listamenn. Þannig hafa bæði hljómsveitin Bloodgroup og **Védís Hervör Árnadóttir** gert samning við AWAL, Artists Without a Label, um dreifingu á plötum sínum. Plata Védísar heitir A Beautiful Life – Recovery Project og er þegar fáanleg á Tónlist.is en er væntanleg í plötubúðir eftir um tvær vikur. Fyrsta skref kynningar AWAL á Védísi er að plata hennar verður fáanleg á iTunes um allan heim 4. desember næstkomandi.

**Nanna Rögnvaldardóttir**, betur þekkt sem matargúrú Íslands, hélt matarboð um helgina. Sem er kannski ekki í frásögur færandi nema að eflaust er það ekki á allra færi að reiða fram ellefu rétta máltíð. Flestir sem halda matarboð fyrir gamla samstarfsfélaga eða vini og kunningja eiga eflaust í mestu vandræðum með að elda þríréttað en ekki Nanna, sem bauð meðal annars upp á andabringur með sætkartöflustöppu, pönnusteiktan steinbít og grafið kindafillet.



- hdm/fgg

LAGERÚTSALA
FAXAFENI 14
(BEINT Á MÓTI 66° NORÐUR Í FAXAFENI 12)
ÚTILJÓS • LJÓSAKRÓNUR • BORÐLAMPAR
STANDLAMPAR • HALOGENLJÓS • VEGGLJÓS
GARDÍNUEFNI • RÚMTEPPI • BÚTASAUMSEFNI
MIKIÐ ÚRVAL AF VEFNAÐARVÖRUM
OPIÐ: MÁN-FÖS 15:00-18:00, LAU 10:00-14:00
LJÓSBÆR
brautir & gluggatjöld hf

# Toggi bókaður fram að jólum

„Ég er bara með nokkuð stífa dagskrá fram að jólum,“ segir Þorgrímur Þráinsson en óhætt er að segja að mikil spenna ríki fyrir bókinni hans, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama: Skemmtilegra kynlíf, fallegri samskipti, meira sjálfsöryggi. Fjölmörg félagasamtök hafa haft samband við Þorgrím síðan Fréttablaðið birti frétt um að hann væri að skrifa umrædda bók og hafa beðið rithöfundinn um að lesa upp úr bókinni og miðla af reynslu sinni.

Þorgrímur var staddur á Akureyri þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þar var hann að fara að lesa upp á kvennakvöldi fyrir norðankonur. „Þetta hafa verið ýmsir hópar; foreldrafélög og rótaryhópar og allt þar á milli. Og það hefur yfirleitt verið mikil stemning, gleði og fjör.“

Þorgrímur segir að þessi athygli sem bókin og hann hafi fengið hafi komið honum skemmtilega á óvart. Og þó. „Þetta sýnir bara svart á hvítu hversu mikil þörf var fyrir opna umræðu um samskipti kynjanna,“ segir rithöfundurinn og bætir því við að kynbræður hans hafi ekki verið alveg jafn opnir fyrir upplestrinum og konurnar. „Nei, þeir virðast vera eitthvað aðeins viðkvæmari og maður þarf að fara aðeins aðrar leiðir að þeim,“ segir Þorgrímur, sem fær fyrsta eintakið af bókinni í hendurnar um miðja næsta viku.

- fgg



**MIKIL EFTIRSPURN** Þorgrímur Þráinsson hefur verið á fleygiferð um landið og lesið upp úr væntanlegri bók sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




# Afmælistónleikar í Íslensku óperunni 8. nóvember kl: 20

Hljómsveitina skipa Hreimur Örn Heimisson, Birgir Nielsen, Jón Guðfinnsson og Gunnar Eggertsson

Sérstakir gestasöngvarar verða Andrea Gylfadóttir, Magni Þór Ásgeirsson, Bergsveinn Arilíusson og félagar úr Gospelkór Reykjavíkur.
Gestahljóðfæraleikararnir Njáll Þórðarson, Andri Guðmundsson, Vignir Snær Vigfússon og Jóhann Hjörleifsson koma fram.
Auk þess verður blásturssveit Samúels J. Samúelssonar á meðal gesta.

**Miðasala á netinu á opera.is og midi.is Einnig er hægt að nálgast miða í Íslensku óperunni virka daga frá 14-18 símasala opin frá 10. Lokað á mánudögum. Sími miðasölu er 511-4200.**

## Miðasala hafin!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**vísir.is**
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Í eilífðinni*

Líklega er það flughræðslan sem fær mig til að hugsa um guð og dauðann á ferðalögum. Eftir flugtak gríp ég iðulega Moggann, fletti upp í minningargreinum og velti fyrir mér hvernig slík grein yrði væri hún skrifuð um andlát mitt.

**MINNINGARGREINAR** eru vettvangur þar sem allir virðast treysta sér til að viðra tilfinningar og persónulega hagi. Því eru þær hlýjar, tilfinningaþrungnar og stundum vandræðalegar. Við vitum að okkar tími mun koma og viljum að okkar verði minnst með tilhlýðilegum hætti. Þannig verður kjaftaglöð og hnýsin manneskja með eindæmum skrafhreifin og áhugasöm um samferðamenn sína.

**SENDIBRÉFASTÍLL** er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hverjum vöknar ekki um augu við orð á borð við: „Nú ertu dáin elsku amma mín. Þú varst alltaf svo góð og þó að ég hafi lítið hitt þig í seinni tíð gleymi ég aldrei bragðgóðu pönnukökunum sem þú töfraðir fram á svipstundu.“ Þetta finnst mér fögur kvenlýsing og er viss um að ömmur gleðjast við slíkan lestur á himnum.

**STÓRMENNASTÍLL** er rótgrónara form, um merka menn, styrk þeirra, karlmennsku og ráðvendni. Einatt kemur ritari því á framfæri að stórmennið hafi haft mikið álit á honum: „Fallinn er frá mikill höfðingi. Sjónarsviptir er þegar slíkur maður yfirgefur leiksvið lífsins,“ segir skrifari í byrjun og svo eitthvað á þessa leið: „Ég var ekki hár í loftinu þegar hann áttaði sig á því að hugur minn stóð til reksturs fyrirtækja. Réð hann mér heilt sem alla tíð hefur nýst mér vel.“

**HETJUSTÍLL** var oft notaður um karla fyrir nokkrum áratugum og dregin upp líkindi með og görpum fortíðar. Eitt sinn varð ég svo ringluð að ég þurfti að líta aftur efst í greinina til að fullvissa mig um að Þórður nokkur væri nýlátinn en ekki Gunnar Hámundarson.

**ÉG** sé mig í anda í eilífðinni þar sem ég sit með koffínlaust kaffi, nikótínlausa sígarettu og Mogga sem engin tré dóu fyrir, og brosi góðlátlega yfir sendibréfunum sem mér hafa borist á síðum hans. „Rétt er það, vinir af holdi og blóði, ég var fögur, listfeng og dyggðug, skil vel að þið saknið mín,“ mun ég segja angurværum rómi og því næst snúa mér að Hallgerði Höskuldsdóttur, formóður minni, og ræða um laglega karlmenn.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 23. október, 296. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.41 | 13.12 | 17.42 |
| Akureyri | 8.32 | 12.57 | 17.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




**Þægindi í sérflokki og einstakir akstурseiginleikar**

Hvert einasta smáatriði í Touareg er úthugsað af natni og glæsileikinn er hafður í fyrirrúmi. Að innan hefur hann allt sem prýðir fólksbíl í lúxusflokki en býr jafnframt yfir afli og drifbúnaði kraftmikils jeppa sem skilar þér og þínum örugglega á hvaða áfangastað sem vera skal.

Touareg er fáanlegur ríkulega búinn, allt eftir óskum hvers og eins. Þrjár öflugar dísilvélar eru í boði, 174 til 313 hestöfl, 6 þrepa Tiptronic sjálfskipting, 4XMOTION sídrif og rafstýrð mismunadrifslæsing, loftpúðafjöðrun með skynvirkum stillingum, einstök grindarhönnun og víðtækur öryggisbúnaður svo fátt eitt sé nefnt.

**Komdu og reynsluaktu Touareg, við tökum vel á móti þér.**

**Verð frá 5.990.000 kr.**

Volkswagen Touareg er grænn bíll

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1830

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA